# FRÉTTABLAÐIÐ

261. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 7. NÓVEMBER 2015




# Hatursglæpir á Íslandi

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setur mannskap í að verjast hatursglæpum. Eiríkur Bergmann segir kynþáttahyggju hafa aukist að undanförnu.** →34

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Allir þurfa tækifæri** →44



**Mamma íslenskrar myndlistar** →40



**Gerir upp við foreldrana** →46

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




**Í dag** er útlit fyrir suðvestanstrekkingsvind með rigningu eða jafn vel slyddu öðru hvoru, en skúrum fyrir austan. Hiti 2 til 7 stig.

SJÁ SÍÐU 62



**Börn í kirkju.** NORDICPHOTOS/AFP

# Áhersla á trú í uppeldi ýtir undir kaldlyndi

**VÍSINDI** Trúaruppeldi gerir börn kaldlyndari og refsiglaðari en uppeldi á heimilum trúlausra. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar, sem birtar hafa verið í vísindatímaritinu Current Biology.

Vísindamenn úr sjö háskólum gerðu þessa rannsókn á nærri 1.200 börnum víðs vegar um heiminn. Nærri fjórðungur barnanna var úr kristnum fjölskyldum, 43 prósent úr fjölskyldum múslima og rúmlega þriðjungur úr fjölskyldum kristinna.

„Niðurstöður okkar,“ segir í greininni, „ganga þvert á þá almennu og viðteknu hugmynd að börn frá heimilum trúaðra séu meiri mannvinir og sýni öðrum góðvild.“

Enn fremur ganga niðurstöðurnar þvert gegn þeirri hugmynd að trú sé nauðsynleg fyrir þróun siðferðiskenndar: „Þetta styður þá hugmynd að undanhald trúarinnar í siðferðilegri umræðu dragi ekki úr manngæsku – satt að segja hefur það þveröfug áhrif.“

Þá sýna niðurstöðurnar að trúhneigð ýti undir refsigleði barna. Enn fremur virðast börn, sem koma frá heimilum trúaðra, vera dómharðari gagnvart öðrum.

Frá þessu er skýrt á vefsíðu breska dagblaðsins The Guardian. Þar er bent á að meirihluti íbúa jarðarinnar standi í þeirri trú, að trú á guð sé nauðsynleg fyrir siðferðið. **– gb**

## Vara við virkjunum



„Ef við myndum virkja hverja einustu á á Íslandi gætum við mögulega framleitt tíu prósent af því rafmagni sem Bretar nota,“ sagði Andri Snær Magnason á blaðamannafundi sem hann og Björk Guðmundsdóttir boðuðu til í gær til að vara við virkjanaáformum stjórnvalda. „Ríkisstjórnin sem hefur aðeins verið við völd í tvö ár hefur þegar planað að virkja 80 svæði á Íslandi. Talan er sem betur fer komin niður í 54 svæði nú,“ sagði Björk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mega ekki reisa byggingarkrana

**SKIPULAGSMÁL** Samgöngustofa hefur hafnað beiðni Þ.G. verktaka um að koma upp tveimur byggingarkrönum á Hlíðarendasvæðinu í Reykjavík.

Samgöngustofa metur það sem svo að kranarnir kæmu til með að slaga upp í aðflugsflöt minnstu flugbrautar Reykjavíkurflugvallar.

Til stendur að reisa 600 íbúðir á svæðinu og stærsta hótel landsins.

Valsmenn hf., eigandi byggingarlóðarinnar, hefur vísað á samkomulag sem Hanna Birna Kristjánsdóttir þáverandi innanríkisráðherra og Jón Gnarr borgarstjóri undirrituðu um að loka ætti norðaustur-suðvestur flugbrautinni síðla árs 2013. En síðan þá hefur ekkert gerst af hálfu innanríkisráðuneytisins.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, vildi í gærkvöldi ekki tjá sig um málið fyrr en hann væri búinn að kynna sér það betur. **– srs, hmp**

# Ráðlagt á kirkjuþingi að sýna ekki sértekjur

**Í umræðum um fjármál þjóðkirkjunnar á kirkjuþingi lögðu tveir prestar til að aflað yrði meiri sértekna. Formaður fjárhagsnefndar þingsins varaði við því þar sem það myndi leiða til skerts framlags úr ríkissjóði vegna fjárlagaumhverfis.**

**TRÚFÉLÖG** Tillögum tveggja presta á kirkjuþingi í október um að þjóðkirkjan aflaði sér meiri eigin tekna var fálega tekið af formanni fjárhagsnefndar kirkjuþingsins sem taldi að þá myndi framlag úr ríkissjóði minnka á móti.

Það var í umræðum um fjármál kirkjunnar sem séra Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítalanum, og séra Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur á Selfossi, vöktu máls á því að þjóðkirkjan hefði möguleika til þess að skapa sjálfri sér tekjur.

„Ég er aðeins með smá hugleiðingar um hvar sú vinna stendur og hvort það sé svona aðeins verið að ræða það hvort kirkjan geti ekki farið í meiri rekstur, aflað tekna. Mér er þetta mjög hugleikið af því, og ég hef haft orð á því áður, að það eru svo ótrúlega mörg tækifæri í gangi sem gætu flokkast undir auknar tekjur fyrir okkur, sem við sköpum sjálf,“ sagði séra Vigfús.

Fyrir sitt leyti sagðist séra Guðbjörg hafa eina tillögu: „Skógrækt er tekjumöguleiki,“ sagði hún.

Séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, sagði þessi mál örugglega til skoðunar. „En á meðan við erum í þessu umhverfi sem við erum í núna, og vonandi losnum út úr, þá þurfum við hins vegar að passa okkur bara á einu: á meðan við erum í fjárlagaumhverfi og erum meðhöndluð eins og hver önnur stofnun þá koma allar svona sértekjur til frádráttar,“ varaði Gísli við og undirstrikaði það frekar:

„Þannig að það þarf að passa það alveg sérstaklega í öllu reikningshaldi að sýna ekki sértekjur því þær eru bara mínusaðar frá fjárveitingunni,“ ráðlagði formaður fjárhagsnefndar þingheimi. Hann benti enn fremur á að í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er reiknað með nærri 230 milljóna króna sértekjum í þeim lið sem merktur er þjóðkirkjunni og Biskupsstofu. Þeim lið í frumvarpinu mótmælti Agnes M. Sigurðardóttir biskup í bréfi til alþingismanna í október.



**Séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, benti þingheimi á að sértekjur gætu komið til frádráttar á ríkisframlagi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Það þarf að passa það alveg sérstaklega í öllu reikningshaldi að sýna ekki sértekjur því þær eru bara mínusaðar frá fjárveitingunni.**
>
> Séra Gísli Jónasson
> formaður kirkjuþings

„Það skal áréttað að þjóðkirkjan mun ekki hafa sértekjur á árinu 2016,“ segir í bréfi biskups. Kirkjan telji að ákvæði samnings sins við ríkið sé skýrt um að sértekjur eigi ekki að lækka skuldbindingar ríkisins gagnvart kirkjunni.

„Þannig að þetta er ekkert alveg svona einfalt,“ sagði séra Gísli. „Að minnsta kosti á meðan við erum í þessu rugli sem við lendum í þegar verið er að blanda þessu í fjárlögin.“

Þar vísaði séra Gísli í mál sem fjárhagsnefnd Kirkjuþings reifaði síðan í nefndaráliti. „Nefndin telur mikilvægt að afgjald ríkisins af kirkjujarðasamkomulaginu verði ekki skráð á fjárlögum sem framlag til þjóðkirkjunnar á fjárlagalið innanríkisráðuneytisins heldur fært í ríkisbókhaldi hjá fjármálaráðuneyti,“ sagði nefndin.

**gar@frettabladid.is**






Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn af Reddot award í sínum flokki árið 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai i20 - Verð frá 2.390.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

reddot award 2015 winner car design

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km* FRÍTT Í BÍLASTÆÐI / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km*. **Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.**
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

**VIKAN** 02.11.2015–08.11.2015

**22,2 MILLJARÐAR** króna var kortavelta erlendra ferðamanna á Íslandi í ágúst.

**150%** er aukningin á sölu jólabjórs á síðustu 10 árum.

**100** hjúkrunarfræðinga gæti Landspítalinn ráðið til vinnu strax í dag – ef þeir væru á lausu.

**93 ÁRA** er elsti jógaiðkandinn á Seltjarnarnesi.

**2 MILLJÓNIR** skuldar Reykjavíkurborg á hvern íbúa.

**83** nýir Volkswagen-fólksbílar voru seldir í október – þrátt fyrir hneykslismál.

## Þrír í fréttum
## Miðlar, hælisleitendur og fangar



**Magnús Harðarson,** forseti Sálarrannsóknarfélags Íslands, sagði svikamiðla falla á skyggnilýsingarprófi. Fréttir af skyggnilýsingafundi Önnu Birtu Lionaraki vöktu athygli en hún stóðst öll próf upp á hundrað, að sögn Magnúsar. Hann gat þess að fólk sem ekki gæti haft samband við handanheim guggnaði á prófi félagsins.



Sýrlensku hjónin **Feryal Aldahash** og **Wael Aliyadah**, sem dvalið hafa á Íslandi í fjóra mánuði ásamt dætrum sínum, leggja nú hart að sér í íslenskunámi. Útlendingastofnun hafnar því að fjalla um umsókn fjölskyldunnar um hæli þar sem hún hafi þegar verið komin með hæli í Grikklandi. Ákvörðunin hefur verið kærð. Í Grikklandi var fjölskyldan á vergangi.



**Páll Winkel** fangelsismálastjóri hefur skorið niður fjórðu hverja krónu frá hruni. Hann á nú að ráðast í enn frekari niðurskurð. Páll segir aðstæður fanga óforsvaranlegar. Sum fangelsin hafi verið á undanþágu frá heilbrigðiseftirliti um áratugaskeið. Dæmi séu um að fólk reyni ýmislegt til að gera sér fangelsisvistina bærilegri.

# Vandi foreldra verður barna

**Til Miðstöðvar foreldra og barna koma foreldrar, sem eiga von á barni og glíma við allt frá vægum geðröskunum yfir í neyslu, til meðferðar. Rannsóknir sýna að með inngripi má bjarga börnum sem annars væru líkleg til að leiðast á braut glæpa eða þurfa þjónustu geðheilbrigðiskerfisins.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við gerðum alvarlegar athugasemdir við geðheilbrigðisstefnuna þegar hún var lögð fram í sumar og lýstum yfir þungum áhyggjum af því að í henni var ekki að finna áætlanir um að tryggja þjónustu við yngsta og viðkvæmasta aldurshópinn frá meðgöngu að tveggja ára aldri þrátt fyrir að að fjöldi rannsókna í taugavísindum bendi til þess að þessi tími hafi gríðarlega mikil áhrif á framtíðarheilbrigði fólks," segir Sæunn Kjartansdóttir hjá Miðstöð foreldra og barna.

Sæunn nefnir að í nýrri áætlun sem Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra kynnti í byrjun vikunnar sé að finna orðalagið að lengi búi að fyrstu gerð og að góður aðbúnaður barna og jákvæð tengsl við aðra séu mikilvægustu atriði þegar horft er á geðheilbrigði þjóðar til lengri tíma. En það séu orðin tóm. Engin tilraun sé gerð til að útfæra úrræði.

„Það er mjög áberandi hér á landi hversu mikil tregða er til að viðurkenna bága stöðu yngstu barnanna sem eiga foreldra sem glíma við tilfinningalegan vanda af einhverju tagi, allt frá kvíða yfir í alvarlegar geðraskanir eða neyslu. Rannsóknir sýna svo að ekki verður um villst að vandi foreldranna verður vandi barnsins.

Vandi foreldra bitnar á andlegri og líkamlegri heilsu barna og velferð þeirra. Afleiðingarnar geta orðið veik sjálfsmynd, lök félagsleg færni, kvíði og andfélagsleg hegðun. Börn með örugg tengsl við foreldra sína eru mun betur í stakk búin til að takast á við mótlæti og velja heilbrigðar leiðir þegar á þau reynir."

Hjá Miðstöð foreldra og barna er foreldrum í vanda hjálpað frá meðgöngu og á fyrsta æviskeiði barnsins. „Markmiðið er að efla tengsl á milli foreldra og barna. Tengslamyndunin hefur mikil áhrif fram á fullorðinsár. Ein helsta ógn við hana er vanlíðan foreldra, ekki síst kvíði og þunglyndi," útskýrir Sæunn.

„Hjálpin felst í að veita foreldrum sem eiga von á barni eða eiga barn á fyrsta ári meðferð. Hún er í formi samtalsmeðferðar og barnið kemur með í viðtölin þegar það er fætt. Við fylgjumst með hvernig barni og foreldrum líður, tölum við barnið ekki síður en foreldrana, og leitumst við að skilja eðli vandans."

Sæunn segir árangur góðan og oft þurfi ekki mikið til, stundum örfá viðtöl til að koma foreldrum og barni á réttan kjöl. „Mjög áreiðanlegar rannsóknir sýna fram á að börn með örugg tengsl eiga betra með að setja sig í spor annarra, vegna þess að foreldrar hafa gert slíkt hið sama við þau. Þau koma þar af leiðandi síður illa fram við aðra sem er hluti af andfélagslegri hegðun."

Sæunn segir stjórnvöld ekki mjög áhugasöm um árangurinn og mikilvægi þjónustunnar. „Við vitum ekki hvort við lifum eftir áramót. Á hverju ári þurfum við að eyða dýrmætum tíma sem annars færi í meðferðarvinnu í að berjast fyrir starfseminni. Við erum sífellt að sanna tilverurétt okkar, eins og þetta sé prívat áhugamál okkar en ekki nauðsynlegur liður í heilbrigðisþjónustu. Við myndum vilja taka við miklu fleiri fjölskyldum en okkur er mjög þröngur stakkur skorinn. Það er tími til kominn að við horfumst í augu við að það er alvarleg brotalöm í íslensku velferðarkerfi þegar kemur að vanda fjölskyldna með börn frá meðgöngu og fyrstu þrjú til fimm árin."

kristjanabjorg@frettabladid.is



Sæunn í viðtalsherberginu þar sem hún hittir foreldra sem vilja styrkja tengsl sín við barnið. Örugg tengsl barns við foreldri minnka líkur á andfélagslegri hegðun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Við erum sífellt að sanna tilverurétt okkar, eins og þetta sé prívat áhugamál okkar en ekki nauðsynlegur liður í heilbrigðisþjónustu.
>
> Sæunn Kjartansdóttir hjá Miðstöð foreldra og barna






# Lokuðu og settu eldvarnakerfið í gang

**SLYS** Eldur kom upp í vélarrúmi rannsóknarskipsins Bjarna Sæmundssonar á þriðja tímanum í gær. Skipið var í slipp í Reykjavíkurhöfn þegar eldur kviknaði.

Allt tiltækt slökkvilið var sent á vettvang.

Orsök þess að kviknaði í er ókunn að sögn Marteins Geirssonar, deildarstjóra aðgerðasviðs Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir starfsmenn Slippsins hafa brugðist rétt við með því að loka vélarrýminu og setja eldvarnakerfi skipsins af stað og þannig kæft eldinn. Reykkafarar slökkviliðsins könnuðu verksummerki og eftir að gengið var úr skugga um að eldurinn væri slokknaður hóf slökkviliðið að reykræsta skipið.

Marteinn segir erfitt að meta skemmdir en hann telur þær ekki miklar. Þá segir hann björgunarstörf hafa tekist afar vel.

„Ég held að við höfum sett eitthvert Íslandsmet. Það tók okkur ekki nema tvær mínútur að komast á vettvang."

– srs



Slökkviliðsmenn að störfum við slippinn í Reykjavíkurhöfn í gær þar sem upp kom eldur í vélarrúmi rannsóknarskipsins Bjarna Sæmundssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Nýr Up! frá:
**1.790.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **22.750 kr.***

Nýr Polo frá:
**2.390.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **30.290 kr.***

Nýr Golf frá:
**3.090.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **38.837 kr.***

Nýr Passat frá:
**3.990.000 kr.**
Verð á mánuði frá: **50.567 kr.***

# VWeldu þann sem hentar þér.




Nú er góður tími til að skipta yfir í nýjan **Volkswagen Up!**, **Polo**, **Golf** eða **Passat** því honum fylgir **Samsung sjónvarp** sem erfitt er að taka augun af. Komdu í kaffi til okkar og við hjálpum þér að finna út hvaða Volkswagen hentar þér best. Hlökkum til að sjá þig!

**Das Auto.**

*Mv. 25% innborgun og 75% lán í allt að 84 mánuði (nánari upplýsingar hjá sölumönnum). **Gildir til áramóta eða á meðan birgðir endast.

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

next
OUTLET
Í HOLTAGÖRÐUM
50-80% AFSLÁTTUR
OPIÐ: HELGAR 13-17 | VIRKA DAGA 12-18

Tilvalið viðskiptatækifæri
Til sölu er rekstur á tískuvöruverslun á góðum stað í 108 Reykjavík. Ársvelta 32 milljónir, góð og traust viðskiptasambönd við erlenda birgja. Núverandi eigandi aðstoðar við að færa viðskiptasambönd og þekkingu yfir til nýrra eigenda.
Nánari upplýsingar:
VIÐSKIPTAHÚSIÐ
olafur@vidskiptahusid.is
farsími 822-7988

nicorette®
Fæst í næsta apóteki
PIPAR\TBWA · SÍA

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE Insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

## Gengið gegn einelti



Grunn- og leikskólabörn í Kópavogi gengu fylktu liði í Hlíðargarð í gær. Markmiðið var að mótmæla einelti. Þetta er í þriðja sinn sem börn í Kópavogi ganga gegn einelti en með því er ætlunin að stuðla að jákvæðum samskiptum, vináttu og kærleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kröfuhafar fá yfir 30 prósent upp í kröfur

Minni kröfuhafar fá kröfur greiddar að fullu. Yfir 600 milljarðar greiddir út.

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Glitnis fá 31,5 prósent greitt upp í kröfur umfram 3,5 milljónir króna samkvæmt áætlun slitastjórnar bankans. Endanleg upphæð veltur þó á ávöxtun eigna.

Kröfuhafafundur Glitnis fer fram 20. nóvember. Þar verður kosið um uppfært stöðugleikaframlag sem felur meðal annars í sér að slitabúið afhendi ríkinu 95 prósenta hlut sinn í Íslandsbanka. Samhliða verða greidd atkvæði um frumvarp að nauðasamningi.

Samkvæmt því fá kröfuhafar sem eiga lægri en 3,5 milljóna króna kröfu, um 1.200 talsins, greitt að fullu. Þá fá kröfuhafar sem eiga hærri kröfu, um 1.500 talsins, einnig greiddar 3,5 milljónir króna. Því verður kröfuhöfum greitt jafnvirði 516 milljarða króna í reiðufé í hlutfalli við kröfu sína. Upphæðin verður greidd í evrum, dollurum, breskum pundum og norskum krónum. Upphæðin samsvarar 22,9 prósentum af lýstum kröfum.

Við samþykki nauðasamninga gefur Glitnir út skuldabréf, sem og hlutabréf, í nýju eignaumsýslufélagi til kröfuhafa Glitnis. Á næsta ári er svo stefnt að því að greiða 110 milljarða af skuldabréfinu og svo áfram næstu árin. Upphæðirnar ráðast af því hversu vel gengur að ávaxta eignir Glitnis sem eftir standa að loknum nauðasamningum. Engu að síður er búist við að 31,5 prósent fáist upp í þær kröfur sem eftir standa þegar búið er að greiða öllum kröfuhöfum 3,5 milljónir.

Slitastjórnin tilnefnir Norðmanninn Tom Grøndahl, Danann Steen Parsholt og Bretann Mike Wheeler í stjórn nýja eignaumsýslufélagsins. Þeir voru allir meðal þeirra sem Glitnir tilkynnti árið 2012 að tækju sæti í fimm manna stjórn eignaumsýslufélagsins. Hvorki Svíinn Jan Kvarnström, sem þá átti þá að verða formaður, eða Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, eru tilnefnd í stjórnina. **ingvar@frettabladid.is**

### Soros ekki í hópnum

Breytingar hafa orðið á eignarhaldi stærstu kröfuhafa Glitnis að undanförnu. Vogunarsjóður í eigu breska fjárfestisins George Soros er ekki lengur meðal kröfuhafa. DV hafði greint frá því að sjóðurinn Quantum Partners LP hefði keypt kröfur að verðmæti 44 milljarða króna í janúar á þessu ári af vogunarsjóðnum Burlington Loan Management og væri orðinn 10. stærsti kröfuhafi Glitnis. Þá er vogunarsjóðurinn Recovery Opportunities orðinn stærsti kröfuhafi Glitnis og á kröfur að nafnvirði 280 milljarða króna, 11,16 prósent allra krafna. Sjóðurinn var stofnaður á síðasta ári og átti í mars kröfur að verðmæti 114 milljarða króna samkvæmt frétt DV þann 10. mars.

F&F

# Við erum 1árs

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM F&F VÖRUM
## 6.- 8. NÓVEMBER




Þökkum frábærar viðtökur
við opnun F&F verslana á árinu.
Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

# Munurinn mælist í milljónum tonna

**Magn flóðvatnsins sem ruddist til sjávar í síðasta Skaftárhlaupi er metið á milli 300 og 400 milljónir tonna. Flatarmál ketilsins mælist nú 7-10 ferkílómetrar en var fjórir ferkílómetrar þegar síðast hljóp árið 2010. Alvarleg þróun ef hlaupin stækka jafnvel enn meira, segir sérfræðingur.**

**NÁTTÚRA** Mælingar vísindamanna Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands í lok október sýna að Eystri-Skaftárketill er allt að tvisvar sinnum stærri að flatarmáli en hann var sumarið 2010. Gríðarleg stækkun ketilsins skýrir hversu miklu stærra Skaftárhlaupið í október reyndist miðað við öll fyrri hlaup úr katlinum. Aukið vatnsmagn á milli hlaupanna 2010 og 2015 er mælt í mörgum milljónum tonna.

Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, segir bráðabirgðaniðurstöður mælinganna á stærð ketilsins sýna ótvírætt að hann hefur stækkað mjög mikið frá 2010, en 24. október tókst að mæla ketilinn með flughæðarmæli vélar Isavia, TF-FMS, þar sem lögun hans var kortlögð með því að fljúga níu ferðir yfir ketilinn. Við samanburð á niðurstöðum eldri mælinga kemur í ljós hvernig ketillinn hefur víkkað, og hefur sú víkkun nánast öll orðið eftir Skaftárhlaupið 2010. Eins og kunnugt er hefur verið beðið síðan 2013 eftir hlaupinu sem ruddist loks fram í síðasta mánuði, enda sýnir hlaupaannáll að hlaup úr eystri katlinum hafa ætíð komið með 2-3 ára millibili frá árinu 1955, en þá kom fyrsta verulega Skaftárhlaupið. Fyrir þann tíma fóru þau út í Langasjó og hvort tveggja flóðtoppur og aurburður var miklu minni.

Áður en tókst að mæla ketilinn 24. október lágu fyrir skýr merki um stækkun ketilsins til vesturs, austurs, og suðurs. Þá hafði yfirborð jökulsins risið á hefðbundinn hátt fyrst eftir hlaupið 2010 en frá og með 2011 var það hægara en áður hafði sést og hætti með öllu 2013 – en þá hófst bið vísinda- og heimamanna eftir hefðbundnu Skaftárhlaupi.

> **Ef hlaupin stækka jafnvel enn meira frá því sem nú var þýðir það að eyðilegging af völdum þeirra verður mun meiri en verið hefur hingað til í Skaftárhlaupum.**



Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur

Nú liggur fyrir að jarðhitinn undir jöklinum hefur færst til, en ekki aukist, og útreikningar Jarðvísindastofnunar Háskólans eru sláandi. Eins og fyrri gögn sýna var flatarmál ketilsins talið um fjórir ferkílómetrar en er núna 7-10 ferkílómetrar – en það er ákveðið matsatriði hvar skuli setja útmörk ketilsins. Mesta sig mældist 120 metrar í norðvesturhluta hans. Rúmmál ketilsins með sprungum meðfram jöðrum hans mælist u.þ.b. 340 milljónir rúmmetra. Því er áætlað hlaupvatn 366 milljónir rúmmetra vatns með 44 milljóna rúmmetra skekkjumörkum í báðar áttir. Til skýringar jafngildir það því að 366 milljónir tonna af vatni hafi runnið til sjávar dagana sem hlaupið stóð yfir.




Magnús Tumi sagði í erindi sínu og í umræðum ráðstefnugesta á ráðstefnu FutureVolc-verkefnisins á fimmtudag að haldi þessi þróun áfram sé það mjög mikið áhyggjuefni. „Það er áhugavert en jafnframt alvarlegt ef þessi þróun heldur áfram. Ef hlaupin stækka jafnvel enn meira frá því sem nú var þýðir það að eyðilegging af völdum þeirra verður mun meiri en verið hefur hingað til í Skaftárhlaupum.“

Í viðtali við Fréttablaðið segir Magnús Tumi ekkert liggja fyrir um þróun næstu ára. Kannski færist jarðhitinn aftur á þann stað undir jöklinum sem þekktur var, en það sé heldur ekki hægt að útiloka þann möguleika að ketillinn stækki enn – biðin verði enn lengri en fimm ár eftir næsta flóði sem yrði þá mögulega enn stærra en menn urðu vitni að í október. **svavar@frettabladid.is**




Flug fyrir 2 með öllum notuðum Mercedes-Benz

Mercedes-Benz B-Class nýtur mikilla vinsælda, enda framúrskarandi kostur. Þeir sem kaupa notaðan Mercedes-Benz í eigu Öskju í nóvember, að verðmæti 1,5 milljónir eða meira, fá **flug fyrir tvo með WOW Air** í kaupbæti og **vetrardekk** að auki. Allir notaðir Mercedes-Benz hjá okkur **hafa fengið þjónustuskoðun** fyrir veturinn.

**B 180, árgerð 2013, ekinn 38 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.**

Bakkmyndavél, árekstrarvari, krómpakki, hiti í framsætum, 16" álfelgur, inniljósapakki, sætisþægindapakki o.fl.

**Verð 4.490.000 kr.**
**Afb./mán. 41.900 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,73–10,79%

Mercedes-Benz
The best or nothing.

WOW air
**Flug fyrir 2** til Kaupmannahafnar, Berlínar, London eða Dublin.

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is.
Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR**










OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Hringvegurinn illfær rafmagnsbílum

Einungis tíu hraðhleðslustöðvar eru hér á landi og allar eru þær á suðvesturhorninu. Viðskiptastjóri Orku náttúrunnar segir standa til að fjölga þeim en ekki liggi fyrir áætlun um að leggja þær hringinn í kringum landið. Setja á upp tvær hleðslustöðvar á Akureyri í vetur.

**SAMGÖNGUR** Brýn þörf er á fleiri hraðhleðslustöðvum á Íslandi til að sinna vaxandi rafbílaflota landsmanna. Rafmagnsbílum hefur fjölgað gríðarlega á landinu undanfarið og eru nú orðnir í kringum sex hundruð. Í lok október var búið að selja ríflega tvöfalt fleiri nýja rafmagnsbíla það sem af er þessu ári en allt síðasta ár.

Flestir rafmagnsbílar komast einungis í kringum 100 kílómetra leið á einni hleðslu, þá þurfa eigendurnir að hlaða bílinn á ný. Eigendur bílanna geta hlaðið bílana heima hjá sér, en það getur þó tekið upp undir alla nóttina. Svokallaðar hraðhleðslustöðvar, sem Orka náttúrunnar hefur einungis boðið upp á hingað til, gera ökumönnum kleift að hlaða bílinn á aðeins tuttugu mínútum. Í dag eru tíu virkar hraðhleðslustöðvar á landinu og allar eru þær á suðvesturhorninu. Þetta gerir bíleigendum erfitt fyrir að keyra um landið. Hingað til hafa hraðhleðslustöðvarnar heldur ekki getað sinnt öllum rafbílategundum landsins.

Hraðhleðslustöðvar ON hafa eingöngu verið fyrir rafbíla með CHAdeMO-staðli, sem meðal annars Nissan Leaf og Mitsubishi geta notað. Combo-staðallinn er fyrir evrópska rafbíla og eru flestir rafbílar á Íslandi að nota þessa tvo staðla. Nýjar og uppfærðar hraðhleðslustöðvar ON verða bæði með CHAdeMO- og Combo-staðli, auk tengja fyrir fleiri rafbílategundir. Þessar stöðvar fara upp á næstu vikum og mánuðum að sögn Jóns Sigurðssonar, viðskiptastjóra í söludeild Orku náttúrunnar.

> **Við erum búin að vera að reyna að fá fólk og fyrirtæki úti á landi til að setja þá upp en það hefur ekki gengið nógu vel hjá okkur.**
>
> Gísli Gíslason
> framkvæmdastjóri Even



> **Þegar fyrstu hraðhleðslustöðvar ON voru opnaðar í mars 2014 voru einungis hundrað bílar á götunum, nú eru þeir tæplega sex hundruð. Við erum að reyna að setja upp stöðvar eftir því sem bílum fjölgar og erum að reyna að bæta við þessa þjónustu.**
>
> Jón Sigurðsson
> viðskiptastjóri hjá Orku náttúrunnar



Að sögn Jóns eru fyrirætlanir um að fjölga stöðvunum, til dæmis verða tvær stöðvar settar upp á Akureyri í vetur, hins vegar liggi heildarfjöldinn ekki fyrir. Aðspurður segir hann enga áætlun liggja fyrir um að leggja hraðhleðslustöðvar hringinn í kringum landið. „Þegar fyrstu hraðhleðslustöðvar ON voru opnaðar í mars 2014 voru einungis hundrað bílar á götunum, nú eru þeir tæplega sex hundruð. Við erum að reyna að setja upp stöðvar eftir því sem bílum fjölgar og erum að reyna að bæta við þessa þjónustu,“ segir Jón. „Það geta auðvitað allir sett upp hraðhleðslustöðvar en við erum þeir einu sem tóku ákvörðun um að gera þetta.“

Jón bendir á að töluvert fleiri stöðvar séu hér miðað við fjölda bíla en til dæmis í Noregi. „Í Noregi eru fjórar stöðvar fyrir hverja þúsund bíla en á Íslandi eru um sextán, eða fjórfalt fleiri,“ segir Jón.

Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Even, segir fyrirtækið eiga tvö hundruð staura sem það vilji koma í notkun víðsvegar um landið. Staurarnir nýtist ekki til hraðhleðslu, hins vegar taki um fjóra tíma að hlaða með þeim. „Við erum búin að vera að reyna að fá fólk og fyrirtæki úti á landi til að setja þá upp en það hefur ekki gengið nógu vel hjá okkur,“ segir hann og kveður „rosa lítið mál“ að setja upp hleðslustöðvar í kringum landið. „Þessi samgöngubót myndi kosta álíka og að setja upp eina brú fyrir vestan.“ saeunn@frettabladid.is

### Hraðhleðstöðvar á Íslandi




Hér má sjá legu hraðhleðslustöðvanna tíu sem teknar hafa verið í gagnið. Stöðina sem austast er má finna á Selfossi, þá syðstu í Keflavík og þá sem vestast/nyrst er í Borgarnesi.


# Byggingarreitur og atvinnuhúsnæði í 101

Byggingarreitur á Granda, samtals um 26.000 m² að stærð, er til sölu í einu lagi ásamt öllum þeim fasteignum sem á reitnum eru, samtals u.þ.b. 5.700 m². Eignirnar eru allar í útleigu. Töluvert byggingarmagn er heimilt á óbyggða hluta reitsins samkvæmt deiliskipulagi.

Staðsetning reitsins við Reykjavíkurhöfn er einstök og felast því gríðarleg tækifæri í uppbyggingu reitsins í takt við aukna starfsemi af fjölbreyttum toga á Grandanum.

GAMMA ráðgjöf (GAM Management ráðgjöf ehf.) hefur umsjón með söluferlinu en fasteignasala vegna sölunnar er Nýhöfn, Borgartúni 25 (Lárus Ómarsson, löggiltur fasteignasali).

Þeir aðilar sem óska nánari upplýsinga um söluferlið eða vilja fá tilboðseyðublöð afhent eða sækja um aðgang að gagnaherbergi skulu senda póst á netfangið radgjof@gammaradgjof.is. Skilyrði er að væntanlegir kaupendur geti sýnt fram á nægilegan fjárhagslegan styrkleika að mati seljanda.

**Undirrituð tilboð berist á sérstökum tilboðseyðublöðum fyrir kl. 16:00 þann 20. nóvember 2015 til GAMMA ráðgjafar, Garðastræti 37, merkt GRANDI, auk þess sem afrit af tilboði skal sent á ofangreint netfang fyrir lok frestsins. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er, hafna öllum tilboðum, eða hefja viðræður við aðila utan söluferlis án sérstaks rökstuðnings.**




GAMMA
[Ráðgjöf]

BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

# OPEL **VEISLA**




## BÍLABÚÐ BENNA **40 ÁRA**

# KÍKTU Í KAFFI OG KÖKU Í DAG!

Bílabúð Benna er 40 ára. Opel-veislan heldur áfram og við bjóðum veglegan afmælispakka með öllum nýjum Opel bifreiðum. Velkomin í Opel-veisluna – við eigum afmæli, þú færð pakkann.

**Toyo**
harðskeljadekk

**Eldsneytisinneign**
200 lítrar

**Löður Gullþvottur**
þvottakort - 5 skipti

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

**Reykjavík**
**Tangarhöfða 8**
**590 2000**

**Reykjanesbær**
**Njarðarbraut 9**
**420 3330**

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík**
**Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ**

OPEL

**Wir leben Autos.**

# Ekki stefnubreyting að hafna gjafsókn

**Einstaklingsbundið mat fer ætíð fram vegna mögulegrar gjafsóknar. Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnsýslunefnd.**

**STJÓRNSÝSLA** Ávallt fer fram einstaklingsbundið mat á því hvort veita eigi gjafsókn vegna málareksturs, einnig þegar sótt er um gjafsókn þar sem ætlunin er að leggja fyrir dómstóla að fara yfir niðurstöðu kærunefndar útlendingamála.

Þetta kemur fram í svari innanríkisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort stefnubreyting hafi orðið í gjafsóknarveitingu hælisleitenda sem skulu sendir burt á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Einnig segir að gjafsókn sé einungis veitt ef gjafsóknarnefnd mæli með því. Við mat á gjafsókn er grundvallarskilyrði að málstaður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málshöfðunar.

Í vikunni fengu þrír hælisleitendur synjun um gjafsókn sem lögmaður þeirra, Katrín Oddsdóttir, sagði afar óvenjulegt enda hefði verið þrýst á hana af meðal annars Rauða krossinum að taka málin að sér.




Iz El Din kom til Íslands fyrir ári og hefur átt við alvarlegt þunglyndi að stríða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Katrín tekur sem dæmi skjólstæðing sinn sem kemur frá Darfur í Súdan. Hann hefur vottorð frá læknum um að vera of veikburða og andlega veikur til að ferðast en ætlunin er að senda hann til Ítalíu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Þar bjó hann á götunni þar til hann kom til Íslands.

„Ef ég verð sendur burt frá Íslandi, þá mun ég fyrirfara mér,“ segir Iz El Din Mouhammed, sem er átján ára gamall og hefur verið á flótta frá unga aldri. „Ég mun hoppa út um gluggann.“

Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur sagt opinberlega að ekki sé boðlegt að senda hælisleitendur til Ítalíu og Grikklands vegna aðstæðna þar.

Í svari innanríkisráðuneytisins er áréttað að þegar niðurstaða Útlendingastofnunar er kærð þá fari endurskoðun á málinu fram hjá sjálfstæðri stjórnsýslunefnd, kærunefnd útlendingamála. „Þannig er fjallað um slík mál á tveimur stjórnsýslustigum.“

**erlabjorg@frettabladid.is**


## Vinsamleg borg fyrir börn og unglinga

**Fundur þriðjudaginn 10. nóvember kl. 20 á Kjarvalsstöðum**

**Hvernig má skipuleggja borg fyrir börn og unglinga?** – er spurning sem glímt verður við í fundarröð sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs.

Sagt hefur verið að borg sem er vinsamleg börnum sé jafnframt góð fyrir alla aðra. Aðbúnaður barna og unglinga er því gott viðmið í borgum.



**Hjálmar Sveinsson**, **Halldóra Hrólfsdóttir** skipulagsfræðingur, **Dagný Bjarnadóttir** landslagsarkitekt og **Trausti Jónsson** tómstunda- og félagsmálafræðingur taka til máls en þau hafa öll reynslu og þekkingu á því að móta umhverfið út frá þörfum barna og ungmenna.

Spurt verður: Hvernig má auka leikgleðina í borgarrýminu? Hvernig á að skipuleggja skemmtilega, skapandi og örugga borg fyrir börn?

Fundurinn er bæði fyrir fag- og áhugafólk um vinsamlega borg og gott skipulag.

Allir velkomnir, kaffihúsastemming og rjúkandi kaffi á könnunni.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA


## Skylda að hafa áætlun gegn einelti og áreitni

**VINNUMARKAÐUR** Öllum vinnustöðum er skylt að gera áætlun um aðgerðir til að sporna við einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hefur sett nýja reglugerð þess efnis.



**Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra**

Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er öllum vinnustöðum skylt að gera áhættumat. Í nýju reglugerðinni er með skýrum hætti kveðið á um að við gerð slíks áhættumats skuli einnig greina áhættuþætti eineltis, áreitni og ofbeldis.

Í frétt á vef velferðarráðuneytisins segir Eygló setningu reglugerðarinnar mikilvægan áfanga og vonast til að betur verði tryggt að tekið sé skipulega og faglega á ofantöldum vandamálum. **– ebg**

## Víetnam leyfir verkföll

**VÍETNAM** Bandarísk stjórnvöld hafa birt Fríverslunarsamning Kyrrahafsríkjanna (TPP), sem undirritaður var í síðasta mánuði.

Meðal þeirra víðtæku áhrifa, sem samningurinn í aðildarríkjunum tólf hefur, er að kommúnistastjórnin í Víetnam hefur fallist á réttindi verkafólks til að mynda stéttarfélög og efna til verkfalla.

Bandaríska dagblaðið The New York Times skýrir frá þessu.

Samningurinn felur annars í sér niðurfellingu flestra tolla og viðskiptahindrana milli ríkjanna tólf, sem samtals ná yfir 40 prósent af hagkerfi heimsins.

Barack Obama Bandaríkjaforseti stærði sig í gær meðal annars af mikilvægi samningsins fyrir réttindi verkafólks í ríkjunum tólf. **– gb**




**Fríverslunarsamningi Kyrrahafsríkjanna hefur verið harðlega mótmælt víða um heim.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


SIEMENS

**Þvottavél**
WM 14K267DN
Tekur mest 7 kg.
Með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi.
1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.
15 mín. hraðþvottakerfi.
Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).
Sjálfhreinsandi þvottaefnishólf.

Tilboðsverð:
87.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.



Ariel fljótandi þvottaefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# HJÓLHÝSASÝNINGIN 2016

**Við kynnum 2016 árgerðina af hjólhýsum frá Hobby og Adria**

Við erum með troðfullan sýningarsal af nýjum vögnum á frábæru verði,
t.d 2.995.000 - 3.495.000 - 3.695.000 - 3.995.000
4.295.000 - 4.475.000 - 4.795.000
Opið laugardag og sunnudag
frá klukkan 12 til 16.







VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS

WOW, VIÐ ERUM Á UPPLEIÐ!

# VILTU VERA MEMM?

Vegna aukinna umsvifa og óþrjótandi tækifæra þurfum við að stækka WOW hópinn okkar. Við leitum að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum í WOW teymið. **Þú nærð lengra með WOW air!**



## FLUGMENN

ER FLUG Á ÞÉR?

Við leitum að flugmönnum til að stýra flugvélum okkar um háloftin blá og fljúga með ánægða gesti WOW air á vit ævintýranna. Ráðning flugmanna er liður í auknum umsvifum félagsins en um er að ræða framtíðarstörf á nýlegum **A330**, A321 og A320 vélum WOW air.

## LAUNAFULLTRÚI

STEMMIR ÞETTA?

Við leitum að reynslubolta í launavinnslu. Starfið felst meðal annars í vinnslu launabókhalds, útreikningum og skilum opinberra gjalda og samskiptum við aðila innan- og utanhúss. Finnst þér gaman að vinna með tölur? Ertu ofurnákvæmur og samviskusamur? Þá ert þú mögulega rétti aðilinn fyrir starfið.

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

FINNST ÞÉR GAMAN Á TWITTER & FACEBOOK?
#vaktavinna

Ertu með puttann á púlsinum og lyklaborðinu? Hefurðu óbilandi áhuga á samfélagsmiðlum og ert með WOW þjónustulund? Okkur vantar kraftmikinn og metnaðarfullan WOWara til að slást í hópinn. Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er lykilatriði. Ef þú þekkir alla króka og kima sósíalheimsins þá viljum við heyra frá þér.

## SÉRFRÆÐINGUR Í FERLASKRÁNINGU OG ÞJÓNUSTUSTÖÐLUM

ERTU MEÐ HÁAN STAÐAL?

WOW air leitar að framúrskarandi starfsmanni til að sinna starfi sérfræðings starfsemi á jörðu niðri (e. Ground Operations) með áherslu á ferlaskráningu og utanumhald með þjónustustöðlum WOW air. Eru ferlar og staðlar tónlist í þínum eyrum? Fara frávik í taugarnar á þér? Okkur vantar starfsmann til að þróa og viðhalda stöðlum félagsins.

## INNKAUPAFULLTRÚI Í TÆKNIDEILD

SKRÁÐU ÞETTA HJÁ ÞÉR!

WOW air óskar eftir að ráða öflugan liðsmann í stöðu innkaupafulltrúa (e. Material Controller) í viðhaldsdeild félagsins. Starfið felst í innkaupum og eftirfylgni á pöntunum. Starfinu fylgja mikil samskipti við erlenda og innlenda birgja og flutningsaðila. Jafnframt fylgir starfinu ýmis tölvuvinnsla og skráningar.

## STARFSMENN Í ÁHAFNADEILD

VERTU Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP!

Við óskum eftir að bæta við tveimur starfsmönnum í áhafnadeild WOW air til að sinna fjölbreyttum störfum. Skipulagni, samviskusemi og nákvæmni eru allt góðir kostir að hafa. Við leitum að einstaklingum með reynslu úr flugrekstri og frábæra samskiptahæfni.

## SÉRFRÆÐINGUR Í MANNAUÐSMÁLUM

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FÓLKI?

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur aðstoð á mannauðssvið fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt verkefni á sviði mannauðsmála. Viðkomandi mun meðal annars koma að ráðningum, fræðslumálum, samningamálum, utanumhaldi með starfsmannaupplýsingum og fleiru.



**Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember 2015.**

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu WOW air, www.wowair.is/starf.
Þar er að finna nánari upplýsingar um störfin. Frekari fyrirspurnum um störfin svarar Nína, mannauðsstjóri WOW air, í gegnum tölvupóst, nina@wow.is

WOW air

# Smábátasjómenn sagðir fá á sig þungt högg

**SKAGAFJÖRÐUR** Atvinnunefnd Skagafjarðar vill að atvinnuvegaráðuneytið endurskoði ákvörðun um að fella niður byggðakvóta til Sauðárkróks og lækka kvótann úr 40 í 34 tonn.

„Nefndin fer fram á að byggðakvóta verði úthlutað til Sauðárkróks líkt og undanfarin ár þar sem niðurfelling kvótans yrði mikið högg fyrir smábátasjómenn á staðnum en sautján smábátar frá Sauðárkróki nýttu síðustu úthlutun byggðakvótans,“ segir nefndin og biður um tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna á Hofsósi.

„Hofsós hefur átt undir högg að sækja frá því fiskvinnsla lagðist þar af og því mikilvægt að úthlutað sé auknum byggðarkvóta til byggðarlagsins líkt og gert hefur verið gagnvart byggðarlögum sem fengið hafa að taka þátt í verkefninu Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar. Hofsós er á biðlista eftir að fá að taka þátt í því verkefni.“ **– gar**



**Skagfirðingar vilja óbreyttan byggðakvóta.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**34**
**tonna byggðakvóti rennur til Sauðárkróks, í stað 40 tonna.**

RAX púðaver
með 15 mismunandi ljósmyndum
eftir Ragnar Axelsson






Ragnar Axelsson hefur í gegnum tíðina tekið mikinn fjölda ljósmynda , bæði í lit og svarthvítu sem hafa birst í blöðum og tímaritum um allan heim, þar á meðal LIFE, TIME og National Geographic.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Obama hafnar Keystone XL olíuleiðslunni

**Bandaríkjaforseti segir að 1.900 kílómetra löng olíuleiðslan myndi ekki örva bandarískan efnahag.**

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að hann myndi hafna beiðni um lagningu Keystone XL olíuleiðslunnar frá Alberta í Kanada til Nebraska. Ef olíuleiðslan yrði lögð myndi hún vera um 1.900 km á lengd og hefði getu til að flytja um 800 þúsund tunnur af olíu til Nebraska.

Umræðan um lagningu leiðslunnar hefur verið mikið bitbein í bandarískum stjórnmálum og umhverfisverndarsamtök þar í landi telja lagningu hennar geta valdið gríðarlegu umhverfistjóni.

Obama sagði í ræðu sinni að ólíklegt væri að leiðslan myndi hafa mikil áhrif á bandarískan efnahag.

„Á meðan stjórnmálamenn voru að rífast um það hvort olíuleiðslan myndi lækka eldsneytiskostnað og skapa störf tókum við frumkvæðið og lækkuðum eldsneytiskostnað og sköpuðum fleiri störf,“ sagði hann.

Fyrirtækið TransCanada hefur barist fyrir lagningu leiðslunnar undanfarin ár. TransCanada, sem hefur hingað til lagt hart að bandarískum yfirvöldum, dró umsókn sína um lagningu leiðslunnar óvænt til baka en grunur lék á að Obama myndi hafna umsókninni.

Justin Trudeau, sem nýlega tók sæti forsætisráðherra Kanada, hefur verið stuðningsmaður olíuleiðslunnar en hann hefur ekki tjáð sig um málið eftir að hann sór embættiseið á miðvikudaginn. Stephane Dion, utanríkisráðherra Kanada, sagði á fimmtudaginn að ríkisstjórnin styddi Keystone XL en myndi ekki hætta á að spilla samskiptum sínum við Bandaríkin vegna þessa.

Ákvörðun Obama þykir skipta máli í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar sem haldin verður í París í lok mánaðar.

stefanrafn@frettabladid.is

## Keystone XL olíuleiðslan

Keystone XL olíuleiðslan kæmi til með að flytja hráolíu úr tjörusöndum í Alberta um 1900 kílómetra leið til Nebraska.




Source: Fréttaveitur © GRAPHIC NEWS

**Lagning Keystone XL olíuleiðslunnar hefur verið mikið bitbein í bandarískum stjórnmálum og hafa umhverfisverndarhópar sett sig upp á móti henni.**



Barack Obama
Justin Trudeau




Sýning og málstofur um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Dagana 13. og 14. nóvember breytum við Ráðhúsinu í suðupott upplýsingamiðlunar og umræðu um húsnæðismál.

**Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík.**
Þúsundir íbúða eru á teikniborðinu. Hvar munu þær rísa?

**Breyttar áherslur í húsnæðismálum.**
Er verið að byggja í takt við breyttar áherslur almennings?

**Áskoranir og lausnir.**
Hvernig kemst ungt fólk í sitt fyrsta húsnæði?
Hvort er betra að eiga eða leigja?

Sýning og málstofur eru öllum opnar.

reykjavik.is/uppbygging


GEFÐU HLÝJAN
JÓLAPARKA
ARNAR | Parkaúlpa
Kr. 47.500
Ný lína af parkaúlpum væntanleg í verslanir okkar í nóvember
ICEWEAR ICELAND
REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 / ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 · WWW.ICEWEAR.IS

# Tímamótakosningar en meingallaðar

**Þingkosningarnar í Búrma á morgun verða þær fyrstu í aldarfjórðung þar sem kjósendum standa raunverulegir valkostir til boða. Herforingjastjórnin hyggst samt alls ekki sleppa hendinni alveg af stjórninni og hefur fyrirfram tryggt sér fjórðung þingsætanna.**

**BÚRMA** Engar áreiðanlegar skoðanakannanir hafa verið gerðar í Búrma, eða Mjanmar eins og landið er einnig nefnt, fyrir þingkosningarnar sem haldnar verða á morgun. Mikil óvissa ríkir því um úrslitin þótt Aung San Suu Kyi og flokkur hennar, Lýðræðisfylkingin, njóti greinilega mikilla vinsælda.

Hvernig sem fer, þá verða þetta tímamótakosningar því þetta er í fyrsta sinn í aldarfjórðung sem Lýðræðisfylkingin, helsta afl stjórnarandstöðunnar, tekur þátt í þingkosningum í landinu.

Herforingjastjórnin, sem stjórnað hefur landinu áratugum saman, hefur staðið fyrir ýmsum umbótum á síðustu árum, bæði efnahagslegum og pólitískum.

Herforingjastjórnin þykir samt ekki líkleg til að sleppa alveg hendinni af stjórn landsins, jafnvel þótt svo fari að Lýðræðisfylkingin vinni stóran sigur. Stjórnin hefur sagt að of hraðar breytingar geti leitt af sér ólgu í landinu.

Framkvæmd kosninganna hefur auk þess verið gagnrýnd, meðal annars fyrir ónákvæma skráningu á kjörskrá. Dæmi eru þess að látið fólk sé á kjörskránni og margir sprelllifandi kjósendur eru ekki á skránni.

Og hvernig sem úrslitin verða, þá verður Suu Kyi hvort eð er óheimilt að gegna forsetaembætti vegna tengsla hennar við Bretland, en báðir synir hennar eru breskir ríkisborgarar. Samkvæmt stjórnarskrá landsins, sem herforingjastjórnin samdi, má enginn gegna forsetaembættinu ef maki eða börn eru erlendir ríkisborgarar.

Auk þess hefur herforingjastjórnin fyrirfram tryggt sér fjórðung allra þingsæta hið minnsta, alveg óháð úrslitunum. Það þýðir að Lýðræðisfylkingin nær ekki meirihluta nema með því að tryggja sér meira en

> **Ég mun verða æðri forsetanum.**
>
> Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar

tvö af hverjum þremur þeirra þingsæta, sem í raun er kosið um.

Þetta þýðir líka að Lýðræðisfylkingin og aðrir stjórnarandstöðuflokkar geta ekki gert neinar breytingar á stjórnarskrá landsins, jafnvel þótt herforingjastjórnin fái einungis þessi 25 prósent þingsæta, því til þess að gera slíkar breytingar þarf meira en 75 prósent atkvæða á þingi.

„Ekki er hægt að líta svo á að kosningarnar séu sanngjarnar ef 25 prósent þingsæta eru afhent hernum, og þeim flokki sem hann styður, áður en eitt einasta atkvæði hefur verið greitt,“ segir Brad Adams, framkvæmdastjóri Asíudeildar mannréttindasamtakanna Human Rights Watch.

Hann segir það að vísu jákvætt, að fjölmennir kosningafundir hafi verið haldnir hindrunarlaust. Hins vegar nægir það ekki til að bæta upp fyrir kosningakerfi, sem kerfisbundið styður einn flokk umfram aðra.

Suu Kyi segist engu að síður ætla sér stóran hlut við stjórn landsins að kosningunum loknum, vinni flokkur hennar nægilegan sigur.

„Ég mun verða æðri forsetanum,“ sagði hún og lætur það ekki trufla sig, þótt hún fái ekki forsetaembættið. **gudsteinn@frettabladid.is**



**Nóbelsverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi á fjölmennum kosningafundi í byrjun mánaðarins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Herforingjastjórnin og lýðræðisbaráttan

Aung San Suu Kyi hefur verið leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma í meira en aldarfjórðung, eða allt frá því hún sneri aftur heim árið 1988 eftir að hafa dvalist langdvölum erlendis.

Lýðræðisfylking hennar vann stórsigur í þingkosningum árið 1990, en herforingjastjórnin í landinu tók ekki mark á þeim úrslitum.

Suu Kyi var sett í stofufangelsi og var það meira og minna næstu tvo áratugina, með fáeinum hléum.

Hún hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1991 en komst ekki til að taka við þeim fyrr en árið 2012, 21 ári síðar.

Eftir að herforinginn Thein Sein varð forsætisráðherra landsins árið 2007 hófst hann fljótlega handa við að gera ýmsar lýðræðisumbætur og lét meðal annars pólitíska fanga lausa í stórum stíl.



**Thein Sein**

Árið 2010 efndi herforingjastjórnin aftur til þingkosninga, en Lýðræðisfylkingin sá ekki ástæðu til að taka þátt í þeim, enda var Suu Kyi enn í stofufangelsi.

Suu Kyi bauð sig hins vegar fram til þings í aukakosningum árið 2012 og hefur setið á þingi síðan. Lýðræðisfylking hennar tekur þátt í þingkosningunum á morgun, í fyrsta sinn í aldarfjórðung.








**Horft yfir Reykjavík að hausti. Ekki sést á húsunum hvar leigt er út til ferðafólks.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjögur prósent íbúða leigð túristum

**VIÐSKIPTI** Um fjögur prósent allra íbúða í Reykjavík eru í útleigu til ferðamanna samkvæmt nýrri skýrslu sem Háskólinn á Bifröst kynnti fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra í gær.

Í skýrslunni er umfang íbúðagistingar dregið fram og jafnframt settar fram tillögur sem miða að því að einfalda skráningu íbúða í því augnamiði að draga úr skattsvikum og skýra reglur.

Á vefsíðunni Airbnb eru um 3.400 herbergi og íbúðir skráð á Íslandi. Þar af eru 1.900 herbergi og íbúðir í Reykjavík.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að reglur um skattlagningu íbúðagistingar séu ekki skýrar. Mikilvægt sé að haga skattalöggjöf með þeim hætti að hvati verði til þess að stunda starfsemina löglega með tilheyrandi greiðslum skatta og gjalda. **– sg**


11 18 Hraðþjónustunámskeið
25 Vilt þú læra á Arion appið, netbankann og nýju hraðbankana?
13 Ráðstefna um sáttamiðlun
Hvernig virkar sáttamiðlun í viðskiptalífinu?
25 Fræðslufundur um lífeyrisgreiðslur
Ert þú að komast á eftirlaunaaldur?
Fræðsla og viðburðir í nóvember
Arion banki býður upp á fjölda opinna fræðsluviðburða í nóvember.
Nánari upplýsingar í viðburðadagatalinu okkar á arionbanki.is
Arion banki
– Fyrir framtíðina

FRÉTTABLAÐIÐ

SKOÐUN

# Þetta er hægt



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þegar Edda Jónsdóttir myndlistarmaður opnaði Gallerí i8 fyrir tuttugu árum grunaði fáa hvað í vændum væri. Sýnt var í borulegri kjallaraholu við Ingólfsstræti 8. Hreinn Friðfinnsson, einn dáðasti listamaður sinnar kynslóðar, reið á vaðið með ný verk. Fyrr en varði var galleríið komið á listamessur úti í heimi með framúrskarandi listamenn á sínum vegum: bræðurna Kristján og Sigurð Guðmundssyni, Rögnu Róbertsdóttur og fleiri. Nú er i8 alþjóðlegt gallerí með um 20 listamenn á mála hjá sér, útlenda og íslenska í bland.

Edda rekur þessa sögu í viðtali í Fréttablaðinu í dag. Meðal listamanna i8 eru heimsfræg nöfn sem seljast fyrir fúlgur fjár. Þeir geta valið úr galleríum stórborganna en sjá hag sínum best borgið hjá i8. Aðrir eru rísandi stjörnur. Þar fer Ragnar Kjartansson fremstur – verður með hverja sýninguna á fætur annarri í virtustu sýningarsölum höfuðborga vestanhafs og austan næstu misserin. Enn aðrir eru ungir, óskrifað blað líkt og Ragnar var fyrir stuttu.

Gallerí er fyrst og fremst hópur listamanna. Stóru nöfnin lyfta hinum sem færri þekkja á hærri stall. Sum ná fótfestu, kveikja áhuga ástríðusafnara og safnstjóra. Galleristinn þekkir þá – það er hans hlutverk. Verk listafólks i8 eru í nokkrum af kunnustu einkasöfnum samtímalistar í heimi. Verk Lawrence Weiner, Roni Horn, Ólafs Elíassonar og Ernesto Neto eru í flestum nútímalistasöfnum sem nöfnum tjáir að nefna. Öll vinna náið með i8.

Edda kunni lítið í gallerírekstri þegar hún sýndi Hrein um árið. En hún átti sér draum – að sýna alþjóðlega nútímalist á Íslandi og kynna framúrskarandi íslenska list fyrir umheiminum. Hún var djörf og hafði skýrar hugmyndir um hvaða kostum góðir listamenn þyrftu að vera gæddir – einbeittir og vissir um að myndlistin væri það eina sem þeir gætu hugsað sér að sinna, segir hún. Innsæi hennar hefur sjaldan brugðist.

Listalífið var frekar dauft, segir Edda. Auðvitað voru margir góðir listamenn þó að fáir væru á hennar línu. En viðskipti og myndlist voru eitruð blanda í huga margra. Kjarval, Ásgrímur og Jón Stefánsson seldust – mest olía á striga í gylltum ramma. Það gerði lítið fyrir lifandi listamenn. Hún vildi breyta því.

Hún naut vinfengis við Rögnu Róbertsdóttur og Pétur Arason, sem eiga eitt forvitnilegasta einkasafn í okkar heimshluta. Ragna og Pétur voru í góðu sambandi við erlenda listamenn í fremstu röð. Sumir sýndu hjá þeim á Annarri hæð við Laugaveg. Nýló átti spretti – og enn lifði í glæðum frá SÚM. Edda var rétt manneskja, á réttum stað, á réttum tíma.

Gallerí i8 þjónar aðeins broti þeirra listamanna sem eiga erindi út í heim – ef þeir kæra sig um. Mörgu frábæru listafólki líkar best heima. Alþjóðleg kynning útheimtir mikla þekkingu, mikla vinnu og miklar skuldbindingar. Sérhæfðir starfsmenn i8 gefa gott fordæmi. En þeir geta varla sinnt fleirum í einu.

Við þurfum fleiri gallerí – fleira þrekmikið fólk sem eltir drauma sína þangað sem þeir verða að veruleika.

**Listalífið var frekar dauft, segir Edda. Auðvitað voru margir góðir listamenn þó að fáir væru á hennar línu. En viðskipti og myndlist voru eitruð blanda í huga margra.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Bældara Ísland 2015

Internetið getur verið kaldranalegur staður. Í vikunni las ég níð um sjálfa mig sem sveið sárar en nokkurt uppnefni sem mér hefur verið gefið. Ég var kölluð „miðaldra kerling“. Sjálfsmynd mín hefur ekki beðið jafnmikinn hnekki síðan mér var sagt á Kaffibarnum fyrir nokkrum árum að ég liti út eins og frambjóðandi til sjötta sætis í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins – í sveitarstjórnarkosningum.

Nettröll eru þó ekki eina hættan sem steðjar að grandlausum egóum á vafri um veraldarvefinn. Um samfélagsmiðla á borð við Facebook og Instagram seytlar margt hættulegra. Eins og heimalagaðar bollakökur, kossamyndir frá Balí, fullkomlega lakkaðar táneglur í flæðarmáli, fólk að hlaupa maraþon, hrukkulausir jafnaldrar, brjóstaskoru-sjálfur, hvítlaukslegnar nautalundir bornar fram með seljurótarfroðu, yngra fólk en maður sjálfur í yfirmannsstöðum.

Rannsóknir sýna ítrekað að samfélagsmiðlar hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd fólks. Athugun sem gerð var við háskólann í Salford í Bretlandi leiddi til að mynda í ljós að helmingi þeirra sem nota slíka miðla líður verr fyrir vikið. Ástæðan: Fólki fannst eigin tilvist blikna í samanburði við fullkomlega „filteruð“ og „fótósjoppuð“ líf vina sinna í netheimum.

Ég taldi þó um tíma að ástandið væri að lagast.

### Ekki vera aumingi

Síðustu mánuði hefur sprottið upp fjöldi herferða í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum sem ætlað er að vekja athygli á málefnum sem eiga það sameiginlegt að vera tabú. Skemmst er að minnast átaksins „Útmeð'a“ sem beindi sjónum að sjálfsvígum ungra karla. Á Facebook-síðunni „Ekki halda stressi til streitu“ er vakin athygli á skaðsemi streitu. Konur hafa greint frá reynslu sinni af kynferðisofbeldi undir formerkinu #þöggun. Og svo mætti lengi telja.

Sumum virðist hins vegar mislíka þessi opna umræða. Um síðustu helgi birtist í Fréttablaðinu grein sem vakti töluverða lukku eftir Óttar Guðmundsson geðlækni þar sem hann skammaðist út í þá sem bera raunir sínar á torg. Kallaði hann þá „aumingja vikunnar“ og vitnaði í systur sína.

Óttar stendur ekki einn í átakinu sem nefna mætti „Innmeð'a“ – #bældaraÍsland2015. Rithöfundurinn Guðbergur Bergsson fór háðulegum orðum um kollega sinn, Hallgrím Helgason, er Hallgrímur opinberaði fyrir alþjóð að honum hefði verið nauðgað sem ungum manni í München.

Óttar og Guðbergur eru talsmenn forneskjulegra gilda: Það er miklu betra að henda sér bara tignarlega fram af klöpp en að vera að væla þetta um vanlíðan. Nauðgun. Plís, kerlingar, ekki vera í svona stuttum pilsum. Þunglyndi. Taktu þig taki. Átröskun. Fáðu þér hamborgara. Stress. Það er ekkert að þér. Krabbamein. Hvað er svona merkilegt við það? Kvíði. Ekki vera aumingi.

### Valíum og vodka

Þegar maður hefur ekki tíma til að lakka á sér táneglurnar (hvað þá að staðsetja þær í flæðarmáli og taka mynd), finnur ekki hreinan brjóstahaldara og veiðir einn upp úr þvottakörfunni, gleymir að fara í Bónus og býður matargestum upp á 1944 með tómatsósu og er svo bara allt í einu orðinn miðaldra án þess að hafa nokkru sinni verið nálægt því að hafa mannaforráð er mynd af hvítlaukslegnum nautalundum með seljurótarfroðu á Facebook nóg til að maður teygi sig í valíumið og vodkaflöskuna.

Einlægar játningar fólks um erfiðleika sem það tekst á við og ráð til þeirra sem ef til vill glíma við það sama gera samfélags- og fjölmiðla svo miklu manneskjulegri en „fótósjoppaðar“ ýkjusögur um Sigga sem segist hróðugur vera að „meikaða“ í útlöndum en lifir í raun á kerfinu í Köben og spilar á gítar fyrir klink sem kastað er í hann á Strikinu sem hann eyðir svo í bjór.

Óskandi er að átakið „Innmeð'a“ verði ekki til þess að þau tabú sem hugrakkar sálir hafa hrakið fram úr skugganum hverfi aftur úr umræðunni. Þótt það fari vel um þá Óttar og Guðberg á átjándu öldinni megum við hin alveg halda áfram för okkar um þá tuttugustu og fyrstu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# MORA MMIX
# TILBOÐSDAGAR

Hefjast í dag!

**30% afsláttur**
Mora MMIX blöndunartæki

**25% afsláttur**
sturtuklefar og -hurðir

**25% afsláttur**
IFÖ innréttingar




Við höldum upp á **30 ára samstarf Mora og Tengi** með glæsilegum tilboðsdögum.
Gleðin hefst **í dag** og verður sérstök opnun frá klukkan 10 til 16,
komið og gerið frábær kaup, við erum með heitt á könnunni og með því.

## Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

Sérstök opnun í dag frá klukkan 10 til 16.

TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

# Dagur gegn einelti 8. nóvember



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Sunnudagurinn 8. nóvember verður tileinkaður baráttu gegn einelti og er það í fimmta sinn sem það er gert hér á landi. Markmiðið er að vekja athygli á málefninu og hve alvarlegt einelti er.

Í tengslum við þennan dag árið 2011 var undirritaður þjóðarsáttmáli gegn einelti og stofnuð vefsíðan gegneinelti.is. Á vefsíðunni getur fólk lagt baráttunni lið með því að undirrita sáttmálann og skuldbinda sig þar með til þess að vinna af alefli gegn einelti í samfélaginu, standa vörð um rétt fólks til þess að geta lifað í sátt og samlyndi við umhverfi sitt og jafnframt að gæta sérstaklega að rétti barna og ungmenna og þeirra sem ekki eiga sér málsvara eða sterka rödd í samfélaginu.

Ég hvet fólk til að undirrita þjóðarsáttmálann gegn einelti, taka þátt í baráttunni gegn því og leggja sitt af mörkum til að bæta samfélagið og hafa áhrif til góðs með breytni sinni. Við þurfum saman að vinna bug á þessu samfélagsböli sem eitrar og eyðileggur líf svo margra.



**Einelti er alvarlegt og getur valdið fólki varanlegum skaða. Mikilvægt er að atvinnurekendur geri sér grein fyrir skyldum sem á þeim hvíla og nýti þau verkfæri sem til eru í baráttunni gegn einelti.**

### Ný reglugerð gegn einelti

Nú hefur verið birt ný reglugerð sem kveður á um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þetta er mikilvægur áfangi, því þarna er sett fram hvaða skyldur hvíla á atvinnurekendum í þessum efnum, um skyldu allra vinnustaða um að setja sér áætlun um aðgerðir til að koma í veg fyrir einelti og viðbrögð ef á reynir.

Öllum vinnustöðum ber að greina áhættuþætti innan vinnustaðarins með gerð áhættumats. Í reglugerðinni er með skýrum hætti kveðið á um að við gerð áhættumats skuli meðal annars greina áhættuþætti eineltis á vinnustaðnum þar sem tekið skuli tillit til andlegra og félagslegra þátta, svo sem aldurs starfsmanna, kynjahlutfalls, ólíks menningarlegs bakgrunns starfsfólks, skipulags vinnutíma, vinnuálags og fleira. Ljóst er að vinnustaðir eru jafn ólíkir og þeir eru margir og því mikilvægt að áhættumatið taki mið af aðstæðum á hverjum stað.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar en fyrirtæki og sérfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu Vinnueftirlitsins til að veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum hafa á að skipa sérfræðingum sem einnig geta veitt aðstoð við gerð áætlana um aðgerðir gegn einelti. Ég hvet atvinnurekendur til að nýta sér þessa sérfræðiþekkingu við gerð áhættumats á vinnustað þar sem meðal annars eru greindir áhættuþættir eineltis, líkt og reglugerðin býður.

Það er óumdeilt að aðbúnaður á vinnustað hefur áhrif á líðan og heilsu starfsfólks. Nútímaleg vinnuvernd á ekki einungis að snúast um að koma í veg fyrir slys og líkamlegt heilsutjón, heldur sýna rannsóknir að andlegir og félagslegir þættir eru ekki síður mikilvægir fyrir líðan og heilsu starfsfólks. Ef þessum þáttum er ekki sinnt aukast líkur á margskonar vanda sem getur dregið úr starfsánægju, skert framleiðni og aukið starfsmannaveltu. Vanlíðan starfsfólks getur leitt til heilsufarsvandamála, til lengri eða skemmri tíma.

Einelti er alvarlegt og getur valdið fólki varanlegum skaða. Mikilvægt er að atvinnurekendur geri sér grein fyrir skyldum sem á þeim hvíla og nýti þau verkfæri sem til eru í baráttunni gegn einelti.

# 150 milljónir til höfuðs fríkirkjum?



Hjörtur Magni
prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík



Frjálsar kristnar kirkjur og grasrótarsöfnuðir hafa vaxið verulega og telja nú tugi þúsunda Íslendinga. Allir kristnir ættu að fagna því. Þjóðkirkjustofnanir eru víðast hvar á undanhaldi í þeim löndum þar sem þær enn fyrirfinnast. Það er eðlileg þróun í hinum kristna heimi.

Þjóðkirkjan fær enn milljarða ár hvert, umfram aðrar íslenskar lúterskar kirkjur sem ættu að njóta þess sama samkvæmt stjórnarskrá.

Þeir sem segja að aðskilnaður hafi þegar átt sér stað milli ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar láta sem lúterskar fríkirkjur séu ekki til. Sá kirkjusögulegi arfur jarðeigna sem veldur þessari hróplegu mismunun er auðvitað arfur allra kristinna Íslendinga.

Nú hefur kirkjuþing hinnar ríkisreknu þjóðkirkju ákveðið að veita 150 milljónir til að fjölga í þjóðkirkjunni. Hvaðan skyldu þær sálir eiga að koma? Það eru nokkrir hópar sem koma til greina. Sá hópur fólks sem stækkað hefur hraðast undanfarin ár er utan trúfélaga. Margir þar hafa fengið alveg upp í kok af ótrúverðugri og ókristilegri framgöngu afturhaldssamra trúarstofnana. Það væri erfiður kristniboðsakur.

Skyldi markið sett á innflytjendur og flóttamenn sem margir eru múslimar eða kaþólskir? Það er erfiður akur.

Langlíklegasti markhópurinn fyrir 150 milljóna „kristniboðsátakið“ eru kristnu fríkirkjurnar sem hafa vaxið svo mjög. Hver er þá staða Fríkirkjunnar í Reykjavík andspænis slíku milljóna áhlaupi?

Jú, við höfum 62. gr. Stjórnarskrár Íslands okkur til varnar. Þar er fjallað um Fríkirkjuna í Reykjavík! Á þremur öldum hefur hún starfað og alltaf verið evangelísk lútersk.

Frumlag 62. gr. er hin evangelíska lúterska kirkja en alls ekki þjóðkirkjustofnunin. Allt frá stofnun Fríkirkjunnar árið 1899 var hún og er íslensk grasrótarhreyfing og hluti af sjálfstæðisbaráttu landsmanna á meðan þjóðkirkjustofnunin var í raun leifar af dönsku stjórnsýsluapparati með sínum landfræðilegu sóknarmörkum og embættismannakerfi. Fríkirkjan hefur aldrei afsalað sér sínum kirkjusögulega arfi sem hún á rétt á samkvæmt stjórnarskrá. En þjóðkirkjan heldur henni nú utangarðs. Sporin hræða.

**Árið 2003 hvatti formaður prestafélagsins alla þjóðkirkjupresta til að skrá sem flesta úr frjálsum kristnum trúfélögum og inn í þjóðkirkjuna. Hvatinn var að fá fleiri stöðugildi frá ríkinu, meiri pening umfram önnur trúfélög.**

### Sjálfvirk útskráning

Á fyrrihluta síðustu aldar voru bara tvær kirkjur í Reykjavík og um helmingur íbúanna tilheyrði Fríkirkjunni. Síðan eftir miðja öldina þegar hverfiskirkjur þjóðkirkjunnar fóru að rísa þá var í bakherbergi ráðuneytisins búin til lítil reglugerð. Reglugerðin fól það í sér að ef fríkirkjufólk flutti lögheimili sitt þá var það sjálfkrafa skráð í þjóðkirkjuna. Fæstir vissu af þessari breytingu og því voru þúsundir Íslendinga teknir af skrá Fríkirkjunnar og settir í Þjóðkirkjuna án vitundar eða samþykkis. Trúfélagsgjöldin runnu því óhindrað til þjóðkirkjustofnunarinnar í áratugi. Í dag teldist þetta argasta mannréttindabrot. Reglugerðin olli því að þjóðkirkjan fékk aftur drottnandi stöðu.

### 2001 Gullið og asninn á kirkjuþingi

Á kirkjuþingi árið 2001 var rætt um að gera lútersku fríkirkjunum tilboð sem þær gætu ekki hafnað. Þær áttu að fá að ganga inn í þjóðkirkjuna. Það var alls ekki gert að beiðni fríkirknanna heldur óttuðust þjóðkirkjumenn að fríkirkjur ættu rétt á að sækja á eigin forsendum í digra sjóði. Það vildu þeir fyrirbyggja. Í umræðum kirkjuþingsmanna var talað um kristilegt grasrótarstarf af mikilli fyrirlitningu og háði. Kirkjuþingsmennirnir höfðu miklar efasemdir um að hleypa fríkirkjum að „sínum kirkjueignum“. Fríkirkjufólki var líkt við asna sem stendur utan við borgarmúrana. Kirkjuþingsmennirnir ræddu sín á milli hvernig hægt væri að lokka asnann inn fyrir borgarmúrinn (þ.e. í þjóðkirkjuna), ná gullinu (trúfélagsgjöldunum) af baki hans en senda asnann síðan aftur út fyrir borgarmúrinn þar sem hann ætti helst heima.

Árið 2003 hvatti formaður prestafélagsins alla þjóðkirkjupresta til að skrá sem flesta úr frjálsum kristnum trúfélögum og inn í þjóðkirkjuna. Hvatinn var að fá fleiri stöðugildi frá ríkinu, meiri pening umfram önnur trúfélög. Enn í dag reyna sumir þjóðkirkjuprestar að fá fríkirkjufólk til að skrá sig yfir.

Þegar stofnunin ræðst gegn grasrótinni eru góð ráð dýr. Legg ég því til að í stað þess að þjóðkirkjan setji milljónirnar til höfuðs okkur að hún afhendi kristnum fríkirkjum 150 milljónirnar til ráðstöfunar. Það væri þá loks í anda þess Jesú Krists sem stofnunin kennir sig við. Sú upphæð er aðeins örlítið brotabrot af öllum kirkjusögulegum arfi fríkirkjufólks sem ríkiskirkjan hefur haldið fyrir sjálfa sig. Þær milljónir munum við nota til að efla grasrótarkristni á Íslandi í anda víðsýni og umburðarlyndis. Við munum fagna fjölbreytileika mannlífsins og vinna að því að sameina í stað þess að sundurgreina. Við munum ekki líta til kaþólsku miðaldakirkjunnar sem fyrirmyndar heldur til þess Jesú Krists sem var í nöp við trúarstofnanir og lifði og starfaði í grasrótinni.

Byggðu upp þinn sjóð með reglubundnum sparnaði

Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir í áskrift
er góð leið til að byggja upp eignasafn.

Lágmarksupphæð aðeins 5.000 kr. á mánuði.

100% afsláttur af upphafsgjaldi í áskrift í sjóðum.

Enginn fjármagnstekjuskattur greiddur fyrr en við innlausn.*

*Skattameðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíð.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



## ROMANCE
2,5 sæta sófi. Dökkgrár. Viðarfætur.
Stærð: 170 x 82 x 87 cm

**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~



## OSWALD
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Viðarfætur.
Stærð: 185 x 84 x 87 cm

**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~



## ELLY
Þriggja sæta sófi. Litir: Ljós- og dökkgrár, gráblár, sandbleikur og dustygrænn. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~



## ALABAMA
Hornsófi með tungu. Hægri og vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, grátt eða antrazit.
Stærð: 255 x 245 cm

**185.476 kr.** ~~299.990 kr.~~



## MIDLAND
Hættulega notalegur tungusófi.
Hægri eða vinstri tunga.
Klæddur slitsterku ljósu áklæði ljósu.
Einnig fáanlegur í brúnu áklæði
Stærð: 280 × 175 × 95 cm

Ljóst áklæði
**314.508 kr.** ~~389.990 kr.~~

Brúnt áklæði
**362.896 kr.** ~~449.990 kr.~~

## FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm



**241.927 kr.** ~~299.990 kr.~~




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# SÓFAR
# TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*



## CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

IDdesign




**Þú finnur nýja sófa-taxfreeblaðið á www.husgagnahollin.is**



## COSTA

Tungusófi. Vinstri tunga.
Hvítt eða svart bongo áklæði.
Stærð: B:340 D:240/163 cm

**322.573 kr.** ~~399.990 kr.~~

*** Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.** Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar. Gildir ekki á Kamma afmælissófanum.

HÚSGAGNA HÖLLIN

# ÞÚ ferð í taugarnar á mér!



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur

Hvað ég eða einhver annar hugsar kemur engum við. Sumar hugsanir eru gæluhugsanir, aðrar íþyngjandi, þrálátar og enn aðrar sjálfvirkar í þeirri merkingu að við ákveðnar aðstæður eða áreiti þá skjótast þær fram og taka stjórnina. Hugsanir, jákvæðar sem neikvæðar eru á ábyrgð þess einstaklings sem á þær og hann velur hvort hann ætlar að leyfa þeim að hafa einhver sérstök áhrif á líðan eða atferli sitt.

Það er næstum því hægt að fullyrða að enginn fari í gegnum lífið án þess að upplifa einhvern tímann að einhver fari í taugarnar á sér. Það er ekki merki um að vera slæm manneskja að hugsa hugsanir eins og mér líkar ekki við þennan eða þessi er ekki mín týpa eða mér finnst þessi pirrandi. Það er hluti af tilverunni að vera stöðugt að máta sig við menn og málefni, vega, meta og flokka.

Hins vegar, þegar kemur að hegðun og framkomu gagnvart öðru fólki gilda ákveðnar reglur. Þær vísa veginn um hvernig okkur ber að koma fram við aðra og að ákveðin framkoma og hegðun, þ.m.t. einelti, sé óásættanlegt og bannað. Þetta leiðir af sér að hugsun eins og „ÞÚ ferð í taugarnar á mér“ gefur eiganda hennar ekki eitthvert sérstakt leyfi til að koma illa fram við þessa tilteknu manneskju. Honum leyfist ekki að hreyta í hana ónotum, niðurlægja hana eða sýna henni fyrirlitningu. Ef hann gerir það engu að síður ber okkur sem einstaklingum, atvinnurekendum, löggjafanum og samfélaginu að segja stopp, hingað og ekki lengra, EKKI MEIR, EKKI AFTUR.

**Skilvirkt viðbragðskerfi**

Ef kvörtun kemur frá einstaklingi sem upplifir að hafa orðið fyrir óásættanlegri framkomu eða einelti ber að grípa strax inn í með skilvirku viðbragðskerfi. Slíkt viðbragðskerfi felur í sér að skoða málið, ræða við aðila og skila niðurstöðu. Viðbragðskerfi er hluti af forvörnum sé það á annað borð sýnilegt. Í viðbragðskerfinu felst að kanna réttmæti kvörtunarinnar. Eigi kvörtunin við rök að styðjast þarf að finna leiðir til að lágmarka skaðann sem orðið hefur, vinna með aðila og tryggja að framkoman endurtaki sig ekki.

> **Fullorðnir eru fyrirmyndir barnanna. Sjái barn fyrirmynd sína koma illa fram við aðra manneskju telur barnið að hegðun af þessu tagi sé í lagi. Það er öllum hollt að spyrja af og til, er ég góð fyrirmynd barna minna og annarra sem ég umgengst þegar kemur að framkomu og hegðun við annað fólk?**

Sá sem á hugsunina „ÞÚ ferð í taugarnar á mér“ og sýnir hana í framkomu á við vandamál að stríða. Hann hefur slaka tilfinningastjórn og leyfir neikvæðum tilfinningum að ráða för frekar en dómgreind og skynsemi. Gera má því skóna að innra með honum búi pirringur og minnimáttarkennd. Mesta gæfa þessarar manneskju væri að hafa innsæi í vanda sinn og vilja taka á honum.

En jafnvel þótt innsæi skorti eða löngun til að láta af neikvæðri hegðun og framkomu geta allflestir engu að síður lært hvað má og ekki má. Í lærdómnum felst að meðtaka kröfuna um að láta af hinni neikvæðu hegðun gagnvart öðrum.

**Krafan er:**

Hvað sem þér þykir um þessa tilteknu manneskju ber þér að sýna henni almenna kurteisi eins og að bjóða góðan dag o.s.frv. Hættu að sýna henni andúð, fyrirlitningu, hroka, baktala hana eða hunsa.

Hvað varðar börnin þá er ábyrgð okkar allra að brýna fyrir þeim að ekkert okkar er eins. Öll höfum við séreinkenni sem sýna á virðingu og umburðarlyndi. Segja þarf börnum að ekkert réttlæti að koma illa fram við aðra krakka, alveg sama hvað þeim finnst um þá. Við unglingana þarf einnig að árétta að skrifa aldrei neitt um aðra á netið sem þeir myndu ekki vilja að væri skrifað um þá.

Fullorðnir eru fyrirmyndir barnanna. Sjái barn fyrirmynd sína koma illa fram við aðra manneskju telur barnið að hegðun af þessu tagi sé í lagi. Það er öllum hollt að spyrja af og til, er ég góð fyrirmynd barna minna og annarra sem ég umgengst þegar kemur að framkomu og hegðun við annað fólk?

Fræðslunefnd Náttúrulækningafélags Íslands efnir til málþings á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, þingsal 1 þriðjudaginn 10. nóvember 2015 kl. 20:00

Þarmar með sjarma!

Hollt mataræði – betri melting – heilbrigðir þarmar

- Eru þarmar með sjarma?
- Er fæði frummannsins betra fyrir þarmana?
- Eru þarmar matvandir?
- Byrjar og endar heilsa okkar í þörmunum?
- Eru tengsl milli þarma og ADHD?
- Hefur sykurneysla áhrif á þarma?



**Frummaðurinn og nútíminn**
Haraldur Erlendsson geðlæknir og forstjóri Heilsustofnunar NLFÍ.

**Þarmar með sjarma**
Rakel Fleckenstein Björnsdóttir þýðandi.

**Þarmaflóran – okkar eigin hönnun**
Birna G. Ásbjörnsdóttir MSc í næringarlæknisfræði og MSc-nemi í gagnreyndum heilbrigðisvísindum.

**Pallborðsumræður að loknum erindum**


Margrét Grímsdóttir


Haraldur Erlendsson


Rakel F. Björnsdóttir


Birna G. Ásbjörnsdóttir

Fundarstjóri er Margrét Grímsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsustofnun NLFÍ.

Allir velkomnir.
Aðgangseyrir 2.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn.

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG ÍSLANDS NLFÍ

Berum ábyrgð á eigin heilsu




# Blákalt um birtingu RÚV-skýrslu



**Björg Eva Erlendsdóttir**
núverandi stjórnarmaður og fv. stjórnarformaður RÚV

Eyþór Arnalds, RÚV-skýrsluhöfundur, sendir undirritaðri kuldakveðju í Fréttablaðinu fyrir helgi og sakar um ósæmilegar rangfærslur af ýmsu tagi.

Eyþór telur sig vita betur en ég, sem þó sit í stjórn RÚV, hvenær stjórnin fékk skýrsluna. Upplýst skal að skýrslan kom til stjórnar í tölvupósti frá útvarpsstjóra 29. október, klukkan 13.39. Þrjátíu og níu mínútum eftir að hún var kynnt almenningi á blaðamannafundi í Þjóðminjasafninu.

> **Upplýst skal að skýrslan kom til stjórnar í tölvupósti frá útvarpsstjóra 29. október, klukkan 13.39. Þrjátíu og níu mínútum eftir að hún var kynnt almenningi á blaðamannafundi í Þjóðminjasafninu.**

Mörgum dögum áður hafði birst umfjöllun um skýrsluna og tilvísanir í hana og skýrslubrot á Eyjunni. Og síðar hefur komið fram að almannatengill sá um dreifinguna.

Í viðbót við ásakanir um rangfærslur, dylgjur og að fara í manninn en ekki boltann, telur Eyþór að ég ætti að nota tímann til að skoða vanda útvarpsins af yfirvegun og ræða efnisatriði skýrslunnar, sem menntamálaráðherra telji svo góðan umræðugrunn. Og vissulega verður fróðlegt að ræða efnisatriði skýrslunnar við ráðherrann sem pantaði hana. Eyþór hefði hins vegar mátt ræða við fleiri á meðan skýrslan var í vinnslu, en þar vantaði talsvert upp á af hans hálfu. En nú hefur starfandi formaður RÚV, Guðlaugur Sverrisson, boðað fund með skýrsluhöfundum á mánudag.

Fullseint er það og ekki að frumkvæði skýrsluhöfunda, sem virðast ekki hafa gefið því gaum að yfir RÚV, var og er, þverpólitísk stjórn kjörin af Alþingi, þótt skýrslan gagnrýni stjórnir RÚV frá ohf-stofnun. Hefðu vandvirkir skýrsluhöfundar ekki átt frumkvæði að því að gefa bæði fyrrverandi og núverandi stjórnendum RÚV færi á að útskýra sínar ákvarðanir, meðan skýrslan var í vinnslu? Í stað þess að birta hana í samkeppnismiðlum fyrst og rífast svo um hana við þá sem bornir eru sökum í fjölmiðlum á eftir.

Því sýnist mér að málið liggi núna þannig að það sé Eyþór Laxdal Arnalds sem skuldi afsökunarbeiðni. Og ekki mér sérstaklega, heldur öllum þeim sem vilja Ríkisútvarpinu vel og að áfram starfi fjölmiðill í þágu og í eigu almennings.


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X1
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure
BMW X1
NÝR OG SPENNANDI BMW X1.
VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.
BMW X1 sDrive18d
Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,3 l/100 km*
Verð frá 5.790.000 kr.
BMW X1 xDrive18d
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km*
Verð frá 6.490.000 kr.
Staðalbúnaður er meðal annars sjálfskipting, 17" álfelgur, LED dagljós, lykillaus ræsing, loftkæling, aðgerðahnappar í stýri, handfrjáls Bluetooth símabúnaður og tónlistarstreymi, Eco - Comfort og Sport akstursstillingar, veghæð 18,2 cm, upphituð sæti og speglar, nálgunarvari aftan, 6,5" litaskjár í mælaborði og iDrive stjórntölva.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM71836
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Synda á meðal stjarnanna

Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttur voru báðar valdar í úrvalslið Evrópu sem mætir Bandaríkjunum í Indianapolis. Þar keppa margar af skærustu sundstjörnum heims.

**SUND** „Þetta er alveg geðveikt,“ segir Eygló Ósk Gústafsdóttir kampakát í samtali við Fréttablaðið, en íslenska sunddrottningin og Ólympíufarinn var valin, ásamt Hrafnhildi Lúthersdóttur, í úrvalslið Evrópu sem mætir Bandaríkjunum í Einvíginu í lauginni í byrjun desember.

„Ég frétti af þessu fyrir svona mánuði en nafnalistinn var ekki gefinn út fyrr en núna. Þarna verður fullt af stjörnum. Ég hoppaði alveg af kæti þegar ég frétti að ég væri með og ætlaði varla að trúa þessu. Þetta er alveg frekar stórt mót,“ segir Eygló.

Einvígið í lauginni (e. Duel in the Pool) er keppni sem fram fer annað hvert ár og er eins konar Ryder-bikar í sundinu þar sem bestu sundmenn Bandaríkjanna og Evrópu mætast. Fyrst var keppt árið 2003 en í fyrstu þrjú skiptin mættust Bandaríkin og Ástralía.

**Skærustu stjörnur heims**

Bandaríkin og Evrópa hafa mæst þrisvar sinnum og Bandaríkin haft betur í öll skiptin. Fyrir tveimur árum í Skotlandi þurfti þó bráðabana til að skilja á milli liðanna en þar kom bandaríska sveitin í 4x50 metra fjórsundi á undan í mark á nýju heimsmeti.

Það er ekki ofsögum sagt að Eygló og Hrafnhildur verða þarna í stjörnufans. Það má alveg leiða að því líkur að stöllurnar hafi kiknað aðeins í hnjánum þegar þær sáu listann yfir skipan liðanna.

Bara til að gefa lesendum smá hugmynd um hversu stórt þetta er þá eru með Hrafnhildi og Eygló í liði ungverska járnfrúin Katinka Hosszú sem er ósnertanleg í fjórsundi, Ranomi Kromowidjojo, hollenskur Ólympíumeistari í 50 og 100 metra skriðsundi, og Dániel Guyrta, Ungverji sem er heimsmethafi í 200 metra bringusundi.

Í bandaríska liðinu eru bæði Missy Franklin og Ryan Lochte. Það á í raun ekkert að þurfa að segja meira. Segjum samt aðeins meira. Franklin er aðeins tvítug en er samt fjórfaldur Ólympíumeistari og ellefufaldur gullverðlaunahafi á HM. Lochte hefur lengi verið næstbesti sundmaður Bandaríkjanna á eftir Michael Phelps og á að baki fimm Ólympíugull og 39 gull á HM.

**Æfingar á landi að skila sér**

„Þarna verður einfaldlega samansafn af besta sundfólki heims og því öllu skellt saman í eitt mót. Við Hrafnhildur verðum örugglega í sjokki að vera í kringum þessar stjörnur en það verður bara gaman,“ segir Eygló.

Hún keppir um næstu helgi á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug og svo á EM í 25 metra laug áður en kemur að veislunni í Indianapolis í Bandaríkjunum.

„Við erum bara að æfa fyrir EM núna á fullu. Næsta ár er svo Ólympíuár þannig að allir eru að einbeita sér að því. Það verður spennandi að sjá hvað gerist,“ segir Eygló.

Þessi gríðarlega efnilega sundkona rakaði saman verðlaunum á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug fyrr á árinu og komst svo í úrslit á HM í Rússlandi í sumar líkt og Hrafnhildur sem gerði það tvívegis. Hverju þakkar hún þennan árangur?

„Ég hef ekki breytt miklu í sundinu sjálfu en ég geri meira af brakkaþreki og æfingum á landi ef þannig má að orði komast. Ég er í mun meiri þrekæfingum og lyftingum og það hefur komið sterkt inn,“ segir Eygló Ósk Gústafsdóttir.

**»** Hrafnhildur Lúthersdóttir er 24 ára sundkona úr SH sem keppir fyrir Florida Gators-háskólann í Bandaríkjunum. Hún komst tvívegis í úrslit á HM í Rússlandi í sumar.




**»** Eygló Ósk Gústafsdóttir er tvítug sundkona úr Ægi sem komst í fyrsta sinn í úrslit á HM í sumar.

## Nýjast

**Domino´s deild karla í körfubolta**

**Haukar - FSu 104-88**
**Stigahæstir:** Haukur Óskarsson 26, Stephen Madison 24, Hjálmar Stefánsson 15, Kári Jónsson 12, Finnur Atli Magnússon 12/8 fráк./7 stoðs. - Cristopher Caird 30.

**Höttur - KR 50-85**
**Stigahæstir:** Tobin Carberry 19 - Þórir Þorbjarnarsson 18, Darri Hilmarsson 17, Michael Craion 15/18 frák., Ægir Þór Steinarsson 13/7 frák./6 stoðs.

**Þór Þorl. - ÍR 107-64**
**Stigahæstir:** Vance Michael Hall 27, Davíð Arnar Ágústsson 17/17 mín./5 af 7 í 3ja, Þorsteinn Már Ragnarsson 15, Halldór Garðar Hermannsson 11 - Oddur Rúnar Kristjánsson 19, Vilhjálmur Theodór Jónsson 15.

KR-ingar fóru illa með nýliðana í Egilsstöðum og unnu sinn fjórða leik í röð. Kanalausir ÍR-ingar og nýliðar FSu og Hattar litu ekki vel út þegar liðin seinlágu öll í gær.

**Domino's-deild kvenna í körfubolta**

**Haukar - Hamar 84-49**
**Stigahæstar:** Helena Sverrisdóttir 14/11 frák./5 stolnir, Sólrún Inga Gísladóttir 12, Dýrfinna Arnardóttir 11, Þóra Kristín Jónsdóttir 9, Pálína Gunnlaugsdóttir 9 - Suriya McGuire 14, Nína Jenný Kristjánsdóttir 9.

**Snæfell - Valur 82-38**
**Stigahæstar:** Haiden Denise Palmer 25, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14, Rebekka Rán Karlsdóttir 13 - Karisma Chapman 15.

BIRGIR LEIFUR BYRJAR VEL

Birgir Leifur Hafþórsson er í 2. sæti eftir fyrsta keppnisdaginn af fjórum á öðru stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina í golfi sem fer fram á Las Colinas-vellinum í Alicante á Spáni. Birgir Leifur lék á 66 höggum í gær eða fimm höggum undir pari. Hann fékk meðal annars fjóra fugla á síðustu níu holunum. Birgir er tveimur höggum á eftir efsta manni en gera má ráð fyrir að 15 efstu kylfingarnir komist áfram á lokaúrtökumótið. Birgir Leifur er nú að leika í sautjánda sinn á úrtökumótinu frá árinu 1997 en hann hefur ellefu sinnum komist inn á lokaúrtökumótið.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 12.35 | Bournem. - Newcast. | Sport 2 |
| 14.50 | Norwich - Swansea | Sport 4 |
| 14.50 | Man. Utd. -WBA | Sport 2 |
| 14.50 | West Ham - Everton | Sport 3 |
| 16.55 | Verona - Bologna | Sport |
| 17.00 | Keflavík - Grindavík | Sport 3 |
| 17.30 | Stoke - Chelsea | Sport 2 |
| 19.40 | AC Milan - Atalanta | Sport |
| 13.30 | HK - Valur | Digranes |
| 13.30 | ÍR - Stjarnan | Austurberg |
| 14.00 | Fram - KA/Þór | Framhús |
| 15.00 | Fjölnir - Fylkir | Dalhús |
| 16.00 | Selfoss - ÍBV | Selfoss |
| 16.00 | Haukar - Grótta | Ásvellir |
| 17.15 | Keflavík - Grindavík | Keflavík |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 13.20 | A.Villa-Man. City | Sport 2 |
| 13.55 | Roma - Lazio | Sport |
| 14.55 | Barcelona - Villarreal | Sport |
| 16.00 | Liverpool - C. Palace | Sport 2 |
| 16.00 | Arsenal - Tottenham | Sport |
| 19.25 | Sevilla - Real Madrid | Sport |
| 19.40 | Sampdoria - Fiorent. | Sport 3 |
| 21.20 | Colts - Broncos | Sport |
| 13.30 | Afturelding - FH | Varmá |




## Gulldeildin fer fram um helgina




**Mætir löndum sínum á morgun** Guðmundur Guðmundsson, stýrir danska landsliðinu á móti því íslenska á æfingamótinu í Ósló annað kvöld. Í dag spilar Ísland við heimsmeistara Frakka en Danir mæta Norðmönnum. NORDICPHOTOS/GETTY

# OUTLETSPRENGJA



# 40-90%

## AFSLÁTTUR

## LOKADAGUR

## OPIÐ TIL KL 16:00



**ELÍ** 14.993 kr. ~~39.490 kr.~~



**DÚNA** 17.993 kr. ~~34.990 kr.~~



**FURA** 22.493 kr. ~~48.990 kr.~~



**DÓI** 10.493 kr. ~~19.990 kr.~~

| | |
|---|---|
| **Fimmtudag - Föstudag** | **10 - 18** |
| **Laugardagur** | **10 - 16** |

**CINTAMANI OUTLET**

Austurhraun 3, Garðabæ | www.cintamani.is



**FREDERIK SCHRAM**
**Vestsjælland**, Danmörku
*Aldrei spilað á Íslandi*
**20 ÁRA**
**0 landsleikir**



**HAUKUR H. HAUKSSON**
**AIK**, Svíþjóð
*Síðast með KR á Íslandi*
**24 ÁRA**
**2 landsleikir**



**SVERRIR I. INGASON**
**Lokeren**, Belgíu
*Síðast með Breiðabliki á Íslandi*
**22 ÁRA**
**1 landsleikur**



**HÖRÐUR BJÖRGVIN MAGNÚSSON**
**Cesena**, Ítalíu
*Síðast með Fram á Íslandi*
**24 ÁRA**
**2 landsleikir**



**HJÖRTUR HERMANNSSON**
**PSV**, Hollandi
*Síðast með Fylki á Íslandi*
**20 ÁRA**
**0 landsleikir**





**ELÍAS MÁR ÓMARSSON**
**Vålerenga**, Noregi
*Síðast með Keflavík á Íslandi*
**20 ÁRA**
**2 landsleikir**



**RÚNAR MÁR SIGURJÓNSSON**
**GIF Sundsvall**, Svíþjóð
*Síðast með Val á Íslandi*
**25 ÁRA**
**4 landsleikir, 1 mark**



**OLIVER SIGURJÓNSSON**
**Breiðabliki**
**20 ÁRA**
**0 landsleikir**



**ARNÓR I. TRAUSTASON**
**Norrköping**, Svíþjóð
*Síðast með Keflavík á Íslandi*
**22 ÁRA**
**0 landsleikir**

# Enginn öruggur með sæti á EM

**Níu leikmenn fá nú tækifæri til að sýna sig og sanna með landsliðinu í æfingaleikjum gegn Póllandi og Slóvakíu en ungur leikmannahópur var valinn í gær.**

**FÓTBOLTI** Undirbúningurinn fyrir EM í Frakklandi er nú formlega hafinn en í gær var valinn landsliðshópurinn fyrir fyrstu æfingaleikina, sem verða að öllum líkindum alls átta talsins áður en lokakeppnin hefst í júní. Ísland mætir Póllandi og Slóvakíu síðar í mánuðinum en það verður ungt íslenskt landslið sem mætir þessum sterkum þjóðum í þeim leikjum.

Landsliðið skiptist í tvo hópa. Annars vegar leikmenn 26 ára og eldri sem voru lykilmenn í nýliðinni undankeppni EM og hins vegar yngri hópinn sem hefur að langmestu leyti staðið fyrir utan. Aðeins tveir leikmenn í liðinu eru yfir þrítugu.

„Við hefðum viljað taka þessa ungu leikmenn inn í hópinn miklu fyrr og oftar. En staðan í hópnum og mikilvægi leikja hefur komið í veg fyrir það,“ segir Heimir en það þótti ekki mikil ástæða til að hrista upp í landsliðshópnum á milli leikja í síðustu undankeppni, enda velgengni íslenska liðsins mikil.

„Við völdum stöðugleikann fram yfir að skoða leikmenn. Við höfum verið mjög ánægðir með hópinn sem við höfum verið með en metum það svo að nú sé rétti tíminn til að sýna mönnum að þeir eiga enn möguleika á að komast í hópinn fyrir lokakeppnina.“

### Vantaði ekki unga menn í liðið

Kynslóðabilið í leikmannahópi Íslands er afar skýrt. Í hópnum eru tólf leikmenn fæddir 1989 eða fyrr sem eiga samtals að baki 360 leiki. Þá eru ellefu leikmenn fæddir 1990 eða síðar sem eiga samtals 63 leiki – þar af eiga sóknarmennirnir Kolbeinn Sigþórsson 30 og Jón Daði Böðvarsson sautján.

Heimir segir að frammistaða Íslands í nýliðinni undankeppni sýni að það hafi ekki vantað leikmenn úr síðari hópnum í íslenska landsliðið.

„Ef við horfum til framtíðar þá er gott að setja nýja leikmenn inn í okkar leikkerfi og leyfa þeim að kynnast landsliðsumhverfinu. Það er gott að geta yngt liðið upp þegar tækifæri gefst en landsliðið hefur hingað til alls ekki verið of gamalt.“

Landsliðið var einnig valið nú með það í huga að ekki geta allir gefið kost á sér í æfingaleikina í janúar. Þá munu liðinu aðeins standa til boða leikmenn sem spila á Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Af þeim ástæðum eru leikmenn eins og Hörður Björgvin Magnússon, sem spilar með Cesena á Ítalíu, og Hjörtur Hermannsson hjá PSV í Hollandi í liðinu nú. Það eru því fleiri leikmenn sem spila á Norðurlöndunum sem ekki voru valdir nú en fá líklega tækifærið í janúar.

### Skýrari mynd í mars

Enn liggur ekki fyrir hvaða liðum Ísland mætir eftir áramót en Heimir segir að reikna megi með að í leikjunum í mars verði komin ákveðin mynd á þann hóp sem fer á EM.

„Í mars fáum við bara fimm æfingar með leikmönnum og tvo leiki. Þá þurfum við að vera með nokkuð góða mynd af því hvaða leikmenn við ætlum með til Frakklands. Við erum því að hvetja menn til að taka framförum eins fljótt og mögulegt er og standa sig eins vel og hægt er með sínum félagsliðum.“

Hann segir að það sé stór hópur leikmanna sem komi til greina fyrir EM í Frakklandi og að það verði vel fylgst með þeim í vetur.

„Við viljum að þessi hópur sé sem stærstur og þess vegna veljum við þennan hóp í dag. Við viljum að hann stækki enn frekar og batni.“ **eirikur@365.is**





NÝTT ÚTLIT
SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi
Borða
Drekka
tyggja
WRIGLEY'S
Extra®

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN



**Hluti listamannanna sem standa að markaðnum í portinu við Prikið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Myndlist ræður ríkjum á Prikinu

Myndlistarmarkaðurinn Mart Art fer fram í portinu á Prikinu í dag þar sem fjölmargir listamenn selja verk sín.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

„Við erum skapandi fólk sem langaði að gera eitthvað skemmtilegt saman,“ segir Björn Þór Björnsson, eða Bobby Breiðholt eins og hann er jafnan kallaður. Björn sem er hönnuður og myndlistarmaður stendur fyrir markaðnum Mart Art sem fram fer á Prikinu í dag ásamt þeim Óla Gumm, Mörtu Eir, Algera Studio, Christopher Thor Cleland AKA Sleepofer, Margeir Dire, TBA og Selurone sem öll munu selja verk sín.

Miðbærinn iðar af mannlífi um helgina í tilefni Iceland Airwaves-hátíðarinnar þar sem fjölmargir ferðamenn hafa gert sér ferð til landsins til þess að taka þátt í hátíðinni auk allra heimamannanna sem hana sækja. Fjöldi Off venjú viðburða er í gangi um helgina og tónleikar um allan bæ. Bobby segir það því hafa verið tilvalið að halda myndlistarmarkað þessa helgi. „Við þekkjumst öll eitthvað og fórum nokkur að tala saman um að hafa svona markað. Okkur fannst sniðugt að hafa hann um Airwaves-helgina. Þetta er svo skemmtileg helgi. Það er svo mikið líf í bænum, fullt af fólki og mikið um að vera. Það skemmir svo ekki fyrir að bærinn er fullur af listunnendum,“ segir hann og vonast að sjálfsögðu til þess að sem flestir kynni sér listina sem boðið verður upp á á markaðnum. „Það er mikil gróska í þessu núna og mikið um að fólk sé að gera sitt eigið, fara og prenta sjálft og koma sér á framfæri. Við erum ekkert að þessu fyrir peninginn, þetta snýst bara um að koma þessu frá okkur á blað,“ segir hann.

Það verður margt í boði á markaðnum. „Þetta er alls konar; málverk, teikningar, sumir eru að prenta og sumir að þrykkja á föt. Bara allt mögulegt,“ segir hann og lofar góðri stemmingu.

„Það er alltaf nóg um að vera á Prikinu. Það er tilvalið að kíkja í kaffi eða hamborgara og á okkur í leiðinni meðan fólk skipuleggur dagskrá kvöldsins,“ segir hann.

Markaðurinn stendur frá klukkan 14 til 16 í portinu við Prikið.

**VIÐ ERUM SKAPANDI FÓLK SEM LANGAÐI AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT SAMAN.**

## Hvað á að gera um helgina?

**LESTU**
Týnd í Paradís, eftir Mikael Torfason.






Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, stjórnmálamaður

**TAKA TIL OG HUGSA UM VEIKAN EIGINMANN**

Ég ætla að taka til, fara í ræktina, sund, hitta barnabörnin og hugsa um veikan eiginmann.

**FARÐU**
á Iceland Airwaves um helgina. Fjöldi off venue-viðburða er í boði fyrir þá sem eiga ekki band.





Lilja Katrín Gunnarsdóttir, fjölmiðlakona

**FLAGGAR TRÚLOFUNARHRINGNUM**

Ég ætla að vera almennt óþolandi og flagga epískum trúlofunarhring mínum á árlegu skákmóti fjölskyldunnar minnar.

**HORFÐU**
á spennuþáttinn Rétt á sunnudagskvöldið en leikar eru farnir að æsast í þáttaröðinni.





Smári McCarthy, Pírati

**KOKTEILPARTÍ OG BÆNDAMARKAÐUR**

Þetta er eina fríhelgin mín í nóvember. ég ætla að kíkja upp á Vukov Konak, halda kokteilpartí heima og kíkja á bændamarkað á sunnudaginn.

**HLUSTAÐU**
á tónleika Jóns Ólafssonar og Futuregrapher í Fríkirkjunni á laugardag klukkan níu.



# AÐ BREYTA HEIMINUM MEÐ LITLUM BYLTINGUM






**KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR RÆR HÉR Á NÝ MIÐ Í ÁHRIFAMIKILLI SKÁLDSÖGU UM ÍSLENSKAR KONUR**

Ef maður hrindir af stað stórum byltingum sviðnar jörð og rýkur úr rústum.

Ef maður gerir litlar byltingar, alla daga, sem fæstir taka eftir, þá hreyfist veröldin með manni þangað sem förinni er heitið.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*



MYND/SKJÁSKOT

# Setja mannskap í hatursglæpi

Þann 15. janúar verður til ný staða lögreglumanns í hatursglæpum, meðal annars vegna þróunar á Norðurlöndum.

Ólöf Skaftadóttir
olof@365.is
Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Mér vitanlega hefur ekki verið fylgst með öfgahópum eða -hreyfingum á Íslandi með kerfisbundnum hætti nema að því er varðar hryðjuverkaógn. Lögregla hefur samt fengið ýmsar ábendingar um slíka háttsemi og skoðað í kjölfarið, en ekki með markvissum hætti. Það stendur til að breyta því,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þann 15. janúar næstkomandi verður til ný staða lögreglumanns í svokölluðum hatursglæpum. „Sá mun leitast við að kortleggja svona starfsemi, mynda tengsl við slíka hópa og þess háttar.“

Aðspurð segir Alda þróunina í nágrannalöndum okkar benda til þess að Íslendingar þurfi að vera viðbúnir uppgangi öfgahópa. „Þessi nýja staða í hatursglæpum er ætluð til að bregðast við þessu. Sagan segir að það sem gerist í nágrannalöndum okkar getur allt eins gerst hér.“

Hún segir lögregluna ekki hafa hópa undir reglulegu eftirliti í dag. „Það hafa komið upp tilvik um hatursglæpi hér á landi, og frægt var þegar svínshausum var dreift á lóð í Sogamýri þar sem er fyrirhuguð bygging mosku. Tölfræði yfir hatursglæpi hefur ekki verið haldið innan lögreglunnar en það stendur til bóta.“

Alda segir lögregluna verða að gera ráðstafanir og taka mið af því sem er að gerast í kringum okkur. „Ef hatursglæpir verða hér á landi verðum við að vera undirbúin, þó að maður voni auðvitað að það komi ekki til þess. En ef það gerist verður viðbragðsáætlun hrint af stað, eins og almennt í eldsvoðum. Þarna tel ég að nýja staðan í hatursglæpum komi sterk inn.“



Alda Hrönn segir að Íslendingar þurfi að vera viðbúnir uppgangi öfgahópa.

## Í athugasemdum við frétt Vísis 1. júní

DREPA ÞESSA MÚSLIMA,,, ÞETTA ER EINS OG KAKKALAKKAR ÞEGAR ÞETTA KEMST INNI LANDIÐ. ÞAU VILJA RÁÐA YFIR ÖLLUM LÖNDUM SEM ÞEIR KOMA INNI ,,DREPA ÞETTA Í FÆÐINGU ENGA FOKKING MÚSLIMA KIRKJU Á ÍSLANDI !!!

Salmann Tamimi Það ætti að lífláta þig eins og það svín sem þú hegðar þér í öllum þeim gjörðum sem þú hefur gert í gegnum ævina helvítis litlækunar aumingi sem truir a spastiskan guð með alvarlegustu minnimátarkomplexa sem hægt er að hugsa sér.

Á meðan múslimar haga sér eins og staðreindin er, þá á ekki að byggja Mosku. Konur eru lítillækkaðar. Í sumum ríkjum fá þær ekki einu sinni bílpróf eða almenn réttindi. Þekki þetta af eigin raun. Þeir sem vilja Múslimavæða Ísland vita ekki hvað þeir eru að kalla yfir sig. Mæli með því að Múslimasinnar skoði sögu og tilurð múslimatrúar og taki afstöðu eftir það. Múslimar eiga ekki heima á Íslandi.

# Fjöldi öfgahreyfinga orðið til á Íslandi

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur hefur fylgst með uppgangi öfgasinnaðra þjóðernisafla í kjölfar efnahagskrísunnar. „Þjóðernisöflin klæða sig í mýkri búning núna en áður, birtingarmyndin er hófstilltari og mýkri en undirliggjandi er í rauninni sama hugmyndafræðin.

Ég hef velt því fyrir mér af hverju hafa ekki orðið til svona flokkar á Íslandi, á borð við danska þjóðarflokkinn, breska sjálfstæðisflokkinn og frönsku þjóðarfylkinguna. Svarið við því er að þessir hugmyndastraumar hafa lifað góðu lífi innan margra meginstraumsflokka í gegnum tíðina.“

Eiríkur segir Framsóknarflokkinn nú hafa flest einkenni þjóðernispopúlisma eins og þau birtast í Evrópu, án þess að honum megi á nokkurn hátt blanda saman við öfgahreyfingar. „Orðræða Framsóknarflokksins hefur breyst frá hruni með algerlega nýrri forystu. Það verða algjör umskipti í flokknum. Orðræða flokksins fór að verða miklu þjóðernisskotnari heldur en áður. Framsóknarflokkurinn er því að hluta til þjóðernispopúlískur flokkur, hann er líka miðjuflokkur og gamall bændaflokkur.“

ÞETTA ERU FALDAR SELLUR SEM BIRTAST AF OG TIL.

Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur






### Áberandi öfgahreyfingar

Eiríkur segir að þegar þjóðernisstefnan beið almennt skipbrot, hafi komið upp nokkrar öfgahreyfingar. „Á áttunda áratugnum og fram á þann níunda er félagsskapurinn Norrænt mannkyn starfræktur. Það var rasískur félagsskapur. Íslenskir stjórnmálamenn tengdust sumir þeim félagsskap og töluðu á fundum þeirra.

Svo verður til fyrirbæri á tíunda áratugnum sem hét Félag íslenskra þjóðernissinna. Þeir náðu töluverðu flugi í umræðu, leiðtogi þeirra endaði á forsíðu DV í stóru opnuviðtali. Í viðtalinu lýsti hann mjög afgerandi kynþáttahyggju og yfirburðum hins hvíta kynstofns.

Síðan verður til annar félagsskapur, Flokkur framfarasinna, þeir voru með lista yfir stefnumál sem hvíldu ekki lengur á líffræðilegum rasisma heldur menningarlegum. Þar sem aðgreiningin er ekki lengur réttlætt á grundvelli kynþáttar heldur menningar, það hefur síðar orðið stefið.“

Eiríkur minnist herferðar Frjálslynda flokksins árið 2006. „Áður en þessar greinar birtust voru þeir að mælast langt undir þröskuldi og á einum mánuði mælast þeir með 12% meira fylgi.“

### Ofbeldishreyfingar á Íslandi

Eiríkur segir einnig hafa orðið vart við ofbeldishreyfingar. „Við sjáum þær minna, þetta eru faldar sellur sem birtast af og til. Ég get nefnt sem dæmi Combat 18 og Blood and Honor. Þetta eru útibú af erlendum rasistahreyfingum.“

Eiríkur telur kynþáttahyggju hafa komið upp að nýju, nú í andstöðu við múslima. „Það er barnaskapur að halda því fram að hún nái ekki til Íslands og jafnvel er jarðvegurinn fremur frjósamur hvað þetta varðar. Þannig að það er full ástæða til þess að fylgjast með slíku.“

Hann segir þörf á því að hafa augun opin nú þegar aukinn fjöldi flóttamanna leitar til Evrópu. „Það er oft í tengslum við slíkt sem þrýstingurinn magnast og þess vegna þurfa menn að hafa augun opin. Það eru alltaf einhverjir sem geta gengið lengra heldur en allir hinir sem taka þátt í umræðunni gera sér nokkru sinni grein fyrir. Það er þess vegna sem þeir sem standa framarlega í umræðu bera ábyrgð á því hvernig þeir flytja mál sitt.“

➡







# JÓLIN KOMA

## 25% AFSLÁTTUR AF SPEGLUM, KLUKKUM, SKILTUM OG MYNDUM

AFSLÁTTUR GILDIR 7. – 11. NÓVEMBER



**KLUKKUR**
VERÐ FRÁ 1.493 KR.
MEÐ AFSLÆTTI




**SKILTI**
VERÐ FRÁ 593 KR.
MEÐ AFSLÆTTI

25% AFSLÁTTUR

**YVOIRE SPEGILL**
Áður 3.990,- NÚ 2.993,-
Stærð: 20xH25 cm

**NEIVA SPEGILL**
Áður 1.990,-
NÚ 1.493,-
Stærð: 30x30 cm.

**TUILERIES SPEGILL**
Áður 29.900,- NÚ 22.425,-
Stærð: 80x100 cm.



**LOHR SPEGILL**
Áður 22.900,- NÚ 17.175,-
Stærð: 52xH92 cm

the PIER

**EKSJO SPEGILL**
Áður 3.990,- NÚ 2.993,-
Stærð: 30x90 cm.

**VELSEN SPEGILL**
Áður 39.900,- NÚ 29.925,-
Stærð: 60xH180 cm.

**MYNDIR**
VERÐ FRÁ 593 KR.
MEÐ AFSLÆTTI



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is




Guðni bendir á að það megi skoða dagblöð til að fanga tíðarandann. „Sá hluti hægri öfga, ótti við útlendinga og kynþáttahyggja, þeirra hluta gætir alveg í íslensku samfélagi áratugina eftir stríð.“ MYNDIR/TÍMARIT.IS

# Kynþáttahyggjan lifir í samfélaginu

**Guðni Th. Jóhannesson** sagnfræðingur segir kynþáttahyggju lifa í íslensku samfélagi og eiga sér rætur þótt hægri öfgaflokkar hafi aldrei náð fótfestu. Íslensk stjórnvöld hafi átt ríkan þátt í að stuðla að andúð á útlendingum.

Hægri öfgaflokkar hafa aldrei náð fótfestu á Íslandi, hér voru stækir þjóðernissinnar í anda fasisma og nasisma. En þeir fengu aldrei fulltrúa á Alþingi og hverfandi fylgi í kosningum hvort sem það var til þings eða bæjar- og sveitarstjórna. Hvers vegna? Aðstæður voru allar aðrar hér, kannski tilviljanir, þetta voru mest krakkar, ungir strákar. Þeir höfðu engan alvöru leiðtoga sem náði að heilla fjöldann og blessunarlega er lýðræðishefð sterk hérna þótt til dæmis kjördæmakerfið hafi verið bæði ósanngjarnt og ólýðræðislegt.

Hér var samt aðdáun á Þýskalandi og hvernig Adolf Hitler og hans flokki tókst að rétta það ríki við, að því er virtist. Margir Íslendingar sem myndu alltaf hafa skömm á ógnarverkum nasismans sögðu á fjórða áratugnum að svona ætti að gera hlutina.

### Skömm stjórnvalda

Það er sorgarsaga að í íslensku samfélagi á þessum tíma voru til staðar ranghugmyndir um kynþætti og sérstaka yfirburði hvíta kynstofnsins og aría, það var jarðvegur hér fyrir þannig falsvísindi og fordóma. Það sýndi sig meðal annars í andúð á útlendingum og einkum gyðingum. Ráðamenn hér vildu ekki að gyðingar fengju landvistarleyfi. Það eru dæmi um gyðinga sem voru sendir til Danmerkur og nánast í opinn dauðann ef þeim hefði ekki tekist að forða sér þar frá því að lenda í klóm nasista. Þetta er svartur blettur á sögu íslenskra stjórnvalda.

Eftir stríð er enginn jarðvegur fyrir hægri öfgaflokka á Íslandi en kynþáttahyggjan lifði ennþá. Það voru til dæmis skýr skilaboð til bandaríska ráðamanna að í varnarliðinu mættu ekki vera blökkumenn. Aftur er skömm stjórnvalda mikil, tíðarandi getur ekki afsakað allt.“

### Dökkir á hörund áttu erfitt

Guðni telur fólk dökkt á hörund hafa átt í erfiðleikum með að setjast að á Íslandi.

„Útlendingaeftirlitið, seinna Útlendingastofnun vildi örugglega ekki dökka innflytjendur. Það stýrði flutningi erlends fólks til landsins. Þar tóku menn hlutverk sitt mjög alvarlega. Þar var verið að stjórna því hverjir flyttust til Íslands. Þótt ég hafi ekki rannsakað það eða komist í einhver gögn sem sanna það beinlínis þá virðist það liggja beint við að þeir sem voru öðruvísi á hörund en við áttu í enn meiri erfiðleikum en aðrir með að setjast hér að.“

Guðni bendir á að það sé hægt að lesa dagblöð frá þessum tíma til að fanga tíðarandann. „Þess hluta hægri öfga, ótta við útlendinga og kynþáttahyggju, þeirra hluta gætir alveg í íslensku samfélagi áratugina eftir stríð.

Það þarf ekki annað en að líta í sum blöð frá sjöunda og sjötta áratugnum, til dæmis Mánudagsblaðið, þar skín rasismi í gegn á hverri síðu. Auðvitað var það ekki sómakært blað ef svo má segja en segir samt sína sögu.“



Guðni segir kynþáttahyggju eiga sér rætur í íslensku samfélagi og lifa enn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> HÉR GÆTU MENN EKKI HEITIÐ BALTASAR SAMPER EÐA VLADIMIR ASHKENAZY. ÞÚ ERT EKKI ALVÖRU ÍSLENDINGUR EF ÞÚ HEITIR EKKI JÓN EÐA GUÐRÚN. ÞETTA FLÆÐIR Í HÚÐLITINN, GETUR ÞÚ VERIÐ ÍSLENDINGUR EF ÞÚ ERT DÖKKUR Á HÖRUND? EÐA GETUR ÞÚ VERIÐ ÍSLENDINGUR EF ÞÚ TALAR EKKI ÍSLENSKU?
>
> Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur

### Við og hinir

Fortíðin er nærri og Guðni segir stutt síðan Íslendingar brutu á mannréttindum innflytjenda með því að láta þá hætta að nota nafn sem þeim var gefið. „Við vorum og erum smáþjóð og skiljanlegt að menn vilji halda í einkenni þjóðarinnar, íslenska tungu. Þar til fyrir nokkrum árum gátu menn ekki fengið íslenskt ríkisfang nema að taka upp íslenskt nafn sem er náttúrlega brot á mannréttindum en var hluti af þessari verndarstefnu. Hér gætu menn ekki heitið Baltasar Samper eða Vladimir Ashkenazy. Þú ert ekki alvöru Íslendingur ef þú heitir ekki Jón eða Guðrún. Þetta flæðir í húðlitinn, getur þú verið Íslendingur ef þú ert dökkur á hörund? Eða getur þú verið Íslendingur ef þú talar ekki íslensku? Sumt af þessu er saklausara en annað, en það er það kannski ekki ef hugmyndin er sú að þetta séu við og hinir og þú getir eiginlega ekki tilheyrt okkur nema þú sért alveg eins og við.“



Taktvissir tónar í Miðborginni okkar
LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG
Miðborgin verður undirlögð af tónlist og fjöri alla helgina. Airwaves-hátíðin nær hámarki með öllum sínum viðburðum og spennandi hliðardagskrá. Það er tilvalið að gera sér ferð í bæinn og hefja jólainnkaupin í einni af fjölmörgum verslunum á svæðinu – eða setjast á kaffihús eða veitingastað og bjóða nóvember velkominn. Gerðu þér glaðan laugardag í Miðborginni okkar.
Opið til 17:00 og víða lengur. Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin!
Bergstaðir
Kolaport
Ráðhúsið
Stjörnuport
Traðarkot
Vesturgata
Vitatorg
%
P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —
MIÐBORGIN OKKAR



JÓLA ÆÐI
HÚSASMIÐJAN
allt að 40% afsláttur
40% afsláttur
Jólatilboð
8.870kr
14.790kr
Kaffivél Legacy
Russell Hobbs
Stál, 10 bollar. Afmælisútgáfa
1840125
40% afsláttur
Jólatilboð
7.790 kr
FULLT VERÐ: 12.990
Hraðsuðukanna Legacy
Afmælisútgáfa
1840126
Jólatilboð
1.590 kr
FULLT VERÐ: 1.990
20% afsláttur
Frostrós
Inniljós
hvít, rauð, marglit
2703001, 2703039-40
40% afsláttur
Jólatilboð
1.199kr
1.990kr
Aðventuljós
7 arma, 4 litir.
14500400-403
Jólatilboð
9.995 kr
FULLT VERÐ: 13.995
28% afsláttur
BLACK&DECKER
Hleðsluborvél
EPC12CAB
12V, 2 rafhlöður
5245999
20% afsláttur
Jólatilboð
4.970 kr
FULLT VERÐ: 6.215
Remington hárblásari
Pro Air 2200W
1804537
Jólatilboð
12.490 kr
FULLT VERÐ: 16.688
25% afsláttur
Blandari Illumina
Russel Hobbs
1840078
22% afsláttur
Jólatilboð
8.999 kr
FULLT VERÐ: 11.599
Panna Chef
28 cm, non-stick, ofn 180°C
2006503
Jólatilboð
2.490kr
2.999kr
Digital eldhúsvog
5 kg
2007256
Húsasmiðjan er sölu- og þjónustuaðili Electrolux á Íslandi
Jólatilboð
65.900 kr
FULLT VERÐ: 74.900
Þvottavél FW30L7120
7 kg, 1200sn.Orkunýting A+++
1805690
Jólatilboð
49.990 kr
FULLT VERÐ: 59.990
Þurrkari EDE 1072 PDW
Með barka, 7 kg, með rakaskynjara.
1805643
Jólatilboð
66.900 kr
FULLT VERÐ: 79.990
Uppþvottavél ES55201LOX
Orkunýting A+, Þurrkhæfni A,
Þvottahæfni A. Hljóðstyrkur 49 dB
1808977
Jólatilboð
49.900kr
64.900kr
Helluborð EHF 6342XOK
Keramik helluborð, 57.6x51.6cm
1850524
Jólatilboð
65.900kr
76.900kr
Fjölkerfa blástursofn
EOB 3311AOX, Stál. 74 ltr,
orkunýting A, kjöthitamælir.
1830202
Jólatilboð
7.995kr
8.995kr
VEGG&TAK
10 ltr
Jotun Vegg- og loftamálning
Jólatilboð
999kr
1.249kr
Elite rúllusett
7014827
26% afsláttur
Jólatilboð
12.995 kr
FULLT VERÐ: 17.595
damixa
Handlaugartæki
Damixa Rowan
8000236
20% afsláttur
Jólatilboð
16.395 kr
FULLT VERÐ: 20.495
LAUFEN
Vegghengt salerni
Laufen, án setu
7920010
Jólatilboð
5.495 kr
FULLT VERÐ: 7.257
24% afsláttur
BLACK&DECKER
Skrúfvél KC36LN
3.6V Li-ion rafhlaða
1.3 Ah, ljós og liðamót.
5246014

# KRAKKAFJÖR Í SKÚTUVOGI

## JÓLALAND BLÓMAVALS



**LATIBÆR SKEMMTIR KL 14:30**

**Jólastjarna**

**1.290kr** ~~1.990kr~~

**SAMTENGJANLEGAR ÚTISERÍUR 100 LED**

SAM TENGJAN LEGAR

*Jólatilboð*

**3.990kr** ~~5.990kr~~

FROST

*Jólatilboð*

**599kr** ~~799kr~~

**LED innisería**

FROST

*Jólatilboð*

33% afsláttur

**999kr** ~~1.490kr~~

**Rafhlöðusería LED hjörtu**
10 ljósa, silfurlit

*Jólatilboð*

**Gervijólatré**

**20% afsláttur**

**7.990 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

SAM TENGJAN LEGAR

**Papaya LED útisería, 20 ljósa 5 m**
Samtengjanleg. Flott fyrir bakkantinn og í tré.
4 litir: hlý hvít, köld hvít, rauð, marglit

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# LATIBÆR Í DAG

**14:30-15:00 Latibær skemmtun**
Latibær kemur og skemmtir börnunum



## JÓLALAND BLÓMAVALS

Jólaland Blómavals er ævintýraheimur sem glatt hefur börn og fullorðna í áratugi.



**ÍS 160 kr**

**MUNIÐ AÐ SKOÐA FUGLANA Í BLÓMAVALI**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is






MYND/ARI MAGG

# Þetta er náttúrulega engin lógík

**Edda Jónsdóttir** stofnaði gallerí i8 fyrir 20 árum, þá um fimmtugt, með enga viðskiptaþekkingu. Í dag ganga þar kaupum og sölum verk fyrir hundruð milljóna á ári.

Það var náttúrulega engin lógík í því að mér hafi dottið í hug að opna gallerí. Ég var fimmtug og hafði enga sérstaka þekkingu á viðskiptum. En ég hafði áhuga, myndlistarmenntun og reynslu. Ég hafði fengist við myndlist frá unga aldri, verið í kvöldnámi í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Ég fór hins vegar ekki í fullt nám fyrr en börnin mín tvö voru aðeins komin á legg og ég um þrítugt.“

Edda fór úr Myndlista- og handíðaskólanum til Amsterdam í grafíknám.

„Ég var starfandi myndlistarmaður í tuttugu ár eftir nám og ég tel það eftir á hafa verið góða reynslu og undirbúning undir það sem síðar varð. Mig langaði allavega að gera eitthvað sem skipti máli og kom til hugar að ef til vill væri ég færari að koma öðrum myndlistarmönnum en mér sjálfri á framfæri. Það var alveg skýr skortur í Reykjavík á galleríi sem helgaði sig verkum íslenskra samtímalistamanna og sem væri líka opið fyrir að sýna verk erlendra hæfileikamanna.“

Nú 20 árum síðar hefur i8 aldeilis gert sig gildandi og nýtur það töluverðrar sérstöðu hér á landi. i8 hefur milligöngu um kaup og sölu á verkum eftir íslenska og erlenda listamenn fyrir gífurlegar fjárhæðir á ári hverju. Galleríið starfar náið með rúmlega tuttugu listamönnum. i8 gæti vel átt heima í hvaða stórborg sem er, þótt sá draumur hafi verið órafjarri fyrir tuttugu árum.

**Dauft í Reykjavík**

„Mér þótti landslagið í Reykjavík dauft. Þó voru oft spennandi sýningar á Annarri hæð á Laugaveginum hjá Pétri Arasyni og Rögnu Róbertsdóttur og svo sá maður stundum spennandi sýningar í söfnunum. Mér þótti það frekar einmanaleg tilvera að vera myndlistarmaður en var brennandi í því að gera eitthvað sem gæti breytt stöðunni, þó ekki væri nema fyrir fáa listamenn og mér sjálfri til ánægju. Ég vissi að enginn hafði af fullri alvöru fengist við að selja verk íslenskra listamanna erlendis og ég setti mig því í samband við nokkra þá listamenn sem mig langaði mest til þess að vinna með. Ég vissi líka að ef ég ætlaði mér að gera mig gildandi á listamarkaði erlendis þá var ekki nóg að vera með nokkra óþekkta íslenska listamenn, sem enginn kannaðist við utan landsteinanna. Svo fór ég að vinna með íslenskum listamönnum, sem þegar höfðu getið sér gott orð í Evrópu, eins og Hreini Friðfinnssyni og bræðrunum Sigurði og Kristjáni Guðmundssonum.“

i8 opnaði sína fyrstu sýningu árið 1995. „Við hugsuðum strax út fyrir landsteinana, enda var markaðurinn hér heima lítill og almennur áhugi takmarkaður. Svo ég tali nú bara hreint út þá var fólk enn upptekið af því að kaupa verk gömlu meistaranna auk þess að kaupa alls konar kitch og skraut eftir sunnudagsmálara,“ segir Edda.

i8 komst hægt og rólega inn á listakaupstefnur erlendis, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. „Og þannig náðum við augum erlendra safnara, sem fór að gera allt saman mögulegra. Ég fékk smá aur í stuðning frá menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg og fyrirtækjum til að standa í þessum tilraunum. En það tekur tíma að sanna sig og maður var ekki meðtekinn alveg strax. Og eins læddist sá efi að fólki heima hvort þetta væri yfir höfuð hægt.“

Ein fyrsta kaupstefnan var í Madríd. „Ég var ekki svo bjartsýn að ég myndi selja mikið en vildi kynna galleríið og listamennina svo að eftir yrði tekið. Í það skiptið var ég að kynna þrjá listamenn, þau Finnboga Pétursson, Rögnu Róbertsdóttur og Kristján Guðmundsson. Ég er ekki frá því að við höfum unnið okkur dálítinn sess strax. Það var nú lítill flottræfilsháttur á manni í byrjun.

ÞAÐ ER HÆGT AÐ LÆRA AÐ BÚA TIL MYNDIR – EN LISTAMENN ERU VANDFUNDNARI.




| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

➡ Við lifðum naumlega, listamennirnir borguðu sjálfir undir sig að mig minnir og gengu í öll verk. Allir voru ræstir út, meira að segja Guðbergur Bergsson, sem þá bjó í Madríd, var fenginn í það að setja okkur inn í það hvernig menningarlífið gengi fyrir sig þar í bæ. Eftir á að hyggja var smá amatörabragur á þessu hjá okkur, en við lærðum heilmikið og varð til þess að við komumst að á listamessunni í Basel í Sviss.“ Eftir þetta fór Edda að verða sér úti um sambönd við fólk í listheiminum um allan heim.

*Hafði engum dottið í hug að opna gallerí í Reykjavík í alþjóðlegu samhengi?* „Jú, það má ekki gleyma að SÚM-hópurinn og Nýlistasafnið höfðu staðið fyrir spennandi samskiptum og sýningarhaldi um árabil, en það var aldrei á viðskiptalegum nótum.“

**Gömlu meistararnir ekki dýrastir**

*Freistaðist þú aldrei til að fara að selja það sem var vinsælt, verk eftir Kjarval eða gömlu meistarana?*

„Nei, ég hafði áhuga á því að vinna með núlifandi listamönnum. Svo voru aðrir að sinna hinu. Ég seldi meira að segja nokkur málverk sem við hjónin áttum eftir eldri málara til að hafa eitthvað upp í reksturinn til að byrja með. Ég hafði í raun bara áhuga á því að vinna með þeirri myndlist sem kveikti í mér, og það varð að kjarna listamanna i8. Það vita ekki allir að í dag seljast verk eftir nokkra núlifandi íslenska listamenn fyrir mun hærri upphæðir en verk gömlu meistaranna, og fara til safna og safnara út um allan heim.“

Sonur Eddu, Börkur Arnarson, var með auglýsingastofu við Ingólfsstræti á þessum tíma. Hann vissi af gallerídraumum móður sinnar. Hann hafði komið auga á smá skonsu í sama húsi. „Þetta var ósköp ljótur kjallari og smá rými við hlið hans. Börkur hvatti mig til dáða. Þótt rýmið væri lítið og ræfilslegt, þá var það í miðbænum.“

Vinir og fjölskylda Eddu hjálpuðu henni við að standsetja kjallarann og opna galleríið. „Ég var lánssöm hvað ég fékk strax góða listamenn til að sýna hjá mér. Ég naut góðs af þeim tengslum sem Pétur Arason og Ragna Róbertsdóttir höfðu þegar komið á við erlenda listamenn með sýningarsal sínum, Annarri hæð, á Laugavegi. Eins naut ég góðs af hjálp góðra vina sem trúðu á að þetta gæti gengið og hlupu í ýmis störf áður en ég hafði efni á að borga nokkrum laun.“

Galleríið var í Ingólfsstræti í tæp fimm ár, en fluttist þá á Klapparstíg.

„Það var fínt að vera á Klapparstíg en það var ekki endilega besti staðurinn fyrir gallerí. Persónulega fannst mér ég vera komin á byrjunarreit, þar sem ég fæddist í bakhúsi þar sem nú er Hótel Frón. Í næsta húsi átti afi minn þriggja hæða timburhús og augnlæknirinn og fjölskylduvinurinn Úlfar Þórðarson tók á móti mér. Í húsnæðinu á Klapparstíg hafði áður verið búsáhaldaverslunin Hamborg. Sýningaraðstaðan batnaði til muna og margir höfðu tækifæri til að sjá sýningarnar í gegnum búðargluggana, meðal annars allir sem hreinlega þorðu ekki að stíga inn í svona nútímagallerí. Hins vegar getur það verið galli að vera á svo fjölförnum stað. Það fór heilmikill tími í að vera upplýsingaveita fyrir ferðamenn.“

**Þurftu að þrengja hópinn**

Edda segir flutninginn á Klapparstíg hafa markað ákveðin þáttaskil. Listamennirnir hafi verið orðnir of margir til að hægt væri að sinna þeim sem skyldi. „Ég var ábyggilega komin með 25 listamenn í prógrammið á þessum tíma og ég sá að þegar listamönnum fór að ganga vel krafðist það mikillar vinnu af hálfu gallerísins. Þegar Börkur kom með mér í reksturinn fórum við strax að hugsa að það þyrfti að þrengja hópinn ef vel ætti að vera. Við fengum meðeiganda með okkur í reksturinn sem hafði trú á framtíð i8, Sigurð Gísla Pálmason. Við mæðginin unnum saman að rekstrinum og síðar tók Börkur algerlega yfir.“

*En hvernig er tekin ákvörðun um hvort veðja eigi á listamann?*



Mæðginin Börkur og Edda voru um tíma bæði forstjórar i8. Mynd/Ari Magg

„Það er nú bara innsæið sem ræður því. Það er útilokað að vinna með listamanni sem maður trúir ekki á, þótt líkur séu á því að verk hans seljist. Það verður að vera skapandi samvinna. Auðvitað er fullt af góðum listamönnum þarna úti, þótt verk þeirra hafi ekki hentað mér og minni sýn. Ég held að alvöru listamenn verði að hafa í sér ákveðið eðli, og ég held að ég sé góð í að sjá hverjir það eru. Það er hægt að læra að búa til myndir – en listamenn eru vandfundnari.“

Edda segir að það sé stór ákvörðun að taka listamann inn í galleríið. „Það eru í raun aldrei gerðir skriflegir samningar. Þetta er alltaf samstarf og ef það gengur ekki upp af einhverjum sökum, getur hvor aðili um sig gengið frá borðinu. Allt annað er tilgangslaust!“

**Firring og heimska í gangi**

*Telur þú ykkur hafa innleitt ákveðna fagmennsku í þetta starf?*

„Já, mögulega, en alveg örugglega nýja og alþjóðlega sýn á myndlistarmarkaðinn á Íslandi.“ Hún segir bransann hafa breyst heilmikið á þessum tuttugu árum og nú sé allt töluvert meira úthugsað og undirbúið. Það hafi verið lán hennar að eiga son sem var tilbúinn að ganga inn í reksturinn þegar galleríið stækkaði. Þau störfuðu fyrst saman hlið við hlið, líkt og tveir forstjórar, en fljótlega hafi komið í ljós að einn yrði að ráða. „Þótt við værum yfirleitt sammála þá verður einhver að taka af skarið og velja fólk til að vinna með. Það var kominn tími fyrir mig til að draga mig í hlé. Ég var því fegin. Ég var líka að skilja fyrirtækið eftir í góðum höndum, þar sem það hefur alltaf verið okkar gæfa að vera með frábært starfsfólk, sem ég lít næstum á sem fjölskyldu mína.“

Sjálf á Edda ótrúlega fallegt safn listaverka. „Ef ég ætti mikla peninga væri ég sennilega safnari. Það er þó ekki alltaf þannig að maður þurfi að vera fjáður til þess að eignast góð verk. Það er hægt að byrja smátt og kaupa verk eftir unga og óþekkta listamenn. Mikið þætti mér sjálfri lífið leiðinlegt ef ég hefði ekki listaverk í kringum mig.“

Það getur varla alltaf hafa verið lygn sjór í rekstri sem keyrður er áfram af skapandi listamanni. Edda brosir og segir ýmislegt hafa gengið á í gegnum tíðina.

„Ég minnist ekki að það hafi verið leiðindi, en listamenn geta verið vonsviknir ef illa gengur að selja verk. Sjálfur getur maður orðið leiður þegar maður nær ekki að selja listaverk sem manni finnst frábær.“

*Er ekki erfitt að blanda peningum og vináttu saman?*

„Nei, ekki minnist ég þess, enda voru ekki svo stórar upphæðir um að ræða til að byrja með. Nú eru miklu hærri upphæðir í spilinu og sama gildir um kostnað. Það er óhemju dýrt að reka gallerí eins og i8, starfsmenn eru margir, flutningur, þátttökugjöld og fleira kemur þar til. Ég hef líka tekið eftir því að nú til dags eru fleiri á Íslandi sem eru að pæla í myndlist samtímamanna sinna. Áður fyrr voru nokkrir ástríðusafnarar og voru þeir oftar en ekki að safna verkum genginna listamanna. Það er mikið þjóðþrifamál að safna verkum eftir núlifandi listamenn, til að halda ákveðnu menningarstigi í landinu. Lifi myndlistarmenn ekki af starfi sínu blasir við auðnin ein.“

Edda sýtir það að nær allir telja sig færa um að fjalla um myndlist.

„Þetta snýst um svo miklu meira en að finnast eitthvað snotrut sem maður lítur á. Til þess að meta og njóta myndlistar eins og allra annarra lista þarf bæði stúdíu og þekkingu. Ég segi það hreint út að stundum finnst mér ótrúleg firring og heimska í gangi. Allir eru kallaðir til sem færir álitsgjafar um myndlist, án nokkurs bakgrunns eða þekkingar. Myndu aðrar listgreinar sætta sig við þessi vinnubrögð?“

## Þegar i8 var á Ingólfsstræti



Pétur Arason, Þór Vigfússon og Kristján Guðmundsson, 1999.



Fjölmenni fyrir utan sýningu Sigurðar Guðmundssonar, 1998.

## Varð einn af þessum stóru

„Þegar við fengum Ragga Kjartans til liðs við okkur var ég að fylgja nokkrum listamönnum okkar sem voru að sýna í New York. Gabríela var með gjörning á sýningunni sem Ragnar tók þátt í. Þau voru vægast sagt léttklædd, kviknakin í nælonsokkabuxum einum saman. Ég var þarna með Roni Horn, listakonu sem ég var þegar farin að vinna með. Ég hreifst strax af Ragnari, manni sem reynist öðrum listamanni mikill félagi, eins og í gjörningnum með Gabríelu. Einnig sat fast í mér frábært útskriftarverk hans úr Listaháskólanum. Roni Horn ýtti við mér strax á staðnum og sagði að þessi strákur ætti eftir að verða eitthvað og ég væri vitlaus ef ég gæfi mig ekki strax á tal við hann. Ég spurði hvort hann væri ekki til í að gerast listamaður hjá mér. Jú, jú, svaraði hann, og þar með var það innsiglað. Nú er hann orðinn einn af þeim stóru og það hefur verið ævintýri að vinna með honum. Ragnar er einstakur listamaður.“



*Ragnar Kjartansson nam við Myndlista- og handíðaskólann og síðar Listaháskóla Íslands. Verk hans hafa verið sýnd á söfnum um heim allan. Hann hefur í tvígang tekið þátt í Feneyjatvíæringnum, fyrst árið 2009, sem fulltrúi Íslands og aftur 2013 að ósk listræns stjórnanda hátíðarinnar.*

## Þráhyggjukennt áhugamál

„Það að safna myndlist getur orðið að hálfgerðri þráhyggju. Fólk sem byrjar að safna byrjar oft á yfirborðinu en smekkurinn og þekkingin þróast og þroskast. Ég hvet fólk alltaf til þess að lesa og skoða, fara á söfn og sýningar – finna út hvar smekkur þess liggur. Það er ekki sniðugt að koma upp myndlistarsafni nema að menn séu búnir að mynda sér skoðun og einbeita sér að einhverju sérstöku. Það getur tekið tíma að þróa smekk, en sá tími getur verið mjög skemmtilegur – nokkurs konar námstími. Það er ekki okkar verk að troða einhverjum smekk upp á fólk.

Helstu kúnnar okkar vita alveg hvað þeir vilja en það eru ekki margir ástríðusafnarar á Íslandi. Það skiptir miklu máli að það sé gott samtal á milli safnara, listamanna og gallerista, þurfa helst að vera vinir. Ég veit að þetta hljómar dálítið væmið og hallærislegt, en ég held að þetta verði að vera svona.“



## HÖNNUN UM HELGINA

Sýningin Handverk og hönnun verður haldin í fjórtánda sinn um helgina. Hún fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur að vanda.
Síða 8











# KÚREKARNIR TÓKU HATTINN SINN OFAN

**LITRÍK KONA** *Anna Mjöll Ólafsdóttir söngkona og móðir hennar, Svanhildur Jakobsdóttir, verða með jólatónleika í Salnum 3. desember til minningar um föður, eiginmann og ástsælan tónlistarmann, Ólaf Gauk. Anna Mjöll, sem býr í Los Angeles, segist hlakka mikið til kvöldsins.* ▶

**GLÆSILEG** Anna Mjöll vekur athygli hvar sem hún kemur. Myndin var tekin fyrir nokkrum dögum fyrir þetta viðtal í Los Angeles.




Anna Mjöll vekur endalaust athygli, enda fer hún ótroðnar slóðir í lífinu. Tónlistin er hennar aðalstarf en Anna Mjöll syngur í tveimur klúbbum í Los Angeles. „Ég syng í flottustu djass-klúbbunum hér, Herb Alpert's Vibrato i Bel Air og The Dave Koz Lounge i Beverly Hills. Það er alltaf troðið út úr dyrum svo það er mjög skemmtilegt," segir hún. „Það eru alltaf einhverjar skemmtilegar uppákomur. Þetta er lítill bær þótt hann líti út fyrir að vera stór. Alls konar fólk kemur í klúbbinn, sumir mjög þekktir. Til dæmis bilaði hjá mér hljóðið á tónleikum um daginn og hljóðmaðurinn var veikur. Ég var að reyna að redda málum þegar James Caan og sonur hans stóðu á fætur í salnum og sögðu; „Eigum við ekki að redda þessu fyrir þig?" Og þeir björguðu málum," segir Anna Mjöll og bætir við að hver dagur sé nýr og spennandi. „Það góða við þetta líf er að maður veit aldrei hvað gerist næst."

**TÓNLIST Í RUSLIÐ**

Þegar Anna Mjöll er spurð hvort hún geti hugsað sér að gera nýja plötu, svarar hún: „Það er búið að vera á planinu lengi. Ég á það til að vinna brjálæðislega mikið í tónlistinni en henda svo öllu í ruslið af því mér finnst það ekki nægilega gott. Svo byrja ég upp á nýtt. Með þessum vinnubrögðum tekur það víst langan tíma að slíta sig frá verkefninu og hleypa því út í heiminn," segir Anna og bætir því við að faðir hennar sé hennar helsta fyrirmynd í tónlistinni. Hann var þó skipulagður í því sem hann gerði. Hins vegar sé móðir hennar, Svanhildur, fyrirmynd þegar kemur að útliti.

**GOTT AÐ VERA EIN**

Anna Mjöll segist fyrst og fremst vera Íslendingur þótt hún hafi búið lengi í Bandaríkjunum. „Ég myndi segja að ég væri Íslendingur númer eitt og heimsborgari númer tvö. Þetta er nefnilega svo voðalega lítill heimur sem við eigum öll saman. Ég er hins vegar ekki í miklu sambandi við Íslendinga hér í Los Angeles. Þekki bara nokkra sem hafa verið hér lengi og sumir lengur en ég. „Nokkra þeirra hitti ég árlega á Scandinavian Festival þar sem ég hef sungið íslenska þjóðsönginn í nokkur ár. Varakonsúll Íslands, Linda Björk Bragadóttir, heldur alltaf glæsilega ræðu fyrir Íslands hönd. Síðan tek ég lagið og Erla Thorsteinsdóttir hefur komið fram glæsileg í þjóðbúningi með íslenska fánann. Reyndar er dóttir Lindu, Tinna, tekin við því hlutverki af Erlu. Við berum allar mjög sterkar taugar til Íslands, kannski meiri en margir sem búa á landinu. Annars finnst mér yfirleitt gott að vera ein – svona inn á milli hjónabanda," segir hún kímin.

**ENGIN BÖRN**

Talandi um hjónabönd. Anna Mjöll giftist Luca Ellis á Íslandi í febrúar 2013 og það er því ekki úr vegi að spyrja hana út í það. „Nei, þetta gekk nú ekki upp. Hjónabandið entist bara í eitt ár. Við vorum allt of ólík," segir hún og viðurkennir að hana hafi lengi langað til að eignast barn en því miður hafi það ekki tekist. „Mér hefði þótt vænt um að eignast eins og eitt barn á ævinni en ég hef misst fóstur oftar en einu sinni og það virðist sannað að það mál er ekki í mínum höndum. Ætli ég bíði ekki bara og sjái til hvað Guð hefur í hyggju," segir hún hreinskilin og bætir við að hún eigi hunda sem hún fari með í göngur. „Þeim finnst voða sport að koma við í dýrabúðinni og kaupa nammi. Þeir velja nammið og hlaupa svo með það út sigri hrósandi," segir Anna Mjöll og hlær. „Sjálfri finnst mér gott að liggja á ströndinni og slappa af. Öldurnar hafa róandi áhrif."



**EINHLEYP Á NÝ** Einkalíf Önnu Mjallar vekur jafnan athygli. Sjálf gerir hún grín að misheppnuðum hjónaböndunum.

**ELDAÐI Á BÚGARÐI**

En hefur þú gaman af því að búa til mat? „Já, en ég gerði það samt meira á „ranchinum" (búgarðinum) með Cal. Ég eldaði fyrir hann meira eða minna á átta ára tímabili. Þá bjó ég stundum til mat fyrir átján manns en var auðvitað með þjónustufólk til að hjálpa til og ganga frá eftir matinn. Ég er nefnilega rosalega góð í því að leggja allt í rúst í eldhúsinu. Við tókum líka stundum á móti kúrekum, alvöru „cowboys", en þeir höfðu það starf að reka Black Angus nautgripi á milli fylkja. Við vorum með nokkur þúsund Black Angus nautgripi en af þeim kemur besta kjöt í heimi. Þegar kúrekarnir komu bauð ég þeim alltaf upp á nýbakaða eplaböku, þá tóku þeir hattana og kölluðu mig „Ma'am"."

Til upprifjunar má nefna að Anna Mjöll giftist Cal Worthington, þekktum bílasala og búgarðseiganda, árið 2011. Það vakti mikla athygli þar sem um fimmtíu ára aldursmunur var á þeim. Þau höfðu verið nánir vinir til margra ára þegar þau gengu í hjónabandið sem entist stutt.

**STRESS VIRKAR FYRIR ÚTLITIÐ**

Anna Mjöll er 45 ára og hefur sannarlega erft hið unglega útlit móður sinnar. Þegar hún er spurð hvernig hún fari að því að halda sér í svona góðu formi, gantast hún með það og svarar: „Stress virkar vel og svo er líka mjög gott að gifta sig svona einu sinni á ári. Ég hef aldrei talið mig vera tískumanneskju og veit eiginlega ekki hvað er í tísku. Alexander McQueen er þó í miklu uppáhaldi. Hins vegar finnst mér gott að hafa fallegt í kringum mig. Það þarf samt ekki mikið til, nokkur kerti, gosbrunnur og gott vín."

Anna Mjöll ferðaðist mikið þegar hún fylgdi söngvaranum Julio Iglesias á tónleikaferðalögum hans. „Bandaríkin eru stórkostlegt land sem hefur upp á margt að bjóða. Mér finnst alltaf gaman að koma til New York eða Las Vegas. Þar get ég tekið inn orku og hlaðið batteríin. Mér finnst auðveldara að ferðast um Bandaríkin heldur en Evrópu, góð gisting er miklu ódýrari hér. Maður bara hendir sér í bílinn og keyrir af stað út í óvissuna, vitandi að alls staðar er góður matur og fín hótel. Auðvitað sakna ég fjölskyldunnar á Íslandi, sumarsins, birtunnar, svala loftsins og ýsunnar en mér líður vel hér."



**FRÆGA FÓLKIÐ** Það er nóg af frægu fólki í Los Angeles. Tom Jones kíkti á Önnu Mjöll og vel fór á með þeim.

**MINNIST PABBA MEÐ TÓNLEIKUM**

Anna Mjöll verður á Íslandi í nokkra daga í desember. Mæðgurnar ætla að minnast Ólafs Gauks sem hefði orðið 85 ára á þessu ári. „Þetta verða stórskemmtilegir tónleikar. Við ætlum að hafa þá eins skemmtilega og við mögulega getum. Pabbi gerði texta við mörg af vinsælustu jólalögunum, eins og Hátíð í bæ, Yfir fannhvíta jörð, Það heyrast jólabjöllur, Óskin um gleðileg jól, Meiri snjó og mörg fleiri. Svo fljúga með lög eins og Bláu augun þín, Segð' ekki meir, Þú ert minn súkkulaðiís og fleira. Ég verð svo með tónleika hér í Beverly Hills seinna í desember."

Þegar Anna Mjöll er að lokum spurð hvort hún muni flytja einhvern tíma aftur heim, svarar hún „Ég lít svo á að þar sem maður er niðurkominn á maður heima. Ég veit ekki hvort ég á eftir að flytja til Íslands. Ég hef nú ekki lært mikið af þessu lífi en ég veit að þótt maður haldi að maður viti allt þá veit maður í raun ekki neitt."

elin@365.is




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# GÓMSÆTIR OG HOLLIR RÉTTIR

**PHO VIETNAMESE RESTAURANT KYNNIR** *Víetnamskur matur er bæði hollur og góður enda nýtur hann sívaxandi vinsælda hér á landi. Veitingastaðurinn Pho Vietnamese restaurant var opnaður fyrir ári að Suðurlandsbraut 8 og er vinsæll meðal heimamanna og ferðalanga. Við hlið hans stendur Vietnam market sem selur fjölbreytt hráefni til austurlenskrar matargerðar.*

Hollusta og bragðgóður matur er það fyrsta sem kemur upp í huga margra þegar víetnamskan mat ber á góma. Fyrir nokkrum árum var opnaður fyrsti víetnamski veitingastaðurinn í Reykjavík og nú hafa sömu aðilar sett á fót nýjan stað eftir að sá fyrri var seldur. Veitingastaðurinn ber nafnið Pho Vietnamese restaurant og segir eigandi hans, Quang Le, staðinn bjóða upp á úrval rétta frá Víetnam. „Matreiðsla frá Víetnam nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi, bæði meðal Íslendinga en ekki síður þeirra fjölmörgu ferðamanna sem heimsækja landið árlega. Við bjóðum upp á nær 100 rétti og óhætt að segja að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hér enda erum við með marga ánægða fasta viðskiptavini sem koma aftur og aftur.“



**FJÖLDI RÉTTA Í BOÐI**

Meðal vinsælla rétta má nefna hinar vinsælu núðlusúpur en uppskriftirnar sem staðurinn notar hafa verið í fjölskyldu Quang Le í margar kynslóðir. Sumarrúllurnar eru líka mjög vinsælar en þær er hægt að fá í miklu úrvali, t.d. með rækjum, grilluðum kjúklingi eða svínakjöti, steiktum laxi og steiktu tófúi svo eitthvað sé nefnt. „Vorrúllurnar eru líka sívinsælar en þær er hægt að fá með rækjum og svínakjöti, kjúklingi eða með grænmeti.“

**FERSKT OG GOTT HRÁEFNI**

Núðluréttir staðarins eru einnig mjög vinsælir að sögn Le. „Þar bjóðum við upp á steiktar eggjanúðlur, steiktar hrísgrjónanúðlur og steiktar brúnar hrísgrjónanúðlur með fjölbreyttu innihaldi á borð við kjúkling, rækjur og grænmeti.“ Auk þess býður Pho Vietnamese restaurant upp á fjölda bragðgóðra kjúklingarétta, nauta- og lambakjötskjötsrétta, svínakjöt, sjávarrétti og grænmetisrétti.

Fjölskylda Quang Le hefur lengi starfað í matvælaiðnaði og þar starfaði hann áður en hann flutti til Íslands fyrir rúmum tíu árum. „Faðir minn starfar hér í eldhúsinu en auk hans eru þar lærðir matreiðslumenn frá Víetnam. Við notum eingungis ferskt og gott hráefni enda er maturinn hér afskaplega hollur eins og einkennir víetnamskan mat og raunar flestan mat ættaðan frá Asíu.“



**FAGMENN Á FERÐ** Matreiðslumennirnir á PHO Vietnamese restaurant elda aðeins úr fersku og góðu hráefni. Quang Le, eigandi, er lengst til hægri. MYND/STEFÁN

**VINSÆL VERSLUN**

Við hlið Pho Vietnamese restaurant stendur verslunin Vietnam market sem notið hefur mikilla vinsælda landsmanna undanfarin ár. „Matur frá Asíu nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi meðal allra aldurshópa. Íslendingum finnst gaman að versla hér og prófa sig áfram með framandi krydd, grænmeti og sósur. Fyrir utan hráefni frá Víetnam selur verslunin t.d. úrval af indversku kryddi, ferskar kryddjurtir og grænmeti, úrval af ilmandi og sterkum sósum, núðlur, hráefni til sushi-gerðar og frosið sjávarfang.“

Auk Pho Vietnamese restaurant og Vietnam market á Le hreingerningarþjónustuna Vyþrif sem sér um stórhreingerningar, flutningsþrif og regluleg þrif fyrir fyrirtæki, húsfélög, félagasamtök og auðvitað þrif í heimahúsum af öllum stærðum og gerðum.

Nánari upplýsingar má finna á www.pho.is, www.vy.is og á Facebook undir Vietnam Market.

# MATUR VIÐ ALLRA HÆFI

*Maturinn á PHO er hollur og bragðgóður og hæfir ekki síst íþróttafólki og öðrum sem hugsa um heilsuna. Í hádeginu er boðið upp á hádegisrétti á 1.090 kr.*

Lífsstíll nútímamannsins hefur breyst gríðarlega mikið á stuttum tíma. Ekki er langt síðan flestir á Íslandi störfuðu sem bændur og við sjávarútveg. Fólk vann erfiðisvinnu og var á fótum stóran hluta dags. Maturinn sem var á borðum á þessum tíma var síðan afurðin frá ofangreindum störfum.

Í dag er þetta breytt að sögn Víðis Þórs Þrastarsonar, íþrótta- og heilsufræðings, enda starfa æ fleiri við skrifborð, í sitjandi stöðu allan daginn, starandi á tölvuskjá. „Það er gríðarlegt framboð af unnum og næringarsnauðum mat og því alltof margir sem eru við slæma heilsu sökum þess. Því er mjög mikilvægt að allir stundi daglega hreyfingu sem hluta af lífsstíl og leggi aðeins fjölbreyttan, óunninn og heilsusamlegan mat sér til munns.“

Víetnamski veitingastaðurinn PHO á Suðurlandsbraut er því í algeru uppáhaldi hjá Víði. „Í fyrsta lagi er þar að finna virkilega hollan og bragðgóðan mat. Matseðillinn er mjög fjölbreyttur svo allir ættu að finna eitthvað sér við hæfi. Ég hef prófað ansi marga rétti af matseðlinum og þeir eiga það allir sameiginlegt að vera bragðgóðir, orku- og næringarríkir en á sama tíma léttir í maga.“

Ekki skemmir fyrir að maturinn er ferskur og inniheldur engin




**FRÁBÆR MATUR** „Matseðilinn er mjög fjölbreyttur og ættu allir að finna eitthvað sér við hæfi,“ segir Víðir Þór Þrastarson íþrótta- og heilsusérfræðingur. MYND/STEFÁN

skaðleg aukaefni á borð við MSG. „Aðeins eru notuð heilsusamleg krydd og maturinn er ekki braseraður eða löðraður í olíu, né er hann of sterkur eða of sætur. Mér finnst alveg tilvalið að fara þangað fyrir eða eftir æfingu eða í raun bara hvenær sem er, en ég starfa í World Class Laugum svo það er ekki langt að fara. Staðurinn býður líka upp á hádegisrétti frá 1.090 kr. alla virka daga sem er líka mjög gott fyrir budduna. Ef ég vill svo spreyta mig heima á víetnamskri matargerð lít ég við í Vietnam market við hliðina þar sem hægt er að finna gott úrval af fjölbreyttum og heilsusamlegum matvælum.“

# GOTT FYRIR ÍÞRÓTTAFÓLKIÐ

Húsgagnasmiðurinn og einkaþjálfarinn Heimir Einarsson er einn fjölmargra fastagesta PHO Vietnamese Restaurant. Starf húsasmiðs tekur oft á auk þess sem Heimir hefur stundað líkamsrækt í 24 ár og starfað sem einkaþjálfari. „Fyrir vikið spái ég eðlilega mikið í hollum mat og er stöðugt að leita að einhverju nýju og fersku til að borða. Ég kynntist PHO einmitt í leit minni að veitingahúsi með ferskum, einföldum og hollum mat en á sama tíma var ég líka að leita að stað sem bauð upp á hraða og örugga þjónustu því ég hef sjaldan mikinn tíma til að bíða eftir matnum.“

Heimir segir matinn á PHO virkilega góðan og bragðmikinn og auðvitað skemmi ekki fyrir að hann er hollur og léttur í maga. „Staðurinn býður upp á mikið úrval frábærra rétta og ómögulegt fyrir mig að nefna einn uppáhaldsrétt. Réttirnir innihalda mikið af grænmeti, kjúklingi, góðum grjónum og öðru léttu fæði ættuðu frá Víetnam.“

PHO Vietnamese Restaurant er að sögn Heimis staður fyrir alla þá sem vilja hugsa um heilsuna og vilja auk þess borða borða mat sem gefur mikla næringu. „Í raun hentar þessi staður fólki á öllum aldri og sérstaklega auðvitað þeim sem eru að huga að hreyfingu og heilsu. Ég get svo sannarlega mælt með þessum stað fyrir alla þá sem vilja hollt og gott.“



**GOTT ÚRVAL** „Staðurinn býður upp á mikið úrval frábærra rétta og ómögulegt fyrir mig að nefna einn uppáhaldsrétt,“ segir einkaþjálfarinn Heimir Einarsson.

# FJÖLBREYTTIR RÉTTIR Í BOÐI

Vaxtarræktarmaðurinn David Alexander heimsækir PHO Vietnamese Restaurant reglulega enda þarf hann íþróttaiðkunar sinnar vegna að borða á tveggja klukkustunda fresti. „Ég vel því að fara reglulega á PHO því ég veit að þar er eldað úr fersku og góðu hráefni auk þess sem mér finnst alltaf eins og ég sé að borða heimatilbúinn mat þegar ég borða þar. Ég er mikill matmaður en vegna stífrar þjálfunar, þar sem ég þarf að huga sérstaklega vel að mataræðinu, get ég einfaldlega ekki borðað hvað sem er. Því er svo gott að heimsækja PHO Vietnamese restaurant því staðurinn býður upp á marga fjölbreytta rétti og er lítið mál að velja góða og bragðmikla rétti í hvert sinn.“

Uppáhaldsréttir Davids eru steikt hrísgrjón með kjúklingi og rækjum og svo grillað nautakjöt með sítrónugrasi, vermicelli, salati og hnetum. „Þetta eru þó bara tveir af næstum 100 réttum því úrvalið er mjög mikið hjá þeim. Ég get svo sannarlega mælt með þessum veitingastað fyrir alla. Ekki bara býður veitingastaðurinn upp á góðan mat á sanngjörnu verði heldur líka þægilegt umhverfi og vingjarnlegt starfsfólk.“




**BRAGÐGOTT** „Staðurinn býður upp á marga fjölbreytta rétti og er lítið mál að velja góða og bragðmikla rétti í hvert sinn,“ segir vaxtarræktarmaðurinn David Alexander. MYNDIR/STEFÁN

# METSÖLULISTI
## BÓKABÚÐAR MÁLS OG MENNINGAR


**1.** **Þegar siðmenningin fór fjandans til**
Gunnar Þór Bjarnason


**2.** **Hrólfs saga**
Iðunn Steinsdóttir


**3.** **Sorcerer's Screed**
Skuggi


**4.** **Glútenfrítt líf**
Þórunn Eva Guðbjargar Thapa


**5.** **Iceland Small World**
Sigurgeir Sigurjónsson


**6.** **Íslensk litadýrð**
Elsa Nielsen


**7.** **Leiðin út í heim**
Hermann Stefánsson


**8.** **Litabókin hans Nóa**
Nói


**9.** **Líkvaka**
Guðmundur S. Brynjólfsson


**10.** **Svo þú villist ekki í hverfinu hérna**
Patrick Modiano

23.10.15 - 05.11.15



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18






**PEKING** Þessi fallegi kjóll var sýndur á Mercedes-Benz tískuvikunni í Kína þegar haustíska fyrir 2015 var kynnt. Takið eftir feldinum sem hún heldur á sem er mikið í tísku um þessar mundir.

**KLÆÐILEGUR** Fallegur kjóll frá Salvatore Ferragamo.

**GUCCI** Á tískusýningu í Nashville í Bandaríkjunum á sunnudag var þetta fallega dress sýnt. Rautt leðurpils við fallega blússu.

# Í RAUÐUM KJÓL Í JÓLABOÐINU

**JÓL** *Skemmtilegast tími ársins er að nálgast. Aðventan með öllum jólahlaðborðunum, fjölskylduboðum og ljósadýrð. Margir eru í vandræðum með hvernig á að klæðast þegar farið er á jólahlaðborð. Rauður kjóll gæti verið málið, enda er hann jólalegur og liturinn fer flestum vel.*

Hér má sjá nokkra rauða kjóla sem hafa verið sýndir á tískusýningum undanfarið. Þeir eru misjafnir í sniði en allir hlýlegir og fallegir. Hægt er að blanda rauða litnum við aðra liti, til dæmis svartan. Látlausir kjólar henta mjög vel í jólaveislur, þær eru ekki með gala-stemningu. Þegar kólnar í veðri er líka gott að vera í einhverju hlýju og mjúku efni. Mikið úrval er af fallegum sokkabuxum í verslunum og með sumum kjólum passar ágætlega að vera í háum stígvélum. Þar sem slár og stór sjöl eru mikið í tísku er upplagt að hafa slíkt með sér ef kalt er í veðri.

Þar sem fólk borðar venjulega mikið á jólahlaðborði er betra að vera í þægilegum fatnaði, ekki þeim sem þrengir mikið að. Svo er bara að finna rétta kjólinn sem passar vel líkamsbyggingu, fer vel og er klæðilegur. Hér eru nokkrar hugmyndir að nýjustu kjólunum.



NORDICPHOTOS/GETTY

**TÍSKUSÝNING Í PEKING** Hér er fyrirsætan klædd í sparilegar buxur og með fallega, rauða slá yfir sér. Sláin virkar sparileg og líkist kjól.

**LONDON** Kylie Minogue var jólalega klædd þegar ljósin voru kveikt á Oxford-stræti fyrir nokkrum dögum.

**PARÍS** Þessi kjóll var sýndur á Dior-sýningu fyrir nokkrum dögum. Hann virðist klassískur og þægilegur.





# Jólahlaðborð Hótel Sögu

Regína Ósk og Örn Árna sameina krafta sína á n□
vi□ undirleik Jónasar □óris á jólahla□bor□i H—tel Sšgu ’ Sœlnasal.
Regína Ósk og Örn hafa heilla□ gesti ’ Sœlnasal undanfarin ‡r

Hinn eini sanni Siggi Hlö □eytir sk’fum fram ‡ n—tt.

Ekki missa af girnilegum jólakræsingum og frábærri skemmtun ‡ H—tel Sšgu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fšstud. | 20.11 | Laugard. | 21.11 |
| Fšstud. | 27.11 | Laugard. | 28.11 |
| Fšstud. | 04.12 | Laugard. | 05.12 |
| Fšstud. | 11.12 | Laugard. | 12.12 |

Jólahla□bor□ ’ Sœlnasal. Ver□ kr. 10.500 ‡ mann.

Bóka□u □inn hóp á hotelsaga@hotelsaga.is e□a ’ s’ma 525 9930

www.hotelsaga.is

# HÚSBÍLASÝNING P. KARLSSON HALDIN UM HELGINA

**P. KARLSSON KYNNIR** *P. Karlsson heldur sýningu á húsbílum í glæsilegri aðstöðu sinni að Smiðjuvöllum 5a í Reykjanesbæ um helgina. Nú er góður tími til að fjárfesta í húsbílum enda úrvalið gott af leigutækjum. Öllum seldum bílum um helgina fylgir frí vetrargeymsla.*

P. Karlsson ehf. hefur um langt skeið rekið ferðavagnasölu en á árinu 2013 gekk fyrirtækið til samstarfs við stærstu húsbílaleigu Evrópu, þýska fyrirtækið McRent, sem rekur 60 leigustöðvar í álfunni en P. Karlsson á McRent Iceland ehf., ásamt McRent í Þýskalandi.

„Í þessi þrjú ár hefur P. Karlsson sérhæft sig í leigu og sölu á húsbílum og telur bílaleigufloti okkar nú 72 húsbíla en þeim verður fjölgað nokkuð fyrir komandi ár. Við áætlum að bílafloti í útleigu muni samanstanda af alls 85 bifreiðum sumarið 2016 en við munum flytja inn yfir 40 nýja húsbíla fyrir næsta sumar," segir Geir Bachmann sem er annar eigenda P. Karlsson ásamt Þrúðmari Karlssyni. Þeir benda á að allt árið um kring sé einnig fjöldi bifreiða til sölu og sýnis en markmið fyrirtækisins sé að geta boðið viðskiptavinum sínum nýlega húsbíla til sölu, á mjög góðu verði.

### MIKIÐ LAGT UPP ÚR ÞJÓNUSTU

Þeir Þrúðmar og Geir segja að sambland af húsbílaleigu og -sölu hafi gengið afskaplega vel. „Leigustöð McRent Iceland er þegar orðin með stærri leigum McRent-keðjunnar og sala húsbíla hefur tekið verulega við sér á árinu. Mikið er lagt upp úr góðri þjónustu og góðri vöru á báðum vígstöðvum. Gott viðhald á bílaflotanum er algert lykilatriði," segir Þrúðmar en P. Karlsson hefur umboð fyrir húsbíla frá hinum þekktu þýsku merkjum Dethleffs og Sunlight.

„Við viðhöldum og þjónustum stóran flota af bílum sem eru í útleigu og að sjálfsögðu veitum við öllum þeim sem hafa keypt af okkur húsbíla fulla þjónustu er viðkemur húsinu sjálfu enda höldum við úti stórum varahlutalager og eigum yfirleitt til þá varahluti sem vantar ef eitthvað kemur upp á," segir Geir.

### SALAN TEKUR KIPP

Húsbílaleiga er í blóma enda hefur ferðamannastraumurinn til landsins stóraukist vegna sívaxandi áhuga á Íslandi. „Salan á tækjunum sjálfum hefur einnig tekið verulegan kipp á árinu og því ljóst að það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem hafa áhuga á því að skoða þetta fallega land okkar og upplifa frelsið og þægindin sem fylgir því að ferðast um í húsbíl á Íslandi," bætir Þrúðmar við.

Þeir segja að vissulega hafi það verið gríðarleg vinna að koma á fót fyrirtæki sem standi stærstu og bestu húsbílaleigum í Evrópu fyllilega á sporði en sérhæfingin hjálpi þar mikið til og ekki síst gott starfsfólk. „Það að sérhæfa sig í ákveðinni vöru, sem í okkar tilfelli eru húsbílar, hefur tvímælalaust þá kosti að við þekkjum það sem við bjóðum upp á mjög vel. Við búum að mjög langri reynslu í bæði leigu og sölu á þessum tækjum og vitum því nákvæmlega hvað þarf til þess að ná árangri. Einnig höfum við verið afskaplega lánsamir með starfsfólk. Það er góður skilningur á því innanhúss að sú manneskja sem skiptir mestu máli er viðskiptavinurinn enda leggjum við allan okkar metnað í að þjónusta alla kúnna eins og best verður á kosið," segir Geir.

Aðspurðir segja þeir Þrúðmar og Geir að þrátt fyrir að mesta salan sé í notuðum tækjum þá sé það lítið mál að flytja inn nýjan bíl fyrir þá sem það vilja. „Hins vegar er engin launung á því að verðin sem við getum boðið á húsbílum út úr leigunni eru mjög góð og skýrist það að stærstu leyti af því að McRent-keðjan kaupir hátt í þrjú þúsund bíla árlega og fær fyrir vikið betra verð sem við svo látum okkar viðskiptavini njóta góðs af."



**FRÁBÆR FERÐAMÁTI** Húsbílar eru frábærir fyrir hið íslenska sumar þar sem von er á öllum veðrum. Mikill kostur er að geta stokkið af stað í átt til sólar án mikils undirbúnings.

P. KARLSSON EHF.
P.KARLSSON/MCRENT.
SMIÐJUVELLIR 5 A, 230 REYKJANESBÆR.
SÍMAR: 578 6070/517 5200.
WWW.PKARLSSON.IS

### FRÍ VETRARGEYMSLA

Sýningin um helgina verður nokkuð stór í sniðum og margir bílar til sýnis. „Við erum í 1.100 m² aðstöðu sem við höfum útbúið nokkuð vel á stuttum tíma undir alla okkar starfsemi og við hlökkum til að fá til okkar fólk í heimsókn til að skoða tækin. Öllum seldum bílum um helgina fylgir frí vetrargeymsla þannig að fólk getur tryggt sér sinn bíl og sótt hann svo eftir að lóan er komin og vor er í lofti," segja þeir og benda á að það hafi færst mikið í vöxt að fólk fjárfesti í húsbílum utan þessa hefðbundna sölutíma yfir sumarið enda úrvalið af leigutækjum mun meira á haustin. „Hins vegar munum við hafa til sýnis hjá okkur allt árið gott úrval af tækjum sem eru ekki í leigunni."

Á sýningunni um helgina verða húsbílar úr leigunni til sölu, opið er laugardaginn 7. nóvember frá kl. 10-16 og sunnudaginn 8. nóvember frá kl. 11-16. „En við erum náttúrulega ekki að skella í lás eftir helgina, hérna er opið alla virka daga og fólk er alltaf velkomið í heimsókn," segja þeir Þrúðmar og Geir að lokum.


**MAGIC EDITION** Innanrýmið er stórglæsilegt.


**NÓG PLÁSS** Ekki ætti að væsa um þá sem fara í frí á húsbíl frá P. Karlssyni.



McRENT
Fimm stjörnu ferðafrelsi.

FISKISTOFA
Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

*Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is*

***Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing***

# Gagnagrunnsstjóri

**Fiskistofa leitar að metnaðarfullum og öflugum gagnagrunnsstjóra til starfa á höfuðborgarsvæðinu við rekstur gagnagrunna Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunnar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón, rekstur og uppsetning Oracle gagnagrunna
- Rekstur á vef og viðfangamiðlurum
- Aðkoma að gagnagrunnshönnun og tæknilegum úrlausnarefnum
- Aðgangsstýringar og öryggismál
- Staðgengill deildarstjóra kerfisdeildar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í upplýsingatækni eða skyldum greinum, háskólamenntun kostur
- Haldgóð reynsla og þekking á Oracle gagnagrunnum og rekstri gagnagrunna
- Mjög góð þekking á SQL, PL/SQL og skeljaforritun
- Þekking á netsamskiptum og öryggismálum
- Þekking á Linux og VMware er æskileg
- Reynsla af umsjón og rekstri netþjóna æskileg
- Reynsla af skjölun og gæðaferlum kostur
- Góð samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun skilyrði
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynleg

Nánari upplýsingar um starfið veitir Leifur Magnússon, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs í síma 569 7900 eða í netfangi **leifurm@fiskistofa.is**

Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréf sendast á netfangið **starf@fiskistofa.is** eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar: **„Gagnagrunnstjóri“**.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember 2015.**

Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



Landsvirkjun

# Við leitum að verkefnisstjóra með áherslu á rafbúnað aflstöðva í rekstri

Starfið er á tæknideild orkusviðs. Í því felst verkefnastjórnun viðhalds- og endurbótaverkefna á sviði rafbúnaðar í orkuvirkjum í rekstri.
Um er að ræða fjölbreytt verkefni, s.s. gerð og rýni útboðsgagna, eftirfylgni samninga, samskipti við innlenda og erlenda ráðgjafa og framleiðendur rafbúnaðar, ásamt þátttöku í stefnumótun varðandi viðhald, aðstoð við rekstur og við val á nýjum rafbúnaði.

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi, nám í rafiðn að auki er kostur
- Reynsla af rekstri, viðhaldi, hönnun og ráðgjöf á sviði rafbúnaðar
- Þekking á aðferðafræði verkefnisstjórnunar
- Tölvu- og hugbúnaðarfærni
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)* og Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði Landsvirkjunar *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*.
Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember.

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



# Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

**Norðurþing auglýsir eftir öflugum starfskrafti í starf aðstoðarmanns skipulags- og byggingarfulltrúa. Einstaklingurinn er einnig gæðastjóri byggingarfulltrúa.**

**Starfssvið:**
- Umsjón með gæðakerfi skipulags- og byggingarfulltrúa
- Skjalavistun og skráning mála í skjalavistunarkerfi, skönnun teikninga og skjölun þeirra
- Skráningar í þjóðskrá
- Svara erindum í síma/tölvu og senda gögn s.s. teikningar ofl
- Reikna gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá og setja til innheimtu
- Kalla eftir gögnum vegna byggingarleyfa, s.s. teikningar, uppáskriftir iðnmeistara og byggingarstjóra, stærðarskráningartöflur, tryggingar ofl
- Aðstoða byggingarfulltrúa við yfirferð hönnunargagna s.s. stærðarskráningar og teikninga
- Úttektir skv. ákvæðum byggingarreglugerðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í byggingartæknifræði, byggingarfræði eða iðnmeistari á sviði húsbygginga
- Reynsla af störfum í byggingariðnaði kostur
- Reynsla af vinnu við gæðakerfi kostur
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góð samskiptahæfni og lipurð í almennum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnar-hrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2806 talsins.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



# Hjá 01101110 01101111 01110110 01100001 er forritað og forritað

## Ef þú skildir þetta þá erum við að leita að þér

Sæktu um fyrir 16. nóv.

Við leitum að reyndum vefforritara með a.m.k. 3 ára starfsreynslu í vefþróun til að styrkja öflugan hóp vefforritara sem þróar og rekur fjölbreyttar og skemmtilegar veflausnir Nova. Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á forritun hugbúnaðarlausna.

Vinnuumhverfið er spennandi og býður upp á nýjar áskoranir á hverjum degi. Við vinnum eftir Agile hugmyndafræðinni sem og okkar eigin útfærslum til að gera vinnuna skemmtilega og uppbyggilega.

Lausnir Nova eru flestar reknar á Windows og eru meðal annars þróaðar í .NET, C#, JavaScript, HTML, CSS, LINQ, REACT, Java, Spring, Hibernate, SQL og einhver þekking þar æskileg en kunnátta á gúggúl nauðsynleg. Við elskum DevOps, Agile, CI og er því áhugi á þeim málefnum mikill styrkur. Háskólamenntun á sviði tölvunar-fræði er skilyrði.

Nova býður upp á sveigjanlegan vinnutíma, sjálfstæð vinnubrögð og skemmtilega samstarfsfélaga. Mikið er lagt upp úr góðum starfsanda og liðsheild.

**Áhugasamir sæki um á nova.rada.is fyrir 16. nóvember.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar A. Ólafsson gunnar@nova.is**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

## Kaldrananeshreppur auglýsir laust starf á leikskólanum Drangsnesi.

**Leikskólakennaramenntun æskileg.**
**Allar upplýsingar í síma 4513277/7753377**

HEIÐARSKÓLI REYKJANESBÆ

## STÆRÐFRÆÐI-KENNARI ÓSKAST

Heiðarskóli í Reykjanesbæ óskar eftir að ráða kennara í stærðfræði á mið- og unglingastigi. Um er að ræða 100% starf vegna forfalla.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir samstarfshæfileikar
- Metnaður til að ná góðum árangri í skólastarfi
- Áhugi á þróun skólastarfs

Í Heiðarskóla er öflugur starfsmannahópur og þar er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf. Unnið er eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar.
Umsókn fylgi afrit af leyfisbréfi og ferilskrá ásamt upplýsingum um meðmælendur.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjanesbæjar undir laus störf:
**www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.**
Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2015.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Sóley Halla Þórhallsdóttir skólastjóri í síma 894 4501 eða 420 4500.**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is




**Landsnet hf. leitar eftir reyndum bókara í 80% starf við almenn bókhaldsstörf á fjármálasviði.**

### Starfs- og ábyrgðarsvið
- Bókhald, s.s. skráning og staðfesting bókunar, afstemmingar, ferðauppgjör o.fl.
- Eftirfylgni með að bókun reikninga sé í samræmi við lög, ferla og almennar reikningsskilavenjur
- Umsjón með rafrænum reikningum
- Þátttaka í gerð verkferla reikningshalds og eftirfylgni þeirra
- Aðstoð við stjórnendur og starfsmenn
- Ýmis önnur verkefni tengd reikningshaldi

**Landsnet**
Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Haldbær reynsla af störfum í bókhaldi er nauðsynleg
- Þekking á lögum og reglum á sviði bókhalds, virðisaukaskatts og reikningsskila er nauðsynleg
- Þekking á verkbókhaldi
- Góð þekking og færni í Excel er nauðsynleg, þekking á Dynamics Ax er kostur
- Starfið krefst nákvæmni, skipulags, frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða

**Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2015.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

RioTinto

# Framkvæmdastjórar kerskála og steypuskála

**Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða í tvær stöður framkvæmdastjóra, annars vegar framkvæmdastjóra kerskála og hins vegar framkvæmdastjóra steypuskála.** Báðir sitja í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og heyra beint undir forstjóra. Störfin eru fjölbreytt og taka viðkomandi virkan þátt í stefnumótun og stjórnun fyrirtækisins. Í hvorri deild starfa hátt í 100 manns, sérfræðingar og almennir starfsmenn bæði í dagvinnu og vaktavinnu.

**Starfssvið framkvæmdastjóra:**
- Yfirumsjón með daglegum rekstri
- Eftirlit og þróun framleiðsluferla með stöðugum umbótum
- Umsjón með gerð árlegra rekstrar- og fjárfestingaáætlana
- Eftirlit með kostnaði og kostnaðargreiningum
- Ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni heilbrigðis-, öryggis- og umhverfisstaðla á sviðinu
- Ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni gæðastjórnunarkerfa á sviðinu
- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu fyrirtækisins
- Samskipti og náin samvinna við aðrar deildir fyrirtækisins
- Samskipti við móðurfélagið Rio Tinto, innlenda og erlenda birgja og viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- M.Sc í verkfræði eða sambærileg menntun
- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun
- Þekking á álframleiðslu er kostur
- Þekking á straumlínurekstri (e. Lean) er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta, þekking á upplýsinatækni og gagnavinnslu er kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Miklir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.
Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið. Frekari upplýsingar um fyrirtækið má nálgast á vefslóðinni www.riotintoalcan.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember 2015.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent




# Vörustjóri óskast

*Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi í starf vörustjóra fyrir lausasölu- og hjúkrunarvöru, hjúkrunarþjónustu o.fl.*

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Vörustjórinn hefur umsjón með innkaupum og vörustjórnun á sínum flokki fyrir allar verslanir Lyfju og Apóteksins. Í starfinu felast m.a. ákvarðanir um vöruúrval og innkaup, samskipti við birgja og almenn vörustjórnun.
Ennfremur felur starfið í sér ákvarðanatöku um markaðs- og söluherferðir í samstarfi við birgja, umsjón með útliti verslana, framsetningu á vörum og fleira.
Um er að ræða krefjandi og spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling á skemmtilegum vinnustað.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi og/eða áralöng reynsla af vörustjórnun.
- Reynsla og menntun úr heilbrigðis- eða lyfjageiranum er kostur.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 22. nóvember. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Sækja má um starfið á heimasíðu okkar www.lyfja.is**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.*

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530 3800, hallur@lyfja.is

# Bókhald 50%

NordicVisual/Norrænar myndir ehf óska eftir að ráða starfsmann í 50% starf við að sjá um að færa bókhald félagsins í samhliða öðrum starfsmanni sem sér um fjármál félagsins.

Starfssvið: Færa bókhald félagsins, innlenda og erlenda birgja og viðskiptamenn, innheimta, aðstoð við undirbúning árs- og árshlutauppgjöra fyrir endurskoðanda, pappírsvinna vegna tvísköttunarsamninga vegna umboðsmannakerfi erlendis ásamt öðrum verkefnum.

Hæfniskröfur: A.m.k. 3-5 ára reynsla við bókhald, reynsla af Navision Financials æskileg en ekki skilyrði, frumkvæði og góð samskiptahæfni Góð ensku kunnátta.

Viðkomandi verður að geta hafið störf strax.

**Áhugasamir sendi umsókn á netfangið: agj@nordicvisual.com**

Gallery Restaurant

## Þjónustustjóri

Gallery Restaurant leitast eftir þjónustustjóra í fullt starf. Starfið felst í að annast viðskiptavini og svara fyrirspurnum varðandi veisluhöld og ýmislegt fleira. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjónustustörfum og gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri.

## Barþjónn

Gallery Bar á Holtinu leitar eftir góðum barþjón til þess að sjá um gesti okkar. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af barstörfum og einstaka þjónustulund.

**Ferilskrá ásamt mynd sendist á umsokn@holt.is**

***Gallery Restaurant – Hótel Holt.***
**www.holt.is**

# Þjónustufulltrúi Sauðárkróki

- nánar á motus.is

motus


## RÁÐGJÖF
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir
www.intellecta.is









HEILL HELLINGUR AF
**NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 3**

**FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR**

Það er margt nýtt og spennandi á dagskrá á Stöð 3 í vetur. Spennuþættir, hárbeitt grín og alls konar raunveruleikaþættir sem þú mátt ekki missa af. **Vertu með okkur í vetur, þú finnur örugglega þætti við þitt hæfi á Stöð 3.**

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

# VIRTUS bætir í hópinn

VIRTUS og tengd félög óska eftir að ráða til sín móttökuritara á þjónustuborði, sérfræðing á launa- og greiðslusviði, sérfræðing á bókhaldssviði og starfsmann á bókhaldssviði.

## MÓTTÖKURITARI Á ÞJÓNUSTUBORÐI

**HELSTU VERKEFNI**

- Umsjón með móttöku VIRTUS og tengdra félaga
- Símsvörun, umsjón með bréf- og bögglasendingum, eftirlit með fundarherbergjum,kaffistofu o.fl.
- Dagleg uppfærsla skuldunauta-bókhalds viðskiptavina
- Reikningagerð fyrir viðskiptavini
- Aðstoð við bókhaldssvið VIRTUS

**ÆSKILEG ÞEKKING OG HÆFNI**

- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi
- Almenn tölvuþekking (skilyrði)
- Reynsla af dk bókhaldshugbúnaði

## STARFSMAÐUR Á BÓKHALDSSVIÐI

Starfsmaður VIRTUS staðsettur hjá viðskiptavinum

**HELSTU VERKEFNI**

- Aðstoð við fjármálastjóra viðskiptavina
- Aðstoð við verkefnastjóra við uppgjör verkefna
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Umsjón með samþykktarferli reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni

**ÆSKILEG ÞEKKING OG HÆFNI**

- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvuþekking (skilyrði)
- Reynsla af dk bókhaldshugbúnaði

## SÉRFRÆÐINGUR Á BÓKHALDSSVIÐI

**HELSTU VERKEFNI**

- Færsla og afstemming bókhalds
- Uppgjör og skil á opinberum gjöldum
- Milliuppgjör og greining fjárhagsupplýsinga
- Gerð ársuppgjöra og skattframtala
- Almenn ráðgjöf

**ÆSKILEG ÞEKKING OG HÆFNI**

- Þekking á bókhaldskerfum (skilyrði)
- Áfanginn „Viðurkenndur bókari" (kostur)
- Almenn tölvuþekking (skilyrði)
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi

## SÉRFRÆÐINGUR Á LAUNA- OG GREIÐSLUSVIÐI

**HELSTU VERKEFNI**

- Útreikningar og greiðslur á launum og tengdum gjöldum
- Færsla og afstemming launa- og verktakabókhalds
- Samskipti við lífeyrissjóði, stéttarfélög og opinbera aðila
- Ráðgjöf og stuðningur fyrir viðskiptavini

**ÆSKILEG ÞEKKING OG HÆFNI**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launaútreikningum
- Þekking á bókhalds- og launakerfi
- Almenn tölvuþekking
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar um störfin veitir Atli Rafn Viðarsson á netfanginu atli@virtus.is
**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2015. Eingöngu er hægt að sækja um störfin á vef VIRTUS, virtus.is/atvinna.**

**VIRTUS** er framsækið þjónustufyrirtæki á sviði víðtækrar bókhalds- og fjármálaþjónustu. Aðalsmerki félagsins eru heildstæð þjónusta sem grundvölluð er á sterkri liðsheild metnaðarfullra starfsmanna. Þessa dagana leitum við að öflugu fólki sem vill slást í för með okkur undir merkjum VIRTUS og dótturfélaganna Nótu og Payroll.

Við bjóðum starfsfólki okkar fjölbreytt og krefjandi verkefni, leggjum áherslu á skjólgott vinnuumhverfi og freistum þess að haga daglegum störfum okkar þannig að þau séu aðlaðandi bæði fyrir starfsfólk og viðskiptavini. VIRTUS býður upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Við leggjum áherslu á áreiðanleika og snyrtimennsku í röðum starfsfólks okkar, gerum kröfu um gott vald á enskri og íslenskri tungu, óskum eftir nákvæmni og skipulagi í vinnubrögðum og lítum á gott viðmót, glaðværa þjónustulund og samskiptahæfni sem lykilatriði fyrir starfsandann.

Helstu verkefni okkar eru færsla bókhalds, skil á skýrslum vegna opinberra gjalda, gerð milliuppgjöra, ársuppgjöra, skattframtala, útgáfa reikninga, greiðsla reikninga og launaútreikningar auk almennrar rekstrarráðgjafar.

Á meðal viðskiptavina eru einstaklingar með rekstur, fyrirtæki, stofnanir, húsfélög, leikfélög, stéttarfélög, starfsmannafélög o.fl. auk fjölda erlendra aðila á borð við kvikmyndafyrirtæki o.fl. sem ýmist eru í tímabundnum verkefnum hér á landi eða í viðvarandi rekstri.

factus
factus.is

payroll
payroll.is

Nóta
nóta.is

**Factus** býður fyrirtækjum ráðgjöf og lánveitingu til skamms tíma
**Payroll** sérhæfir sig í launaútreikningum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök
**Nóta** býður upp á notendavænt vefviðmót fyrir reikningagerð á nóta.is

Skipholt 50 d, 105 Reykjavík • Sími 414 3200 • virtus@virtus.is

VIRTUS
BÓKHALD & RÁÐGJÖF

# Hefur þú áhuga á flugi eða forritun?



## PRÓFSTJÓRI BÓKLEGRA FLUGPRÓFA

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða prófstjóra fyrir bókleg flugpróf sem einnig mun sinna starfi sérfræðings við yfirferð umsókna um flugstarfaskírteini.** Í starfinu felst einkum skipulagning, framkvæmd og yfirferð bóklegra prófa sem krafist er fyrir útgáfu flugstarfaskírteina. Þá felst einnig í starfinu að fara yfir umsóknir um flugstarfaskírteini og upplýsa umsækjendur um gildandi kröfur. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í alþjóðlegu umhverfi þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Bóklegt atvinnuflugmannspróf (JAR-FCL / Part-FCL)
- Önnur flugtengd menntun eða reynsla er kostur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi eða sambærileg menntun er kostur
- Áhugi á flugmálum er nauðsynlegur
- Hæfileiki til að túlka, útskýra og setja fram reglugerðarkröfur með skýrum hætti
- Góð tölvuþekking
- Mjög góð tök á íslensku og ensku

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að sýna af sér frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgason, deildarstjóri þjálfunar- og skírteinadeildar í síma 480 6000.

## FORRITARI NorType

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða forritara í NorType verkefnið við nýsköpun og brautryðjandi hugbúnaðarlausnir.** NorType verkefnið er samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og snýst um að halda úti gagnagrunni fyrir tækniupplýsingar ökutækja. Í boði er spennandi verkefni í starfsumhverfi með góðum tækjabúnaði, skemmtilegur félagsskapur og tillitssemi gagnvart því að forritarar eigi líka líf utan vinnunnar. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði, eða önnur reynsla sem nýtist í starfi forritara
- Þekking á Ruby on Rails, Model-view-controller, MySQL, jQuery, Clojure, XML, Excel, HTML & CSS, Linux, vefforritun og gagnagrunnskerfum er kostur
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Viðkomandi þarf að búa yfir vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Gunnarsson, deildarstjóri NorType í síma 480 6000.

### Umsóknarfrestur er til 23. nóvember 2015

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

**Nánari upplýsingar** er að finna á heimasíðu Samgöngustofu, **www.samgongustofa.is**

Samgöngustofa

Samgöngustofa | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 15-2452

# Vatnsstígur 19

Penthouse íbúð



Glæsileg „penthouse" íbúð að stærð 188,5
Þakherbergi með útgengi á pall
Sjávarútsýni / Stæði í bílakjallara
Vandað efnisval og glæsileg hönnun
Lyftuhús / húsvörður / öryggismyndavélar

Verð: **110 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

# Vélstjóri

**Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa vélstjóra frá og með 1. mars 2016 með starfsstöð í Reykjavík.**

Starfið felst aðallega í vélstjórn á dráttarbátum Faxaflóahafna sf. en einnig í afgreiðslu rafmagns, móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

**Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**
- Hafi full vélstjórnaréttindi - VF 1
- Hafi sótt námskeið í Slysavarnarskóla Sjómanna
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Hafi góða tölvukunnáttu

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi og sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. verkefnum á þeim stöðum.
Unnið er alla virka daga 07:00 –17:00.

Umsóknir sendist Faxaflóahöfnum sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt VÉLSTJÓRI fyrir **1. desember n.k.** Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnarvernd þá er óskað eftir að umsækjandi geti lagt fram sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525-8900.

Dalabyggð

# Deildarstjóra vantar

Laus er staða deildarstjóra við leikskóladeild Auðarskóla. Auðarskóli, sem er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli, er staðsettur í Búðardal. Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð –Ánægja- Árangur. Leikskólinn er tveggja deilda og að jafnaði dvelja þar 35 – 40 börn frá 12 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður góður. Næsti yfirmaður er aðstoðarleikskólastjóri.

Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og hefur hæfileika til að virkja krafta starfsfólks til góðra verka.

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og metnaður fyrir faglegu leikskólastarfi
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands.
**Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember.**
Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899-7037. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið eyjolfur@audarskoli.is

NÓI SÍRÍUS

Nói Síríus er öflugt fyrirtæki á matvælamarkaði, þekkt fyrir framleiðslu sína á sælgæti en flytur einnig inn matvöru af ýmsu tagi. Nói Síríus vinnur markvisst að því að ná framúrskarandi árangri með stöðugum umbótum og öflugri stjórnun í anda Lean Management/straumlínustjórnunar.

# Nói Síríus óskar eftir að ráða verkefnastjóra umbóta

Leitað er að öflugum aðila til að sinna verkefnastjórnun og ýmsum umbótaverkefnum á gæðasviði fyrirtækisins.

**Starfssvið:**

- Stýrir umbótaverkefnum með hugmyndafræði Lean að leiðarljósi
- Tekur þátt í að viðhalda og efla gæðakerfi fyrirtækisins
- Er öflugur liðsmaður gæðateymisins og stjórnendahópsins

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og hæfni í verkefnastjórnun, umbótavinnu og innleiðingu umbóta
- Þekking á Lean Management/straumlínustjórnun
- Þekking á gæðastöðlum matvælavinnslu kostur

**Upplýsingar veitir:**

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi er félag sjálfboðaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Meginhlutverk Rauða krossins á Íslandi er að bregðast við hvers konar neyð hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum, standa vörð um og aðstoða þá sem verst eru staddir í samfélaginu og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum. Félagar í Rauða krossinum á Íslandi eru yfir 20 þúsund og skráðir sjálfboðaliðar 2.900 sem starfa í 42 deildum um land allt. Sérstaða Rauða krossins felst meðal annars í því að félagið starfar á breiðu sviði mannúðar- og hjálparstarfs í samræmi við grundvallarhugsjónir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Hreyfingin er elsta og umfangsmesta mannúðarstofnun í heimi með um 97 milljónir félagsmanna og sjálfboðaliða í 188 löndum.

# Framkvæmdastjóri

Stjórn Rauða krossins á Íslandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi til krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarfa þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

**Starfssvið:**

- Stjórnar daglegum rekstri Rauða krossins á Íslandi
- Fylgir eftir stefnu félagsins, ákvörðunum stjórnar og samþykktum aðalfundar
- Ber ábyrgð á starfsemi Rauða krossins á Íslandi gagnvart stjórn
- Stýrir og ber ábyrgð á rekstri landsskrifstofu og annarri starfsemi sem heyrir undir skrifstofuna
- Stuðlar að góðum tengslum við deildir félagsins um allt land, styður og samhæfir starf þeirra
- Stjórnar og ber ábyrgð á starfsemi félagsins á erlendum vettvangi

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun/framhaldsmenntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Reynsla af erlendri samvinnu
- Rík leiðtoga- og samskiptahæfni
- Miklir frumkvæðis- og skipulagshæfileikar
- Góð tungumálakunnátta er skilyrði, a.m.k. enska og eitt Norðurlandamál

**Upplýsingar veitir:**

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember nk.**

**Umsóknir ásamt ferilskrá og fylgigögnum óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

strætó.is

Strætó bs. er öflugt þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna þar sem starfa um 300 manns sem saman mynda sterka liðsheild. Strætó bs. er byggðasamlag, í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur það meginmarkmið að veita viðskiptavinum góða þjónustu með öflugu og víðtæku leiðarkerfi og gefa þeim kost á að komast leiðar sinnar á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.

Rekstrarsvið Strætó bs. er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 og öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt OHSAS 18001.

# Sviðsstjóri rekstrarsviðs

Strætó bs. leitar að kraftmiklum og reyndum stjórnanda til að stýra rekstrarsviði félagsins. Undir sviðið teljast akstursdeild, birgða- og innkaupadeild, verkstæði og þvottastöð. Sviðsstjóri rekstrarsviðs heyrir beint undir framkvæmdastjóra og á sæti í framkvæmdastjórn félagsins. Starfið hentar sókndjörfum einstaklingi sem hefur getu til að innleiða breytingar, áhuga á því að byggja upp öfluga liðsheild og að taka þátt í því að leiða Strætó bs. inn í nýja tíma.

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi rekstrarsviðs
- Stefnumótun og áætlanagerð (fjárhags- og rekstraráætlanir)
- Innleiðing stefnu, markmiða og ferla
- Vörustjórnun (innkaup og birgðahald)
- Útboðs- og samningagerð
- Rekstur gæðakerfa
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja og samstarfsaðila
- Stjórnun mannauðs

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði rekstrar- og stjórnunar kostur en ekki skilyrði
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla úr efstu þrepum fyrirtækja eða stofnana
- Þekking og reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Reynsla af umbótastarfi, teymisvinnu og breytingastjórnun
- Þekking og reynsla af vörustjórnun
- Þekking á gæðstjórnun og rekstri gæðakerfa
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Hæfni í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi

**Upplýsingar veita:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og greinargott kynningarbréf sem færir rök fyrir hæfni umsækjanda.

Karlar jafnt sem konur er hvattir til þess að sækja um starfið.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is




# Hjúkrunarfræðingar
## Hrafnistu Reykjavík

Laus er til umsóknar staða hjúkrunarfræðings á Hrafnistu Reykjavík. Staðan er laus eftir samkomulagi. Starfshlutfall samkomulag. Einnig er laus 30% staða hjúkrunarfræðings á næturvaktir.

Upplýsingar veitir og umsóknir skulu berast til Sigrúnar Stefánsdóttur forstöðumanns Hrafnistu í Reykjavík fyrir 24. nóvember n.k. á netfangið sigrun.stefansdottir@hrafnista.is, sími 664 9400.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarmenntun
- Starfsleyfi landlæknis
- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

# SMIÐIR ÓSKAST

Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði í fullt starf við smíðar og uppsetningar. Vinsamlega sendið inn umsókn á **gluggar@solskalar.is**

GLUGGAR & GARÐHÚS hf
Sími: 554 4300 | www.solskalar.is



# Fósturforeldrar - fósturbörn

*Hefur þú áhuga á að gerast fósturforeldri?*

Barnaverndarstofa leitar að fólki sem er reiðubúið að sækja um leyfi til að taka börn í fóstur og að taka þátt í sérstakri þjálfun því til undirbúnings.

Um getur verið að ræða tímabundið og/eða varanlegt fóstur.

Æskilegt er að fósturheimili séu í eða í námunda við þéttbýli. Ýmis reynsla og menntun, einkum á sviði umönnunar barna, getur komið að góðu gagni.

**Nánari upplýsingar eru veittar á Barnaverndarstofu sími: 530 2600 eða netfang: bryndis@bvs.is.**

Einnig er hægt að afla sér upplýsinga um umsóknarferli og hlutverk fósturforeldra á **http://www.bvs.is**

# Norræna húsið leitar
## að tæknikonu/manni í 50% stöðu

Norræna húsið
The Nordic House

**Ert þú einstaklingurinn sem við leitum að?**
- Þú hugsar í lausnum og hefur frábæra þjónustulund
- Þú getur haldið ótal boltum á lofti í einu
- Þú vinnur skipulega og hefur góða yfirsýn
- Þú átt auðvelt með að tileinka þér nýja tækni
- Þú ert líkamlega sterk/ur og ræður við að flytja til húsgögn

**Helstu viðfangsefni:**
- Undirbúa viðburði í og við húsið
- Sjá um tæknimál á fjölbreyttum viðburðum
- Stilla upp búnaði og ganga frá eftir viðburði
- Sjá til þess að húsið líti snyrtilega út og allt sé í standi
- Hjálpa til við uppsetningu sýninga
- Þjónusta gesti og viðskiptavini hússins

**Hæfniskröfur:**
Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu af því að vinna með viðburði og tæknimál þeim tengdum, þ.á.m. ljós, hljóð, glærukynningar, kvikmyndasýningar o.þ.h. Viðkomandi þarf að skilja og geta tjáð sig á íslensku og ensku. Færni í skandinavísku tungumáli er kostur. Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og ábyrgum einstaklingi sem á auðvelt með að vinna undir álagi.

**Athugið að vinnutími er aðallega seinnipartinn, um kvöld og helgar.** Umsjón með ráðningu hefur Þórunn Ragnarsdóttir, fjármálastjóri, og veitir hún upplýsingar um starfið í síma 551 7030 eða í gegnum netfangið **thorunn@nordichouse.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember 2015. Umsóknir skulu fylltar út á **www.norden.org.**

Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku, norsku eða ensku.

Ráðið er í starfið til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu ráðherranefndarinnar. Upplýsingar um Norræna húsið má finna á **www.norraenahusid.is.**

*Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.*





Schindler

# Rafvirki eða vélvirki

**Héðinn Schindler lyftur ehf. óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja**

**Starfssvið:**
Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfsstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
**Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.**

# Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólinn Fossakot í Grafarvogi óskar eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:
- ***Leiðbeinendum***
- ***Leikskólakennurum***

**Umsóknir skulu berast fyrir 13. nóvember,** áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is

Fossakot
Fossakot · Fossaleyni · 112 Reykjavík

**RAFVIRKI & RAFEINDAVIRKI ÓSKAST**

Árvirkinn SELFOSSI www.arvirkinn.is

VILJUM RÁÐA RAFVIRKJA OG RAFEINDAVIRKJA TIL FRAMTÍÐARSTARFA
UMSÓKNIR SENDIST Á PÓSTFANGIÐ
*arvirkinn@arvirkinn.is*

Mekka Wines&Spirits

## Innkaupastjóri

Mekka Wines & Spirits leitar að skemmtilegum samstarfsfélaga sem hefur brennandi áhuga á vörustjórnun og sér glasið alltaf hálffullt. Í boði er tímabundin vinna við spennandi og krefjandi verkefni á sviði vörustjórnunar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Innkaup og innkaupaáætlanir
- Kostnaðaverðsútreikningar
- Skipulagning flutningsmála
- Samskipti við birgja og flutningsaðila

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfið og/eða mikil reynsla af vörustjórnun
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, samviskusemi og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð excel færni og þekking á AGR innkaupakerfi kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði

**Við bjóðum:**
- Samkeppnishæf og árangurstengd laun
- Frábæra vinnuaðstöðu, hvetjandi vinnuumhverfi og skemmilegan starfsanda

Um er að ræða afleysingar fyrir allt árið 2016 og er því tilvalið tækifæri til auka við reynslu og þekkingu.
Áhugasamir vinsamlega sendið inn ferilskrá (ásamt mynd) og kynningarbréf á netfangið umsokn@mekka.is.
**Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2015.**

**Kynntu þér fyrirtækið og vörubreidd okkar á www.mekka.is**

**Ekki flaska á þessu !**



# Við gefum í

Vinnuvélar – tækjamiðlun ehf. óskar eftir að ráða öflugan einstakling í sölu á vörubílum og vinnuvélum. Um spennandi og krefjandi framtíðarstarf er að ræða í ört vaxandi fyrirtæki.

Starfssvið:
- Almenn sala vörubíla og vinnuvéla
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:
- Þekking á vörubílum og vinnuvélum
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni, frumkvæði, vandvirkni og metnaður
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta unnið sjálfstætt

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið gudmundur@jotunn.is.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Þór Guðjónsson í síma 4800-400.

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember nk.

Vinnuvélar

Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • www.vinnuvelar.is

Vinnuvélar-tækjamiðlun sérhæfir sig í sölu, innflutningi og miðlun stórra og smárra vinnuvéla, vörurbíla og varahluta. Fyrirtækið er systurfélag Jötunn Véla sem er leiðandi á Íslandi í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði, grænum svæðum og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækin leggja mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða og hraðvirka þjónustu. Hjá fyrirtækjunum vinna samtals 40 manns.

# Héðinn óskar eftir öflugum starfsmönnum

## Faglærðum og ófaglærðum

Vegna aukinna verkefna óskar Héðinn eftir að bæta við hóp frábærra starfsmanna. Við leitum að öflugu, áreiðanlegu og metnaðarfullu fólki til að sinna áhugaverðum verkefnum í véltækni og málmiðnaði. Um er að ræða viðhald, nýsmíði, uppsetningu á búnaði o. fl.

- Leitum að rennismiðum, vélvirkjum, vélstjórum og stálsmiðum.
- Ekki skemmir fyrir að hafa reynslu í ryðfrírri smíði.
- Óskum einnig eftir duglegum og laghentum mönnum til að vinna við hlið fagfólks.

Æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

**Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins á atvinna@hedinn.is eða fyllið umsókn út á vefsíðu fyrirtækisins, hedinn.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

HÉÐINN

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is



# Rekstur á vöruhúsi

Leitum að duglegum og traustum einstaklingi í starf vöruhúsastjóra.
Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



## Norlandair auglýsir eftir flugmönnum og flugstjórum til starfa með aðsetur á Akureyri

Norlandair er flugfélag á Akureyri. Félagið leggur áherslu á leiguflug á Grænlandi ásamt því að sinna áætlunarflugi frá Akureyri til Vopnafjarðar, Þórshafnar, Grímseyjar og Constable Pynt á Grænlandi.

### Hæfniskröfur

- Gilt Atvinnuflugmannsskírteini
- Gild Blindflugsáritun (IR)
- Gild fjölhreyflaáritun (MEP)
- Hafa lokið námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC)
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Lágmarkstímakröfur flugmanns eru 1000 heildarflugstundir
- Lágmarkstímakröfur flugstjóra eru 2000 heildarflugstundir

### Eftirfarandi þarf að fylgja umsókninni

- Afrit af flugskírteini
- Afrit af heilbrigðisvottorði
- Nýtt afrit af sakavottorði
- Afrit af einkunnum bóklegs atvinnuflugnáms
- Sundurliðun á flugtímum og afrit af síðustu 100 klst. úr loggbók
- Ferilskrá (CV)

**Umsóknir óskast sendar á skj@norlandair.is eigi síðar en 26. nóvember 2015**

norlandair

# Norræna húsið auglýsir eftir fjármálastjóra í 100% stöðu

Norræna húsið
The Nordic House

**Helstu viðfangsefni:**
- Ábyrgð á gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana og uppgjöra
- Staðgengill forstjóra
- Samskipti við yfirvöld og Ríkisendurskoðun
- Starfsmannahald
- Umsjón með útborgun launa og reikninga
- Reikningagerð og eftirfylgni með tekjum
- Samningagerð

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsnám á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla af fjármálastjórnun og starfsmannahaldi
- Viðkomandi þarf að vera afar sjálfstæður og skipulagður í starfi
- Mjög góð kunnátta í íslensku ásamt góðri kunnáttu í einu skandinavísku máli og ensku
- Þekking á norrænu samstarfi er kostur

Umsjón með ráðningu hefur Mikkel Harder, forstjóri Norræna hússins, og veitir hann nánari upplýsingar um starfið í síma 551 7030 eða í gegnum netfangið **mikkel@nordichouse.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2015. Umsóknir skulu fylltar út á **www.norden.org.**

Samtöl fara fram á Íslandi í byrjun desember.

Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku eða norsku.

Ráðið er í starf fjármálastjóra til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu Ráðherranefndarinnar. Upplýsingar um Norræna húsið má finna á **www.norraenahusid.is.**

*Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.*



## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Garðaskóli**
- Skólaliði

**Hæðarból**
- Aðstoðarmaður matráðs

**Sunnuhvoll**
- Leikskólakennari eða leiðbeinandi með brennandi áhuga á hreyfingu og næringu

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## VAKA

**Vegna aukinna umsvifa óskar Vaka hf. eftir starfsfólki í eftirtalin störf:**

**FÖRGUN**
Vaka hf. óskar eftir starfsmanni til að sjá um niðurrif og förgun bifreiða

**Hæfniskröfur:**
- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Lyftarapróf
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Öguð vinnubrögð
- Þekking á helstu bílategundum og varahlutum kostur

Mikil vinna og góð laun í boði fyrir rétta starfskraftinn

Áhugasamir sendi starfsumsókn á **starf@vakahf.is**, fyrir **21. nóvember 2015 merkt: Förgun**
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**
Vaka hf. óskar eftir starfsmanni á hjólbarðaverkstæði.

Ert þú hörkuduglegur og átt gott með að vakna til vinnu? Þá erum við að leita að þér!
Vantar dekkjamann til starfa, reynsla ekki skilyrði, einungis áhugi á því að læra eitthvað nýtt.
Mikil vinna og góð laun í boði fyrir rétta starfskraftinn

Áhugasamir sendi starfsumsókn á **starf@vakahf.is**, fyrir **21. nóvember 2015 merkt: Dekk**
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

**VERKSTÆÐI**
Vaka hf. óskar eftir bifvélavirkja til starfa á verkstæði okkar að Skútuvogi 8.

Góð íslensku og/eða ensku kunnátta nauðsynleg.

Áhugasamir sendi starfsumsókn á **starf@vakahf.is**, fyrir **21. nóvember 2015 merkt: Verkstæði**
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

## Kaldrananeshreppur auglýsir laust starf á leikskólanum Drangsnesi.

**Leikskólakennaramenntun æskileg.**
**Allar upplýsingar í síma 4513277/7753377**

TÓNLISTARSKÓLI KÓPAVOGS

## Skólaritari

Tónlistarskóli Kópavogs auglýsir eftir skólaritara í 80% starf frá 1. janúar næstkomandi. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku, hafa góða tölvukunnáttu og vera lipur í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 15. nóvember.**

**Nánari upplýsingar gefur skólastjóri, Árni Harðarson, í netfanginu arni@tonlistarskoli.is og í síma 893 7410**

## ATVINNA

**AÞ-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.**

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.
Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

**Umsóknir sendist á**
bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna"

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS
Skeiðarási 12
210 Garðabæ

HEILSUGÆSLAN



## Deildarstjóri Eigna- og innkaupadeildar

### Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar 100% starf deildarstjóra Eigna- og innkaupadeildar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Deildin heyrir undir svið fjármála og rekstrar sem staðsett er í Álfabakka 16. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. desember nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember 2015.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á gerð innkaupa- og þjónustusamninga.
- Eftirfylgni með framkvæmd samninga.
- Stuðningur við rekstur heilsugæslustöðva.
- Ábyrgð á innkaupum á tækjum og búnaði og umsjón lagers.
- Umsjón með viðhaldi og rekstri húsnæðis og eftirfylgni með verkbeiðnum á rekstrarsviði.
- Umsjón með eignaskrá.

**Hæfnikröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af samningagerð er kostur.
- Umsækjendur þurfa að vera lausnamiðaðir og búa yfir reynslu sem komið getur að notum í starfinu.
- Gerð er krafa um mikla samskipta- og samvinnuhæfni, sveigjanleika og getu til að vinna sjálfstætt.

**Frekari upplýsingar um starfið**

Nánari upplýsingar veitir Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar í síma 585-1300 eða netfang: jonas.gudmundsson@heilsugaeslan.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og BHM.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun



SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# LÖGFRÆÐINGUR

## Samtök atvinnulífsins leita að lögfræðingi með áhuga á vinnurétti og málefnum vinnumarkaðarins.

**Helstu verkefni:**
- Lögfræðileg ráðgjöf og þjónusta við aðildarfyrirtæki SA, einkum á sviði vinnuréttar
- Gerð og túlkun kjarasamninga

**Menntun og hæfni:**
- Meistarapróf/embættispróf í lögfræði
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði í starfi
- Áhugi á íslensku atvinnulífi

Helstu verkefni vinnumarkaðssviðs eru þjónusta við félagsmenn við túlkun laga og kjarasamninga, þátttaka í kjaraviðræðum, umsagnir og þátttaka í nefndum og stjórnum f.h. SA, málflutningur fyrir Félagsdómi og almennum dómstólum f.h. samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Hjá SA starfa nú 6 lögfræðingar.

**Upplýsingar veitir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í síma 821 0019.**
Umsóknir berist með tölvupósti til ragnar@sa.is. **Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk.**

Samtök atvinnulífsins eru í forystu um samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bætir lífskjör allra.

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem byggja á ólíkum atvinnugreinum. Yfir 2.000 fyrirtæki í fjölbreyttum greinum eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins. Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um 70% launafólks á almennum vinnumarkaði. Samtök atvinnulífsins eiga heima í Húsi atvinnulífsins.

Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is

# RÁÐGJAFI Í SÖLUDEILD

**Öflugur ráðgjafi óskast í söludeild Brimborgar fyrir nýja og notaða Ford bíla.**

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*
*Umsóknarfrestur er til 13. nóvember 2015.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

---

ALÞINGI

## Tölvunarfræðingur

Skrifstofa Alþingis óskar eftir að ráða tölvunarfræðing með forritunarreynslu til starfa. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

---

Geislameðferðardeild krabbameina

LANDSPÍTALI

## SÉRFRÆÐILÆKNIR Í KRABBAMEINSLÆKNINGUM

*Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í krabbameinslækningum á geislameðferðardeild krabbameina. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Starfið veitist frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi. Starfið felur m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og sérgreinum spítalans.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Vinna á geisla-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við krabbameinslækningadeild Landspítala
- Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala og þátttaka í samráðsfundum
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

**Hæfnikröfur**

- Breið þekking og reynsla í geislameðferð krabbameina
- Jákvæði, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Íslenskt sérfræðileyfi krabbameinslækningum

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2015.**

Nánari upplýsingar veitir Jakob Jóhannsson, yfirlæknir (jakobjoh@landspitali.is, 825 5146)

Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf".

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

HAFRANNSÓKNASTOFNUN

## Líffræðingur

Hafrannsóknastofnun óskar að ráða rannsóknamann til starfa við botndýrarannsóknir á sjó- og vistfræðisviði. Starfið fellst í greiningu botndýra, meðal annars af myndefni. Umsækjendur skulu hafa lokið BS-prófi í líffræði eða öðru sambærilegu prófi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- BS – próf í líffræði eða sambærilegt
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu
- Tilbúin(n) að fara í leiðangra á sjó

Um er að ræða fullt starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra náttúrufræðinga.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember.**
Umsóknir, með upplýsingum um menntun, aldur og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda skal senda á póstfangið **hafro@hafro.is.**
Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsstöð er í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig R. Ólafsdóttir (**solveig@hafro.is**) í síma 575 2000.

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 140 starfsmenn í þjónustu sinni.

---

Lyflækningar krabbamein

LANDSPÍTALI

## SÉRFRÆÐILÆKNAR Í LYFLÆKNINGUM KRABBAMEINA

*Laus eru til umsóknar störf sérfræðilækna í lyflækningum krabbameina. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi. Störfin fela m.a. í sér teymisvinnu með öðrum starfsstéttum og sérgreinum spítalans. Leitast er við að hafa samfellu í meðferð sjúklinga þannig að hver sjúklingur fær ábyrgan sérfræðilækni við greiningu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við krabbameinslækningadeild LSH
- Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala og þátttaka í samráðsfundum
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni
- Viðfangsefni tengd almennum lyflækningum í samráði við yfirlækni

**Hæfnikröfur**

- Breið þekking og reynsla í krabbameinslækningum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Íslenskt sérfræðileyfi í almennum lyflækningum með krabbameinslækningar sem undirsérgrein eða íslenskt sérfræðileyfi í krabbameinslækningum

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2015.**

Nánari upplýsingar veitir Helgi Sigurðsson, yfirlæknir (helgisi@landspitali.is, 824 5406)

Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf".

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Efstahjalla
- Deildarstjóri í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í leikskólann Sólhvörf

**Grunnskólar**

- Skólaliðar í dægradvöl í Hörðuvallaskóla
- Grunnskólakennari / íslenskukennari í Hörðuvallaskóla
- Skólaliðar í Smáraskóla
- Kennari í alþjóðaveri í Álfhólsskóla

**Velferðasvið**

- Deildarstjóri á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

## Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent

# CHEFS WANTED!

WE SEEK TO HIRE CHEFS AND KITCHEN HELP.
EXPERIENCE IN ASIAN COOKING IS PREFERRED.

If you are interested please send us an email to nings@nings.is or apply through our web site www.nings.is/atvinna

VIÐ LEITUM AF KOKKUM OG AÐSTOÐARFÓLKI Í ELDHÚS.
REYNSLA Í ASÍSKRI MATARGERÐ ÆSKILEG.

Áhugasamir hafi samband með því að senda póst á netfangið nings@nings.is eða leggi inn umsókn á www.nings.is/atvinna

NINGS

---

fagtækni

## Rafvirkjar óskast!

Fagtækni hf leitar eftir rafvirkjum/tæknimönnum til starfa vegna góðrar verkefnastöðu. Framtíðarstörf í boði fyrir rétt fólk. Laun samkvæmt samkomulagi.
Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið fagtaekni@fagtaekni.is eða hafið samband í síma 660 6904 (Eiríkur)

Fagtækni hf er framsækið fyrirtæki sem sinnir þjónustu við fyrirtæki og stofnanir á breiðu sviði rafkerfa. Einnig sækir Fagtækni hf mikið á útboðsmarkað samhliða sterkum aðalverktökum sem ávallt hefur verið gott samstarf við. Starfsemi Fagtækni hf spannar allt frá flóknum tölvu-, smápsennu- og stýrikerfum yfir í lausnir fyrir stóriðju- og skiparafkerfi svo störfin eru fjölbreytt. Fagtækni hf leitast ávallt við að vera í fremstu röð þegar kemur að tækninýjungum sem koma starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum til góða.

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Þjónustufulltrúi/tækniteiknari óskast til starfa hjá framkvæmda- og veitusviði Árborgar

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa/tækniteiknara til starfa sem fyrst. Starfið heyrir undir deildarstjóra framkvæmda og þjónustu.

**Ábyrgðar og starfssvið**
Meðal helstu verkefna má nefna umsjón með kortagrunnum vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu og gagnaveitu, gerð umhirðu- og þjónustukorta og umsjón með teikningum annara mannvirkja sveitarfélagsins. Að auki sinnir starfsmaður almennum skrifstofustörfum, bókhaldsvinnu og þjónustu við viðskipavini.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í tækniteiknun er skilyrði
- Reynsla og þekking af notkun Auto-Cad og almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Reynsla og þekking á bókhaldsforritinu Navision er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði
- Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða fullt starf. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Auður Guðmundsdóttir deildarstjóri framkvæmda og þjónustu eða Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri í síma 480 1500 á skrifstofutíma.

Umsókn þarf að berast í síðasta lagi **13. nóv. n.k.** á netfangið audurg@arborg.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

---

LANDSPÍTALI

# OKKUR VANTAR MIKILVÆGA HLEKKI Í KEÐJUNA

*Ef þú hefur áhuga á að takast á við krefjandi starf í líflegu og skemmtilegu umhverfi á erum við að leita að þér*

Barnaspítali Hringsins

## DEILDARLÆKNAR

*Laus eru til umsóknar tvö störf deildarlækna á Barnaspítala Hringsins. Ráðið er í störfin til 6 mánaða, annars vegar frá 1. desember 2015 eða sem fyrst eftir samkomulagi og hins vegar frá 1. janúar 2016. Starfshlutfall er 100% með tilheyrandi bundnum vöktum.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Þjálfun í barnalækningum með þátttöku í klínísku starfi
- Kennsla og handleiðsla kandídata og læknanema
- Þátttaka í vísindavinnu og / eða gerð klínískra leiðbeininga er æskileg

**Hæfnikröfur**
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð
- Fyrri reynsla af deildarlæknisstörfum á barnadeild er æskileg
- Hafa lokið kandídatsári og hafa almennt lækningaleyfi

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá, auk upplýsinga um ástæður umsóknarinnar (“Letter of motivation”). Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

**Nánari upplýsingar veitir** Þórður Þórkelsson, yfirlæknir (thordth@landspitali.is, 825 5094)

Skilunardeild

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Skilunardeild við Hringbraut er opin frá kl. 8-20 virka daga og kl. 8-16 um helgar. Boðið er upp á 3 mánaða aðlögun, þar af 8 vikna skipulagða fræðslu með reyndum hjúkrunarfræðingi.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Starfið felst í hjúkrun einstaklinga með langvarandi eða bráða nýrnabilun sem ýmist eru í blóðskilun eða kviðskilun. Einnig sinna hjúkrunarfræðingar deildarinnar blóðvökvaskiptum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða hjúkrun.

**Hæfnikröfur**
- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 80-100% og er starfið laust frá 1. desember 2015 eða eftir samkomulagi. Unnið er á tvískiptum vöktum, frá kl. 8-16 eða kl. 12-20. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sinni bakvöktum eftir að þjálfun lýkur.

**Nánari upplýsingar veita** Margrét Ásgeirsdóttir, deildarstjóri (margas@landspitali.is, 543 6340) og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is, 824 5480).

Líknardeild Kópavogi

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Á líknardeild eru 12 legurými og þrjú 5 daga pláss. Starfsemin er byggð á hugmyndafræði líknarmeðferðar. Áhersla er lögð á fjölskylduhjúkrun og teymisvinnu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi. Boðið er upp á fræðslu og starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingum.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Að veita einstaklingshæfða hjúkrun, ráðgjöf og stuðning til sjúklinga með langt gengna sjúkdóma og aðstandenda þeirra

**Hæfnikröfur**
- Góð samskiptahæfni
- Faglegur metnaður
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 60-100% og eru störfin laus frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi. Unnið er í vaktarvinnu og er vinnufyrirkomulag samkomulagsatriði.

**Nánari upplýsingar veita** Dóra Halldórsdóttir, deildarstjóri (dorahal@landspitali.is, 543 6604) og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is, 824 5480)

Líknardeild Kópavogi

## SJÚKRALIÐAR

*Á líknardeild eru 12 legurými og þrjú 5 daga pláss. Starfsemin er byggð á hugmyndafræði líknarmeðferðar. Áhersla er lögð á fjölskylduhjúkrun og teymisvinnu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Hjúkrun einstaklinga í samvinnu við aðra fagaðila
- Virk þátttaka í fjölskylduhjúkrun

**Hæfnikröfur**
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslenskt starfsleyfi sem sjúkraliði

Starfshlutfall er 60-100% og er starfið laust frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi. Unnið er í vaktarvinnu.

**Nánari upplýsingar veita** Dóra Halldórsdóttir, deildarstjóri (dorahal@landspitali.is, 543 6604) og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi (thoring@landspitali.is, 824 5480)

**Umsóknarfrestur ofangreindra starfa er til og með 23. nóvember 2015.**
**Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.**

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*



## Deildarstjóri Hagdeildar

Air Atlanta leitar eftir hæfum starfskrafti í stöðu deildarstjóra hagdeildar

**Starfslýsing**

Hagdeild flugfélagsins Air Atlanta gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi félagsins í því síbreytilega og alþjóðlega umhverfi er félagið starfar.

Hlutverk hagdeildar er að annast greiningar á rekstri félagsins og veita stjórnendum hagnýtar upplýsingar er nýtast við ákvarðanatöku er varðar skilvirkni félagsins. Hagdeildin ber jafnframt ábyrgð á áætlanagerð og kostnaðareftirliti ásamt því að veita stjórnendum stuðning við hagkvæmnigreiningar og áætlanir.

Deildarstjóri heyrir undir forstöðumann hagdeildar.

**Helstu verkefni deildarstjóra hagdeildar**

- Áætlanagerðir og kostnaðareftirlit
- Stjórnendaupplýsingar
- Þarfagreiningar
- Þróunarverkefni
- Arðsemis- og hagkvæmnigreiningar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólagráða í verkfræði, viðskiptafræði, tölvunarfræði eða tengdum greinum
- Reynsla af áætlanagerð
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Reynsla af kostnaðareftirliti er kostur
- Góð samskipta- og kynningarhæfni
- Þekking á SQL og Navision bókhaldskerfi er kostur

**Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2015**

Nánari upplýsingar og umsóknarform eru á **www.airatlanta.is**
- Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál

**Um Air Atlanta Icelandic**

Air Atlanta Icelandic er einn af stærstu ACMI þjónustuaðilum í heiminum. Við bjóðum uppá sérsniðnar lausnir til annar flugfélaga, bæði á farþega- og fraktmarkaði. Núverandi floti félagsins samanstendur af 17 breiðþotum, af þremur tegundum; Boeing 747-400, Airbus A330-200 og Airbus A340-300. Við störfum á alþjóðamarkaði en höfuðstöðvar okkar eru staðsettar í Hlíðasmára, Kópavogi.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com



FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

## SÉRFRÆÐINGUR HJÁ FERÐAMÁLASTOFU

**Ferðamálastofa óskar eftir að ráða sérfræðing í 100% starf. Starfið heyrir undir stjórnsýslu- og umhverfissvið, en starfstöð getur verið í Reykjavík eða á Akureyri. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.**

**Starfssvið m.a.:**

- Vinnur með umhverfisstjóra að mati á umsóknum og sinnir ásamt honum umsýslu Ferðamálastofu vegna Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
- Umsagnir um þingmál, skipulagsmál og önnur erindi er varða starfssvið umhverfisstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði ferðamálafræði, eða aðra menntun sem nýtist í starfi.

**Æskilegt er að umsækjendur búi yfir:**

- Reynslu af framkvæmdum á sviði ferðaþjónustu eða útivistar
- Reynslu af styrkúthlutunum og eftirfylgni við styrkúthlutanir
- Reynslu af opinberri stjórnsýslu og vinnu við skjalakerfi

Leitað er að einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika.

Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli er æskileg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

**Nánari upplýsingar um starfið** veitir Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður stjórnsýslu- og umhverfissviðs (*helena@ferdamalastofa.is*), en upplýsingar um starfsemi Ferðamálastofu er að finna á samskiptavef stofnunarinnar, www.ferdamalastofa.is.

**Umsóknarfrestur og skil á umsóknum** *er til 23. nóvember og er óskað eftir því að viðkomandi einstaklingur geti hafið störf í janúar. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast með tölvupósti á upplysingar@ferdamalastofa.is eða á skrifstofu Ferðamálastofu, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík og vera merktar "Sérfræðingur." Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða, en öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um starfið hefur verið tekin.*

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500
Hafnarstræti 91 | 600 Akureyri | Sími 535-5510

## VANTAR ÞIG VINNU?

**OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!**

NINGS óskar eftir að ráða sendla, fólk í afgreiðslu og í eldhús. Full störf og aukastörf í boði

Nings er austurlenskur veitingastaður sem leggur metnað í góðan mat og fyrirmyndar þjónustu.

ERT ÞÚ RÉTTA MANNESKJAN?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að fara inn á www.nings.is/atvinna/ og leggið inn umsókn

NINGS

bilauppbod.is

## Krókur – Bílauppboð

**Sala og skoðanir**

**Bílauppboð ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna skoðunum og bifreiðasölu.**

Óskað er eftir bifvélavirkja eða bifreiðasmið sem hefur reynslu af Cabas tjónamatskerfi og þekkingu og áhuga á sölu bifreiða.

Um er að ræða framtíðarstarf og gerð er krafa um ríka þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Öllum umsóknum verður svarað og verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir berist í síðasta lagi 20. nóvember 2015 á netfangið gisli@krokur.net. Nánari upplýsingar veitir Gísli Jónsson (gisli@krokur.net) sími 522-4600.

Bílauppboð ehf. er leiðandi fyrir í sölu ökutækja í gegnum einn mest sótta uppboðsvef landsins, **www.bilauppbod.is.** Meðal viðskiptavina félagsins eru flest stærstu trygginga- og fjármögnunarfyrirtæki landsins.



## Aðstoðarverkstjórar í vinnslu og ferskkjötsvinnslu á Akureyri

**Norðlenska óskar eftir að ráða tvo aðstoðarverkstjóra, annan í vinnslu og hinn í ferskkjötsvinnslu.**

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Um framtíðarstörf er að ræða.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði matvæla skilyrði
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, stundvísi, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni, snyrtimennska og fagleg framkoma
- Góð almenn tölvukunnátta, sem og íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar um störfin veitir Eggert H. Sigmundsson vinnslustjóri á dagvinnutíma í síma 460 8858 eða netfang eggerts@nordlenska.is.
Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2015.
Áhugasamir eru hvattir til að sækja um á www.nordlenska.is.
Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

NORÐLENSKA

Norðlenska er eitt öflugasta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins með um 180 starfsmenn að jafnaði. Jafnrétti er haft að leiðarljósi við ráðningar og hlaut fyrirtækið nýlega gullmerki jafnlaunaúttektar PwC til marks um að jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi við launaákvarðanir.

## Bókhald 50%

NordicVisual/Norrænar myndir ehf óska eftir að ráða starfsmann í 50% starf við að sjá um að færa bókhald félagsins í samhliða öðrum starfsmanni sem sér um fjármál félagsins.

Starfssvið: Færa bókhald félagsins, innlenda og erlenda birgja og viðskiptamenn, innheimta, aðstoð við undirbúning árs- og árshlutauppgjöra fyrir endurskoðanda, pappírsvinna vegna tvísköttunarsamninga vegna umboðsmannakerfi erlendis ásamt öðrum verkefnum.

Hæfniskröfur: A.m.k. 3-5 ára reynsla við bókhald, reynsla af Navision Financials æskileg en ekki skilyrði, frumkvæði og góð samskiptahæfni Góð ensku kunnátta.

Viðkomandi verður að geta hafið störf strax.

**Áhugasamir sendi umsókn á netfangið: agj@nordicvisual.com**

## GEYSIR REYKJAVÍK

*— Kæru vinir —*

Við erum að leita að jákvæðum söludrifnum starfsmanni sem þekkir búðina okkar á Skólavörðustíg. Í boði er 50-100% starf.

Vinsamlegast sendið okkur ferilskrá og hvaða vinnutími hentar á info@geysir.com

*Umsóknarfrestur er til 10. nóvember.*

GEYSIR

MyTimePlan

## Yfirstjórnandi

### (Client System Administrator)

MyTimePlan er leiðandi kerfi í Skýinu fyrir tíma- & kostnaðarstjórnun sem auðveldar stjórnendum stýringu mikilvægustu auðlindar fyrirtækisins, þ.e.; mannauðnum og stuðlar að auknum lífsgæðum og framleiðni. Í dag nota kerfið yfir 80 fyrirtæki og stofnanir fyrir innlenda og erlenda starfsemi sína.

**Við leitum að** öflugum einstaklingi sem skilur þarfir viðskiptavina okkar og getur sett sig inn í ólíkan rekstur þeirra og nýtt þann skilning til að stilla MyTimePlan af á þann veg að það hámarki hagnað þess sem það notar.

**Til að ná árangri** í starfinu þarftu að hafa góða samskiptahæfileika, mastera virkni MyTimePlan hugbúnaðarins, hafa framúrskarandi rökhugsun, vera skipulagður og drífandi í að koma hlutum í framkvæmd og tryggja árangursríka notkun MyTimePlan.

Þú verður hluti af hæfileikaríku 10 manna teymi sem vinnur sem einn að því að færa fyrirtækjum og stofnunum næstu kynslóð af hugbúnaði fyrir tíma- & kostnaðarstjórnun ásamt því að taka þátt í uppbyggingu á ört vaxandi fyrirtæki sem setur markið hátt.

Ef þú telur þig réttu manneskjuna í starfið þá endilega sendu okkur umsókn og ferilskrá á netfangið mytimeplan@mytimeplan.is. Fullum trúnaði er heitið.



## Framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur

**Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) leitar að framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri GR, rekstri golfvalla, golfskála og íþróttastarfi. GR er fjölmennasti golfklúbbur landsins með tæplega 3.000 félagsmenn. Klúbburinn rekur tvo golfvelli, á Korpúlfsstöðum og í Grafarholti. Þá rekur klúbburinn fjölbreytta æfingaaðstöðu fyrir golf í Básum. Jafnframt hefur GR með höndum kraftmikið íþróttastarf.

**Helstu verkefni:**
- Daglegur rekstur GR í umboði stjórnar.
- Ábyrgð á fjármálum, stefnumótun og markmiðasetning.
- Áætlanagerð, gerð ársreikninga, ársskýrslna og upplýsingagjöf til stjórnar.
- Samskipti og samstarf við starfsmenn og félagsmenn GR.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af stjórnun og rekstri.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á golfíþróttinni er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Skilningur á þjónustuhlutverki GR og gildi þess í öllu starfi.

Starfsferilsskrár og kynningarbréf skulu fylgja umsókn. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknum skal skilað á netfangið framkvaemdastjori@grgolf.is **fyrir 23. nóvember 2015.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf **eigi síðar en 1. mars 2016.**



Kristín Líf Valtýsdóttir vélaverkfræðingur í vöruþróun segir frá starfi sínu hjá Marel á **marel.is/kristin**

„Það hefur verið mjög gaman að kynnast Marel tækjabúnaði frá hinum ýmsu sjónarhornum, allt frá hönnun og framleiðslu til söluferla og markaðsgreininga, með þarfir viðskiptavinarins í huga."

## Verkefnastjóri

Marel er menntafyrirtæki ársins 2015

### Starfið:

Marel leitar að verkefnastjóra til að sinna verkefnum fyrir kjötiðnað. Starfið felur í sér ábyrgð og stýringu söluverkefna frá upphafsfasa til afhendingar. Verkefnin eru unnin í nánu samstarfi við sölu- og þjónustunet og ytri viðskiptavini Marel. Um er að ræða alþjóðleg verkefni í krefjandi umhverfi.

### Helstu verkþættir:

- Verkefnastjórn og framkvæmd verkefna í samræmi við verkferla Marel.
- Skipulag verkefna, gerð tímalína, upplýsingamiðlun og skýrslugerð um framgang verkefna.
- Gerð og eftirfylgni kostnaðaráætlana og áhættumats.
- Stýring verkefnateymis sem vinnur saman að lausn verkefna.
- Stjórnun væntinga og samskipta við viðskiptavini.
- Miðlun upplýsinga þvert á fyrirtækið með fókus á stöðugar umbætur.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.
Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, framúrskarandi íþróttaaðstöðu, gott félagslíf og margt fleira.

### Hæfniskröfur:

- Tæknimenntun (BS/MS próf) á háskólastigi.
- IPMA eða sambærilegt nám í verkefnastjórnun er kostur.
- Lágmark 3ja ára reynsla sem verkefnastjóri.
- Þekking/reynsla af ferlavinnu, greiningarhæfni og áhugi á stöðugum umbótum.
- Reynsla af því að leiða verkefnateymi.
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini og stjórnun verkefna.
- Reynsla af matvælaiðnaði er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta, í skrifuðu og mæltu máli.
- Vera í góðri aðstöðu til að ferðast.

### Umsóknarfrestur og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til og með **15. nóvember 2015.** Einungis er tekið við umsóknum á marel.com/jobs.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Benediktsson, bjorgvin.benediktsson@marel.com / Marije Pinkert, marije.pinkert@marel.com

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

**marel.is/jobs**

marel

# SÖLUMAÐUR MAZDA

Sölumaður fyrir nýja og notaða Mazda bifreiðar óskast til starfa hjá Brimborg í Reykjavík. Krefjandi, fjölbreytt og spennandi starf fyrir metnaðarfullan og drífandi einstakling.

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*
*Umsóknarfrestur er til 13. nóvember 2015*

brimborg




Grand Hótel Reykjavík óskar eftir jákvæðum og duglegum starfskröftum í eftirfarandi störf:

**Framreiðslumaður:** Um er að ræða 2-2-3 vaktir
**Ráðstefnuþjónn:** Morgunvaktir, sjá um fundarsalina
**Þjónn í morgunverðarsal:** Vaktavinna, ca. 60-70% vinna
**Aukafólk á kvöldin og um helgar:** Nú eru jólahlaðborðin að byrja og árshátíðirnar á fullu og vantar okkur því aukafólk í sal

**Hæfniskröfur:**
20 ára eða eldri
Snyrtimennska og stundvísi
Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknir sendist á **veitingar@grand.is**

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | www.grand.is

# Laust starf

## Grunnskóli Seltjarnarness – Skólaskjól

- **Tómstundafræðing vantar í Skólaskjól,** lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4.bekk.

Upplýsingar veita
Ólína Thoroddsen skólastjóri,
olina@grunnskoli.is og
Rut Hellenar, ruth@grunnskoli.is
forstöðukona Skólaskjóls, sími 5959200.

**Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir http://www.seltjarnarnes.is –Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 10. nóvember næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Seltjarnarnesbær www. seltjarnarnes. is

Dalabyggð

# Deildarstjóra vantar

Laus er staða deildarstjóra við leikskóladeild Auðarskóla. Auðarskóli, sem er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli, er staðsettur í Búðardal. Einkunnarorð skólans eru: Ábyrgð –Ánægja- Árangur. Leikskólinn er tveggja deilda og að jafnaði dvelja þar 35 – 40 börn frá 12 mánaða aldri. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður góður. Næsti yfirmaður er aðstoðarleikskólastjóri.

Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, skapandi og hefur hæfileika til að virkja krafta starfsfólks til góðra verka.

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og metnaður fyrir faglegu leikskólastarfi
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands.
**Umsóknarfrestur er til og með 9. nóvember.**
Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899-7037. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið eyjolfur@audarskoli.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is








papco FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# VILTU VINNA Í OKKAR LIÐI ?

**Fyrirtækjaþjónusta Papco þjónustar fyrirtæki og stofnanir með hreinlætis- og rekstrarvörur.**

**Papco er framleiðslufyrirtæki með umhverfisvottun Evrópublómsins og leggur mikla áherslu á gæði og þjónustu, því er fyrirtækið í sífelldri vöruþróun til að mæta kröfum viðskiptavina sinna.**

**VIÐ ERUM AÐ NÁ MIKLUM ÁRANGRI OG VANTAR ÞIG Í EFTIRTALIN STÖRF HJÁ FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTU PAPCO:**

**SÖLUFULLTRÚI**
Reynsla af sölustörfum nauðsynleg, starfið felst í sölu á hreinlætis- og rekstrarvörum, öflun nýrra viðskiptatengsla og að sinna þeim sem fyrir eru.

**SÖLUFULLTRÚI VIÐ AFGREIÐSLU**
Við leitum eftir góðum starfskrafti í verslun og símsvörun með góða framkomu og mikla þjónustulund.

**ÞJÓNUSTU- OG SÖLUFULLTRÚA**
Reynsla af sölustörfum er æskileg en fyrst og fremst er leitað eftir duglegum einstaklingi með góða framkomu og þjónustulund ásamt því að vera laghentur við uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði.

**Umsóknarfrestur til 20. nóvember og skulu umsóknir sendar á umsokn@papco.is Um er að ræða fullt starf og vinnutími samkvæmt samkomulagi, nánari upplýsingar í síma 587 7788.**

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

# VEFSTJÓRI
## taktu þátt í mótun nýrra tíma

**Húsasmiðjan auglýsir eftir vefstjóra. Starf vefstjóra er fjölbreytt, spennandi og krefjandi. Vefstjóri mun vinna að heimasíðum Húsasmiðjunnar, Blómavals og Ískrafts. Vefstjóri starfar í markaðsdeild og heyrir undir markaðsstjóra og vinnur náið með verkefnastjóra vefmarkaðssetningar.**

**Starfssvið:**
- Þróun á vef Húsasmiðjunnar og tengdra félaga
- Dagleg umsjón, efnisinnsetning, ritstýring og uppfærsla á vefsvæðum fyrirtækisins
- Umsjón og þróun vefverslunar
- Yfirumsjón með viðhaldi á vöruskrá á vef
- Markaðssetning og samspil heimasíðu og samfélagsmiðla
- Önnur tilfallandi verkefni er tengjast vefmálum, s.s. leitarvélabestun, greiningar o.fl.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefumsjón eða sambærilegu starfi er kostur
- Brennandi áhugi á vefmálum, ásamt sölu og markaðssetningu á netinu
- Gott vald á íslensku og hæfni til að skrifa texta
- Nákvæmni, agi og vönduð vinnubrögð
- Jákvæðni, mikil hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð
- Grunnþekking á virkni leitarvéla, leitarvélabestun og Google Analytics




Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Húsasmiðjan Holtagörðum, 104 Reykjavík**
**Umsóknir berist fyrir 16. nóvember n.k. til umsokn@husa.is**

**HÚSASMIÐJAN**

JARÐBORANIR



## VERKEFNASTJÓRI VIÐ BORFRAMKVÆMDIR

Jarðboranir leita að öflugum verkefnastjórum í lykilstöður hjá fyrirtækinu. Um er að ræða verkefnastjórnun á Íslandi sem og erlendis. Í starfinu felast fjölbreytt, umfangsmikil og krefjandi verkefni.

Erlend verkefni eru í löndum eins og Nýja Sjálandi, Nicaragua, Filippseyjum, Malasíu, Indónesíu og Eþíópíu. Unnið er á vöktum í fjórar vikur í senn og vaktafrí á Íslandi er fjórar vikur.

**Helstu verkefni:**

- Verkefnastjórnun borverkefna
- Rekstur og áætlanagerð
- Stjórnun starfsmanna
- Innkaup og aðfangastjórnun
- Skipulag borverks
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila á svæðinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði, vélfræði eða skyldum greinum
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rekstri og starfsmannahaldi
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Umsóknir skal senda á umsokn@jardboranir.is fyrir 16. nóvember næstkomandi.**

Jarðboranir er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita. Félagið á og rekur flota hátæknibora og er með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jardboranir.is.



## Fósturforeldrar - fósturbörn

*Hefur þú áhuga á að gerast fósturforeldri?*

Barnaverndarstofa leitar að fólki sem er reiðubúið að sækja um leyfi til að taka börn í fóstur og að taka þátt í sérstakri þjálfun því til undirbúnings.

Um getur verið að ræða tímabundið og/eða varanlegt fóstur.

Æskilegt er að fósturheimili séu í eða í námunda við þéttbýli. Ýmis reynsla og menntun, einkum á sviði umönnunar barna, getur komið að góðu gagni.

**Nánari upplýsingar eru veittar á Barnaverndarstofu sími: 530 2600 eða netfang: bryndis@bvs.is.**

Einnig er hægt að afla sér upplýsinga um umsóknarferli og hlutverk fósturforeldra á **http://www.bvs.is**

# Metnaðarfullur ástríðukokkur

TOLLSTJÓRI

Tollstjóri leitar að kröftugum og skapandi matreiðslumanni til að annast rekstur mötuneytis embættisins. Viðkomandi fær tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu frá grunni, m.a. með því að velja búnað og tæki, ásamt því að móta mötuneytið í takt við heilsustefnu embættisins. Lögð er áhersla á góðan aðbúnað og fjölskylduvænan vinnutíma.



Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt körlum sem konum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Unnur Ýr Kristjánsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 560-0300.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppbygging og rekstur mötuneytis.
- Umsjón með gerð matseðla, innkaupum og vinnuskipulagi annarra starfsmanna í eldhúsi.
- Matseld og framreiðsla í hádegi.
- Umsjón með veitingum á ýmsum starfsmannatengdum viðburðum.

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði matreiðslu.
- Reynsla af stjórnun eldhúsa/mötuneyta æskileg.
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð.
- Góð framkoma og rík þjónustulund.
- Sjálfstæði, hugmyndaauðgi og skipulögð vinnubrögð.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 23. nóvember nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/storf

# AMNESTY INTERNATIONAL

## auglýsir stöðu aðgerðastjóra í 100% starfshlutfall.

**Skrifstofan er staðsett í Reykjavík.**

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing fólks sem berst fyrir því að alþjóðlega viðurkennd mannréttindi séu virt og að allir njóti verndar þeirra. www.amnesty.is

**Verk- og ábyrgðarsvið:**

- Skipulag, samskipti og efling Ungliðahreyfingar Amnesty (ULH)
- Samfélagsmiðlar ULH
- Kynningar á ULH í framhaldsskólum
- Aðgerðir ULH
- Gerð fjárhagsáætlunar ULH
- Skýrslugerð
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. tómstunda - fræði, kennslufræði eða viðburðastjórnun
- Víðtæk reynsla af ungliðastarfi
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Leiðtogahæfileikar
- Góð tölvu- og margmiðlunarkunnátta
- Góð færni í íslensku og ensku
- Sveigjanleiki á vinnutíma
- Áhugi á mannréttindamálum

**Við bjóðum**

- Jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi
- Sveigjanlegt, skapandi og ábyrgðarfullt starf
- Starf, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín

Umsóknir skal senda á al@amnesty.is.

**Umsóknarfrestur er til 11. nóvember 2015.**

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir Anna í gegnum tölvupóst al@amnesty.is.

## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# Óskum eftir skrifstofustjóra/bókara

Þraut ehf er ungt og framsækið fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu. Við erum að leita að skrifstofustjóra/bókara til starfa frá og með næstu áramótum í 70% - 80% starfshlutfall.

Leitað er að einstaklingi sem er talnaglöggur, nákvæmur, samviskusamur og býr yfir góðri skipulags- og samskiptafærni.
**Sjá nánar um helstu verkefni og hæfniskröfur á: www.thraut.is/um-thraut/storf**

Umsóknarfrestur er til og með 15. nóvember n.k.. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn sendist á: Þraut ehf - miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík eða á sigrun@thraut.is

þraut ehf - miðstöð vefjagigtar og tengdra sjúkdóma

---

**Sérkennsluráðgjafi - Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga – Reykjavík**

## Sérkennsluráðgjafi

Laust er til umsóknar 100% starf sérkennsluráðgjafa hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Um er að ræða afleysingu frá 1. desember 2015 til 1. desember 2016.

**Helstu verkefni:**
- Mat og ráðgjöf á félagsfærni, samskiptum, tilfinningafærni og námstækni.
- Mat og kennsla á hjálpartæki.
- Ráðgjöf, fræðsla, kynningar og upplýsingamiðlun fyrir kennara, starfsfólk, nemendur skóla, aðstandendur, þjónustuaðila og samfélag.
- Þátttaka í rannsóknarvinnu og þróun nýjunga og umbótaverkefnum.

**Hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi, þroskaþjálfi, iðjuþjálfi eða sambærileg menntun.
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Frekari upplýsingar um starfið:**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2015.**

Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið thorbjorg@midstod.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðstöfun starfsins liggur fyrir. Nánari upplýsingar veitir Þorbjörg Gunnarsdóttir í síma 545 5800.

***Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík***

---

# Starfsmaður á lager

Rafkaup

**Rafkaup óskar eftir að ráða til sín starfsmann á lager.**

**Starfslýsing:**
Í starfinu felast öll almenn lagerstörf, s.s. afgreiðsla pantana, vörumóttaka, áfyllingar og fleira. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00 - 17:00.

**Hæfniskröfur:**
• Reynsla sem nýtist í starfi • Sjálfstæð vinnubrögð • Góð þjónustulund • Stundvísi • Gott skipulag

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð. Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.
Æskileg er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á **atvinna@rafkaup.is fyrir 13. nóvember 2015** - Um framtíðarstarf er að ræða.

Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is

---

# Viltu vinna í fersku fjallalofti?

## Skíðagæslumaður óskast í Bláfjöll

**Helstu verkefni**
- Að tryggja almennt öryggi í fjallinu, forvarnir og eftirlit, merkingar á skíðaleiðum og snjóflóðaeftirlit.
- Fyrsta hjálp og flutningur slasaðra úr fjalli og niður í skála.

**Hæfniskröfur**
- Skíðagæslumaður (Ski Patrol) þarf að hafa góða skíðakunnáttu og fyrstu hjálpar þekkingu (WFR eða sambærilegt).
- Haldgóð kunnátta í snjóflóðafræðum og snjóflóðaleit er skilyrði og reynsla af vélsleðaakstri æskileg.

Um er að ræða áhugavert starf fyrir þá sem hafa gaman af snjó og útiveru í alls kyns veðri. Starfshlutfall er 100% og gera má ráð fyrir talsverðri yfirvinnu. Ráðningartími frá 1. desember til 15. maí.

Einnig vantar skíðagæslumenn í hlutastörf, bæði í Bláfjöll og Skálafell.

## Vélaeftirlitsmaður í Bláfjöll

**Helstu verkefni og hæfniskröfur**
- Yfirumsjón með Kónginum, hröðustu stólalyftu landsins.
- Ábyrgð á viðhaldi, öryggismálum og þjálfun starfsmanna á lyftuna. Viðkomandi fær góða þjálfun á lyftuna á fyrstu mánuðunum.
- Utan háannatímabils sér vélaeftirlitsmaður um almennt viðhald á fasteignum skíðasvæðanna.

Umsækjandi þarf að vera þjónustulundaður, góður í mannlegum samskiptum, handlaginn og vinnusamur. Gott er að vera ekki lofthræddur. Rafvirkjamenntun eða önnur menntun kostur en ekki skilyrði.

Um 100% starf er að ræða allan ársins hring. Starfið er tímabundið afleysingastarf til 30. apríl 2017 og viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

## Hlutastörf á skíðasvæðum

Skíðasvæðin vilja bæta við sig hressu og duglegu starfsfólki í margvísleg hlutastörf. Aðeins er unnið þegar er opið og velur fólk sér sjálft hvaða daga það vinnur.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 23. nóvember og verður ráðið í störfin sem fyrst. Umsækjendur sendi ferilskrá og rök fyrir ráðningu á magnus@skidasvaedi.is. Nánari upplýsingar veitir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í síma 892 1679.

SKÍÐASVÆÐIN

Skíðasvæðin eru líflegur vinnustaður, störfin fjölbreytt og oft á tíðum í mjög krefjandi umhverfi. Góður andi ríkir á vinnustaðnum sem er í fögru fjallaumhverfi og fersku fjallalofti.

PIPAR\TBWA • SÍA • 155331



# Aðstoðarlæknir

Laus er til umsóknar staða aðstoðarlæknis í 6-12 mánuði, starfshlutfall 100%. Starfið er laust frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi.

Einnig vantar aðstoðarlækni til afleysinga sumarið 2016, í 3 mánuði. Upplýsingar veitir Haraldur Erlendsson forstjóri og yfirlæknir, haraldur@heilsustofnun.is, sími 483 0300.

**Umsóknarfrestur er til 23. nóvember 2015.**
Umsóknir með ferilskrá sendist til: Heilsustofnun - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@heilsustofnun.is.

Heilsustofnun NLFÍ
Grænumörk 10 – 810 Hveragerði
Sími 483 0300 – heilsa@heilsustofnun.is

Heilsustofnun er sérhæfð endurhæfingarstofnun og sinnir heildrænni, þverfaglegri endurhæfingu. Markmið endurhæfingar miðar að því að skjólstæðingur nái eins góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri færni og unnt er.

# VANTAR ÞIG VINNU?

## OKKUR VANTAR FÓLK Í LIÐIÐ!

NINGS óskar eftir að ráða sendla, fólk í afgreiðslu og í eldhús. Full störf og aukastörf í boði

Nings er austurlenskur veitingastaður sem leggur metnað í góðan mat og fyrirmyndar þjónustu.

## ERT ÞÚ RÉTTA MANNESKJAN?

Áhugasamir vinsamlega hafi samband með því að fara inn á www.nings.is/atvinna/ og leggið inn umsókn

NINGS



# Deildarstjóri hjúkrunar

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra hjúkrunar, starfshlutfall 80%. Staðan er laus frá 1. janúar 2016 eða samkvæmt samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Deildarstjóri hjúkrunar stjórnar og ber ábyrgð á daglegum rekstri hjúkrunar á Heilsustofnun. Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem unnið er í nánu þverfaglegu samstarfi við aðrar fagstéttir og fagmennska er höfð að leiðarljósi.

Upplýsingar veitir Margrét Grímsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar, margretg@heilsustofnun.is, sími 483 0300.

**Umsóknarfrestur er til 23. nóvember 2015. Umsóknir með ferilskrá sendist til:** Heilsustofnun - starfsmannastjóri, Grænumörk 10, 810 Hveragerði eða aldis@heilsustofnun.is.

Heilsustofnun er sérhæfð endurhæfingarstofnun og sinnir heildrænni, þverfaglegri endurhæfingu. Markmið endurhæfingar miðar að því að skjólstæðingur nái eins góðri líkamlegri, andlegri og félagslegri færni og unnt er.

**Hæfnikröfur**
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi
- Faglegur metnaður
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Fimm ára starfsreynsla
- Stjórnunarreynsla æskileg

Heilsustofnun NLFÍ
Grænumörk 10 – 810 Hveragerði
Sími 483 0300 – heilsa@heilsustofnun.is

bilauppbod.is

# Krókur – Bílauppboð

**Sala og skoðanir**

**Bílauppboð ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna skoðunum og bifreiðasölu.**

Óskað er eftir bifvélavirkja eða bifreiðasmið sem hefur reynslu af Cabas tjónamatskerfi og þekkingu og áhuga á sölu bifreiða.

Um er að ræða framtíðarstarf og gerð er krafa um ríka þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Öllum umsóknum verður svarað og verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir berist í síðasta lagi 20. nóvember 2015 á netfangið gisli@krokur.net. Nánari upplýsingar veitir Gísli Jónsson (gisli@krokur.net) sími 522-4600.

Bílauppboð ehf. er leiðandi fyrir í sölu ökutækja í gegnum einn mest sótta uppboðsvef landsins, **www.bilauppbod.is.** Meðal viðskiptavina félagsins eru flest stærstu trygginga- og fjármögnunarfyrirtæki landsins.

# VIÐSKIPTAFULLTRÚI

**Við hjá Faktoríu leitum að nýjum viðskiptafulltrúa. Faktoría er ungt og framsækið fjármögnunarfyrirtæki sem býður lausn í skammtímafjármögnun fyrirtækja og aukinn sveigjanleika í rekstri þeirra. Faktoria veitir starfsmönnum sínum góða starfsaðstöðu og árangurstengingu í starfi.**

**Hæfniskröfur viðskiptafulltrúa**
- Háskólanám eða sambærileg reynsla sem nýtist í starfi
- Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af sölu
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Metnaður, frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt

**Umsóknir skal senda á faktoria@faktoria.is fyrir 15. nóvember.**

Ferilskrá ásamt kynningarbréfi skal fylgja umsókn. Sendið fyrirspurnir um nánari upplýsingar á póstfangið faktoria@faktoria.is.

Hlíðasmári 4 | 201 Kópavogi | 415 8900

Faktoría



# Aðstoðarverkstjórar í vinnslu og ferskkjötsvinnslu á Akureyri

**Norðlenska óskar eftir að ráða tvo aðstoðarverkstjóra, annan í vinnslu og hinn í ferskkjötsvinnslu.**

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstörf er að ræða.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði matvæla skilyrði
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, stundvísi, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð samskiptahæfni, snyrtimennska og fagleg framkoma
- Góð almenn tölvukunnátta, sem og íslensku- og enskukunnátta

Frekari upplýsingar um störfin veitir Eggert H. Sigmundsson vinnslustjóri á dagvinnutíma í síma 460 8858 eða netfang eggerts@nordlenska.is.
Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2015.
Áhugasamir eru hvattir til að sækja um á www.nordlenska.is.
Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

NORÐLENSKA

Norðlenska er eitt öflugasta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins með um 180 starfsmenn að jafnaði. Jafnrétti er haft að leiðarljósi við ráðningar og hlaut fyrirtækið nýlega gullmerki jafnlaunaúttektar PwC til marks um að jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi við launaákvarðanir.

# Linux kerfisrekstur

RVX

**RVX** óskar eftir að ráða sjálfstæðan og öflugan einstakling til að vinna í krefjandi og skemmtilegu Linux umhverfi.
Rík áhersla er lögð á traust vinnubrögð og áreiðanleika.

**Starfssvið**

- Rekstur og viðhald á Linux kerfum
- Stýring og umsjón gagna á stórum netskrám
- Rekstur og endurbætur á DNS / DHCP / NFS o.fl.
- Þjónusta á sviði upplýsingatækni við framleiðslu kvikmynda

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði upplýsingatækni
- Reynsla af Linux kerfisumsjón
- Scripting reynsla í Python/Bash
- Red Hat gráða er kostur
- Lipurð í samskiptum og færni til vinna undir álagi
- Góð enskukunnátta

RVX er framsækið og öflugt framleiðslufyrirtæki í kvikmyndaiðnaði sem hefur haslað sér völl í erlendum sem innlendum verkefnum. Upplýsingatækni er mikilvægur hlekkur í starfsemi RVX.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir Sigfússon í síma 527 3330. Umsóknarfrestur er til 16. nóvember nk.
Umsókn ásamt starfsferilskrá skal senda á jobs@rvx.is

Nánari upplýsingar á www.rvx.is

**Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

**RAFVIRKI & RAFEINDAVIRKI ÓSKAST**

Árvirkinn SELFOSSI www.arvirkinn.is

VILJUM RÁÐA RAFVIRKJA OG RAFEINDAVIRKJA TIL FRAMTÍÐARSTARFA
UMSÓKNIR SENDIST Á PÓSTFANGIÐ
*arvirkinn@arvirkinn.is*

Mekka Wines&Spirits

## Innkaupastjóri

Mekka Wines & Spirits leitar að skemmtilegum samstarfsfélaga sem hefur brennandi áhuga á vörustjórnun og sér glasið alltaf hálffullt. Í boði er tímabundin vinna við spennandi og krefjandi verkefni á sviði vörustjórnunar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Innkaup og innkaupaáætlanir
- Kostnaðarverðsútreikningar
- Skipulagning flutningsmála
- Samskipti við birgja og flutningsaðila

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfið og/eða mikil reynsla af vörustjórnun
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, samviskusemi og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð excel færni og þekking á AGR innkaupakerfi kostur
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði

**Við bjóðum:**
- Samkeppnishæf og árangurstengd laun
- Frábæra vinnuaðstöðu, hvetjandi vinnuumhverfi og skemmilegan starfsanda

Um er að ræða afleysingar fyrir allt árið 2016 og er því tilvalið tækifæri til auka við reynslu og þekkingu.
Áhugasamir vinsamlega sendið inn ferilskrá (ásamt mynd) og kynningarbréf á netfangið umsokn@mekka.is.
**Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2015.**

**Kynntu þér fyrirtækið og vörubreidd okkar á www.mekka.is**

**Ekki flaska á þessu !**

# Vatnsstígur 19

**Penthouse íbúð**





Glæsileg „penthouse“ íbúð að stærð 188,5
Þakherbergi með útgengi á pall
Sjávarútsýni / Stæði í bílakjallara
Vandað efnisval og glæsileg hönnun
Lyftuhús / húsvörður / öryggismyndavélar

Verð: **110 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Sindri óskar eftir sölumanni

Við leitum að sölumanni í verslanir Sindra á höfuðborgarsvæðinu við sölu á verkfærum og tengdum búnaði. Starfið felur í sér tækniráðgjöf og tilboðsgerð fyrir viðskiptavini.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Öguð vinnubrögð

Upplýsingar um starfið veitir Þórður M. Kristinsson í síma 575 0000 eða thk@sindri.is.

**Starfslýsing**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

**Umsóknum skal skilað fyrir 20. nóvember.**

Sindri er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla og verkfæra. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af Johan Rönning sem rekur, auk Sindra, verslunar- og þjónustufyrirtækin Johan Rönning og Hebron.

Hjá félaginu starfa 80 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, á Akureyri og Selfossi.

Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

PIPAR\TBWA • SÍA • 155181

| Skútuvogi 1 | Viðarhöfða 6 | Bæjarhrauni 12 |
Sími 575 0000 • www.sindri.is

SINDRI


# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstöðumaður Fjölmenn.seturs | Velferðarráðuneytið | Ísafjörður | 201511/1149 |
| Líffræðingur | Hafrannsóknastofnun | Reykjavík | 201511/1148 |
| Gagnagrunnstjóri | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201511/1147 |
| Tölvunarfræðingur | Alþingi, skrifstofa | Reykjavík | 201511/1146 |
| Doktorsnemi í stofnfrumuranns. | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201511/1145 |
| Verkefnisstjóri | HÍ, vísinda- og nýsköpunarsvið | Reykjavík | 201511/1144 |
| Matreiðslumaður | Tollstjóri | Reykjavík | 201511/1143 |
| Skjalastjóri | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201511/1141 |
| Deildarstjóri eigna- og innkaupa | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201511/1140 |
| Skrifstofustjóri rekstrarsviðs | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201511/1139 |
| Forritari NorType | Samgöngustofa | Reykjavík | 201511/1138 |
| Prófstjóri bóklegra flugprófa | Samgöngustofa | Reykjavík | 201511/1137 |
| Læknakandídatar | LSH, Sjúkrahúsin á Ak. og Akranesi | Ýmsir staðir | 201511/1136 |
| Lífeindafræðingur | LSH, ónæmisfræðideild | Reykjavík | 201511/1135 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, endurhæfingargeðdeild Kleppi | Reykjavík | 201511/1134 |
| Iðjuþjálfi | LSH, iðjuþjálfun | Reykjavík | 201511/1133 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, líknardeild | Kópavogur | 201511/1132 |
| Sjúkraliðar | LSH, líknardeild | Kópavogur | 201511/1131 |
| Sérfr.læknar í lyflækn. krabbam. | LSH, lyflækningar krabbameina | Reykjavík | 201511/1130 |
| Sérfræðilæknir í krabbam.lækn. | LSH, geislameðferðard. krabbameina | Reykjavík | 201511/1129 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201511/1128 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, hjarta-, lungna- og augnskurðd. | Reykjavík | 201511/1127 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, heila-, tauga- og bæklunarsk.d. | Reykjavík | 201511/1126 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Austurlandi | Eskifj./Egilsst. | 201511/1125 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, göngud. húð- og kynsjúkdóma | Reykjavík | 201511/1124 |
| Ljósmóðir | LSH, göngudeild mæðraverndar | Reykjavík | 201511/1123 |
| Deildarlæknar | LSH, Barnaspítali Hringsins | Reykjavík | 201511/1122 |
| Talmeinafræðingur | LSH, talmeinaþjónusta | Reykjavík | 201511/1121 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, skilunardeild | Reykjavík | 201511/1120 |
| Sérnámsstaða í heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Borgarn./Akran. | 201511/1119 |

FINNA HOTEL

**Rekstrarstjóri** óskast til starfa til að sjá um daglegan rekstur hjá Finna Hotel á Hólmavík. Um er að ræða 21 herbergja hótel í 2 einingum á Hólmavík. Við leitum af einstaklingi með daglegan rekstur hótelsins í huga, sem og viðhald og umsjón fasteignarinnar auk annarra tilfallandi verka.

Manneskja með frumkvæði og metnað, hæfni í mannlegum samskiptum, dugnað og lipurð kemur einungis til greina. Enskukunnátta er skilyrði og reynsla af hótelstarfi er kostur. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst, umósknarfrestur til og með 23. Nóvember.**

**Umsóknir sendist á jobs@finnahotel.is**

# 4 STÖRF Í TÖLVULISTANUM

**Tölvulistinn er í stöðugum vexti um allt land. Leitum að hæfileikaríkum og þjónustulunduðum sölufulltrúum og verslunarstjórum til að bætast í hópinn.**

**SÖLUFULLTRÚI Á SUÐURLANDSBRAUT OG Á AKUREYRI**
**Óskum eftir að ráða tæknilega sterkan sölufulltrúa sem er þjónustulundaður og leysir verkefni sín af samviskusemi og jákvæðni.**

**SÖLLUFULLTRÚI Í FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTU**
**Leitum að sölufulltrúa í þjónustu og öflun nýrra viðskiptavina á fyrirtækjasvið okkar. Æskilegt að umsækjendur hafi góða sölureynslu og þekkingu á tölvuþörfum fyrirtækja.**

**VERSLUNARSTJÓRI Á SELFOSSI**
**Höfum áhuga á að ráða traustan og áreiðanlegan verslunarstjóra fyrir Tölvulistann og Heimilistæki á Selfossi. Stjórnunarhæfileikar og rík þjónustulund eru æskilegir kostir.**

**Hvetjum áhugasama af báðum kynjum til þess að fylla út rafræna umsókn á heimasíðu okkar tl.is**




tl.is
TÖLVU LISTINN

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

## SMIÐIR ÓSKAST

Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði í fullt starf við smíðar og uppsetningar. Vinsamlega sendið inn umsókn á **gluggar@solskalar.is**

GLUGGAR & GARÐHÚS hf
Sími: 554 4300 | www.solskalar.is



## Fósturforeldrar - fósturbörn

*Hefur þú áhuga á að gerast fósturforeldri?*

Barnaverndarstofa leitar að fólki sem er reiðubúið að sækja um leyfi til að taka börn í fóstur og að taka þátt í sérstakri þjálfun því til undirbúnings.

Um getur verið að ræða tímabundið og/eða varanlegt fóstur.

| 1387 | 4756 | 7692 | 10961 | 12563 | 15961 | 18260 | 22194 | 25425 | 28115 | 29500 | 31312 | 33737 | 35505 | 37714 | 40486 | 43001 | 45730 | 48809 | 52019 | 54251 | 56296 | 59173 | 62222 | 65375 | 67554 | 70652 | 72780 | 74841 | 76556 | 79230 | |
| 1460 | 4797 | 7785 | 10976 | 12690 | 16069 | 18380 | 22475 | 25754 | 28169 | 29734 | 31480 | 33896 | 35550 | 37799 | 40728 | 43272 | 45983 | 48996 | 52039 | 54265 | 56320 | 59578 | 62319 | 65428 | 67686 | 70750 | 73063 | 74887 | 76731 | 79395 | |
| 1529 | 4929 | 8054 | 11018 | 12815 | 16086 | 18385 | 22544 | 25802 | 28180 | 29736 | 31701 | 33936 | 35560 | 37983 | 40821 | 43279 | 46019 | 49076 | 52086 | 54708 | 56429 | 59697 | 62387 | 65446 | 67737 | 70811 | 73377 | 74909 | 77022 | 79542 | |
| 1539 | 5276 | 8646 | 11140 | 12964 | 16206 | 18401 | 22641 | 25868 | 28388 | 29968 | 31708 | 34074 | 35566 | 38404 | 40910 | 43513 | 46117 | 49206 | 52099 | 54738 | 56432 | 59813 | 62697 | 65641 | 68295 | 70840 | 73451 | 75052 | 77027 | 79728 | |
| 1779 | 5637 | 8712 | 11260 | 13035 | 16358 | 19106 | 22888 | 26028 | 28597 | 30059 | 31725 | 34184 | 35997 | 38483 | 41004 | 44300 | 46303 | 49257 | 52269 | 54823 | 56521 | 59901 | 62773 | 65801 | 68405 | 70898 | 73495 | 75054 | 77637 | 79754 | |
| 2136 | 5672 | 9193 | 11316 | 13908 | 16459 | 19390 | 23006 | 26195 | 28700 | 30121 | 32086 | 34442 | 36033 | 38771 | 41141 | 44328 | 46322 | 49372 | 52297 | 54828 | 56602 | 59974 | 63091 | 66046 | 68471 | 70914 | 73565 | 75145 | 77660 | 79811 | |
| 2192 | 5677 | 9332 | 11641 | 14041 | 16558 | 19752 | 23208 | 26410 | 28705 | 30165 | 32225 | 34455 | 36414 | 38838 | 41198 | 44510 | 46445 | 49469 | 52306 | 54891 | 56873 | 60042 | 63186 | 66191 | 68546 | 70949 | 73584 | 75283 | 77739 | 79831 | |
| 2532 | 5680 | 9555 | 11830 | 14061 | 16570 | 20041 | 23423 | 26416 | 28733 | 30169 | 32355 | 34498 | 36520 | 38986 | 41250 | 44567 | 46446 | 49680 | 52344 | 54912 | 56897 | 60277 | 63376 | 66292 | 68814 | 71011 | 73783 | 75480 | 77785 | 79879 | |
| 2572 | 5730 | 9748 | 11865 | 14279 | 16574 | 20250 | 23619 | 26429 | 28791 | 30182 | 32374 | 34621 | 36594 | 39076 | 41266 | 44625 | 46578 | 50077 | 52676 | 55100 | 57350 | 60717 | 63703 | 66380 | 69297 | 71204 | 73792 | 75522 | 77819 | 79932 | |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 131 | 2209 | 4551 | 6514 | 8480 | 11253 | 14750 | 16731 | 19742 | 22319 | 25158 | 26796 | 28917 | 31883 | 35278 | 36969 | 39841 | 42694 | 44815 | 47426 | 50072 | 52366 | 54659 | 57682 | 59562 | 62085 | 64451 | 66888 | 69633 | 72485 | 75406 | 79091 |
| 145 | 2238 | 4557 | 6669 | 8645 | 11505 | 14807 | 16735 | 19869 | 22465 | 25172 | 26817 | 28968 | 32077 | 35292 | 37014 | 39971 | 42707 | 44832 | 47574 | 50166 | 52478 | 54712 | 57870 | 59565 | 62089 | 64576 | 67031 | 69747 | 72831 | 75458 | 79176 |
| 162 | 2259 | 4576 | 6722 | 8770 | 11686 | 14811 | 16866 | 19889 | 22701 | 25180 | 26839 | 29433 | 32110 | 35298 | 37240 | 40053 | 42794 | 44907 | 47610 | 50208 | 52479 | 54778 | 57912 | 59720 | 62161 | 64601 | 67138 | 69862 | 72977 | 75665 | 79426 |
| 269 | 2346 | 4758 | 6770 | 8833 | 11777 | 14891 | 17010 | 19952 | 22716 | 25182 | 26976 | 29545 | 32253 | 35466 | 37328 | 40115 | 42868 | 44943 | 47738 | 50269 | 52593 | 54959 | 57950 | 59755 | 62169 | 64743 | 67309 | 69927 | 73036 | 75737 | 79484 |
| 294 | 2356 | 4863 | 6847 | 8905 | 11869 | 14948 | 17057 | 19991 | 22789 | 25214 | 26995 | 29578 | 32256 | 35483 | 37488 | 40282 | 43172 | 44944 | 47976 | 50291 | 52612 | 54978 | 57986 | 59822 | 62182 | 64802 | 67502 | 69968 | 73077 | 75791 | 79770 |
| 323 | 2406 | 4932 | 6925 | 8910 | 11905 | 14976 | 17214 | 20097 | 22841 | 25232 | 26997 | 29599 | 32268 | 35652 | 37528 | 40628 | 43182 | 44945 | 48004 | 50347 | 52619 | 55125 | 58050 | 59842 | 62200 | 64916 | 67596 | 70101 | 73081 | 75835 | 79776 |
| 410 | 2480 | 4973 | 6976 | 9034 | 12002 | 15042 | 17242 | 20126 | 22950 | 25280 | 27031 | 29617 | 32410 | 35677 | 37531 | 40653 | 43431 | 45033 | 48197 | 50390 | 52650 | 55180 | 58067 | 60142 | 62208 | 64951 | 67606 | 70205 | 73134 | 75933 | 79797 |
| 450 | 2516 | 5024 | 7077 | 9046 | 12010 | 15086 | 17340 | 20421 | 22960 | 25332 | 27074 | 29656 | 32594 | 35692 | 37676 | 40676 | 43459 | 45106 | 48283 | 50522 | 52662 | 55237 | 58077 | 60202 | 62284 | 65057 | 67716 | 70443 | 73210 | 76143 | 79913 |
| 509 | 2583 | 5072 | 7090 | 9077 | 12074 | 15130 | 17363 | 20526 | 23036 | 25495 | 27157 | 30009 | 32704 | 35769 | 37725 | 40697 | 43490 | 45149 | 48300 | 50641 | 52706 | 55324 | 58167 | 60235 | 62413 | 65126 | 67724 | 70568 | 73387 | 76209 | 79986 |
| 658 | 2614 | 5395 | 7105 | 9283 | 12181 | 15233 | 17404 | 20558 | 23099 | 25561 | 27184 | 30180 | 32837 | 35928 | 37804 | 40816 | 43498 | 45309 | 48359 | 50717 | 52772 | 55492 | 58203 | 60259 | 62463 | 65145 | 67732 | 70629 | 73527 | 76233 | |
| 768 | 2742 | 5457 | 7120 | 9442 | 12548 | 15291 | 17494 | 20663 | 23113 | 25657 | 27259 | 30227 | 32872 | 35955 | 37942 | 40969 | 43505 | 45449 | 48483 | 50875 | 52806 | 55537 | 58262 | 60412 | 62503 | 65324 | 67946 | 70704 | 73612 | 76572 | |
| 772 | 2784 | 5470 | 7213 | 9678 | 12609 | 15313 | 17541 | 20715 | 23165 | 25777 | 27468 | 30301 | 32902 | 35986 | 37958 | 41087 | 43533 | 45531 | 48489 | 50877 | 52909 | 55602 | 58265 | 60672 | 62696 | 65383 | 68029 | 70749 | 73790 | 76709 | |
| 888 | 2829 | 5570 | 7253 | 9807 | 12624 | 15428 | 17563 | 20749 | 23496 | 25847 | 27469 | 30393 | 32939 | 36065 | 38062 | 41121 | 43621 | 45619 | 48802 | 50890 | 52916 | 55621 | 58272 | 60868 | 62721 | 65405 | 68097 | 70877 | 73842 | 76744 | |
| 898 | 2854 | 5595 | 7271 | 9883 | 12784 | 15436 | 17677 | 21082 | 23530 | 25870 | 27470 | 30424 | 33031 | 36069 | 38093 | 41188 | 43625 | 45778 | 48850 | 50916 | 52972 | 55674 | 58294 | 60869 | 62732 | 65467 | 68152 | 70892 | 73911 | 77045 | |
| 981 | 3040 | 5629 | 7275 | 9960 | 12833 | 15477 | 17753 | 21122 | 23583 | 25895 | 27563 | 30470 | 33344 | 36088 | 38155 | 41207 | 43677 | 45921 | 48979 | 50980 | 53115 | 55822 | 58347 | 60898 | 62751 | 65526 | 68194 | 70981 | 74110 | 77215 | |
| 1010 | 3065 | 5630 | 7334 | 10028 | 12948 | 15507 | 17870 | 21180 | 23698 | 25962 | 27599 | 30530 | 33422 | 36164 | 38197 | 41283 | 43789 | 45955 | 48989 | 51013 | 53130 | 55939 | 58424 | 60934 | 62931 | 65541 | 68225 | 71188 | 74294 | 77242 | |
| 1120 | 3253 | 5632 | 7394 | 10145 | 13073 | 15588 | 17883 | 21212 | 23792 | 26005 | 27609 | 30682 | 33507 | 36204 | 38552 | 41483 | 43819 | 46037 | 49105 | 51015 | 53160 | 56063 | 58487 | 60935 | 63070 | 65578 | 68281 | 71190 | 74444 | 77563 | |
| 1215 | 3280 | 5694 | 7572 | 10172 | 13189 | 15635 | 18167 | 21296 | 23889 | 26030 | 27906 | 30761 | 33551 | 36257 | 38799 | 41550 | 43855 | 46347 | 49127 | 51061 | 53378 | 56164 | 58495 | 61171 | 63260 | 65601 | 68289 | 71323 | 74456 | 77611 | |
| 1364 | 3454 | 5700 | 7702 | 10179 | 13310 | 15690 | 18520 | 21401 | 24088 | 26049 | 27907 | 30801 | 33573 | 36278 | 38816 | 41575 | 43948 | 46485 | 49179 | 51179 | 53445 | 56209 | 58554 | 61175 | 63367 | 65631 | 68324 | 71395 | 74459 | 77765 | |
| 1373 | 3627 | 5922 | 7782 | 10228 | 13405 | 15716 | 18534 | 21475 | 24141 | 26185 | 27934 | 30832 | 33612 | 36343 | 38868 | 41651 | 43966 | 46509 | 49411 | 51312 | 53707 | 56233 | 58592 | 61340 | 63383 | 65747 | 68362 | 71411 | 74634 | 77820 | |
| 1409 | 3750 | 5930 | 7787 | 10229 | 13441 | 15845 | 18788 | 21478 | 24154 | 26248 | 28009 | 30858 | 34001 | 36369 | 38944 | 41742 | 44015 | 46517 | 49415 | 51389 | 53745 | 56464 | 58630 | 61348 | 63453 | 66321 | 68443 | 71784 | 74642 | 77945 | |
| 1424 | 3774 | 6012 | 7822 | 10360 | 13516 | 15979 | 18856 | 21640 | 24251 | 26252 | 28024 | 31046 | 34483 | 36421 | 38973 | 41791 | 44058 | 46526 | 49570 | 51480 | 53840 | 56469 | 58650 | 61517 | 63472 | 66404 | 68885 | 71804 | 74735 | 78130 | |
| 1457 | 3809 | 6054 | 7830 | 10375 | 13833 | 16024 | 18956 | 21660 | 24271 | 26255 | 28106 | 31063 | 34494 | 36563 | 39002 | 41929 | 44135 | 46582 | 49588 | 51518 | 54088 | 56488 | 59030 | 61519 | 63552 | 66432 | 68947 | 71854 | 74825 | 78451 | |
| 1497 | 3928 | 6090 | 7919 | 10680 | 13891 | 16143 | 18985 | 21687 | 24334 | 26334 | 28174 | 31623 | 34614 | 36576 | 39023 | 42022 | 44418 | 46590 | 49699 | 51712 | 54111 | 56638 | 59082 | 61764 | 63624 | 66505 | 69051 | 71900 | 74827 | 78583 | |
| 1665 | 4132 | 6160 | 8057 | 10760 | 13945 | 16234 | 19003 | 21723 | 24628 | 26464 | 28206 | 31660 | 34861 | 36599 | 39102 | 42059 | 44447 | 46621 | 49742 | 51772 | 54123 | 56739 | 59143 | 61798 | 63628 | 66529 | 69075 | 71930 | 74849 | 78584 | |
| 1679 | 4209 | 6241 | 8173 | 10767 | 14124 | 16297 | 19020 | 21782 | 24792 | 26522 | 28246 | 31666 | 34884 | 36683 | 39164 | 42214 | 44471 | 47012 | 49750 | 51787 | 54140 | 56945 | 59189 | 61820 | 63631 | 66538 | 69088 | 71932 | 74994 | 78782 | |
| 1693 | 4306 | 6326 | 8197 | 10785 | 14204 | 16530 | 19028 | 21821 | 24868 | 26532 | 28293 | 31726 | 34918 | 36704 | 39299 | 42266 | 44588 | 47085 | 49754 | 51850 | 54441 | 57118 | 59281 | 62003 | 63918 | 66632 | 69103 | 72022 | 75004 | 78831 | |
| 1722 | 4394 | 6394 | 8207 | 10846 | 14220 | 16555 | 19039 | 21942 | 24909 | 26567 | 28408 | 31760 | 35137 | 36750 | 39509 | 42391 | 44642 | 47105 | 49837 | 51981 | 54446 | 57283 | 59344 | 62010 | 63941 | 66639 | 69223 | 72048 | 75026 | 78856 | |
| 1932 | 4431 | 6408 | 8216 | 11046 | 14232 | 16586 | 19074 | 22003 | 25037 | 26602 | 28730 | 31773 | 35184 | 36787 | 39563 | 42449 | 44661 | 47179 | 49966 | 52025 | 54450 | 57363 | 59367 | 62023 | 64231 | 66679 | 69415 | 72061 | 75202 | 78965 | |
| 2070 | 4506 | 6457 | 8347 | 11088 | 14301 | 16641 | 19453 | 22093 | 25092 | 26681 | 28746 | 31858 | 35196 | 36816 | 39653 | 42553 | 44739 | 47296 | 50029 | 52076 | 54473 | 57441 | 59374 | 62067 | 64297 | 66719 | 69528 | 72166 | 75318 | 78995 | |
| 2165 | 4526 | 6500 | 8387 | 11239 | 14326 | 16726 | 19509 | 22284 | 25094 | 26778 | 28787 | 31881 | 35209 | 36949 | 39668 | 42624 | 44743 | 47403 | 50057 | 52331 | 54551 | 57494 | 59421 | 62083 | 64313 | 66748 | 69543 | 72416 | 75338 | 79014 | |

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. nóvember 2015. Birt án ábyrgðar um prentvillur.

H:N Markaðssamskipti / SÍA




# SÍBS blaðið er komið út!

Meðal efnis í blaðinu:



**Á ég að gæta bróður míns?**
Guðmundur Löve framkvæmdastjóri SÍBS skrifar um samfélagsleg áhrif lífsstílsbreytinga.



**Matur eða mauk – skiptir útlitið máli?**
Dr. Bryndís Eva Birgisdóttir næringarfræðingur segir okkur hvað gerist þegar maturinn er settur í blandarann.



**Breyttar áherslur í mataræði**
Dr. Axel F. Sigurðsson hjartalæknir ræðir um breytta ráðgjöf um fitu, sykur, salt og önnur næringarefni.



**Með eigið markmið að leiðarljósi.**
Viðtal við Ásdísi Hjálmsdóttur spjótkastara og lyfjafræðing um hvernig hún notar næringu og bætiefni.



**Eru fæðubótarefni nauðsynleg?**
Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur skrifar um notkun fæðubótarefna.



**Þarf ég bætiefni?**
Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor í næringarfræði skrifar um hvað þarf að hafa í huga þegar gerðar eru breytingar á mataræði.

# Þurfa tækifæri, ekki vorkunn

Elín Ebba og Sylviane segja mikilvægt að gefa fólki sem glímt hefur við geðraskanir eða dottið út af vinnumarkaði möguleika á að komast aftur á vinnumarkaðinn á sínum forsendum. Reynsla þeirra sé dýrmæt og nýtist vel í starfi.



Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is




Elín Ebba og Sylviane starfa í Hlutverkasetrinu en þangað kemur fólk sem meðal annars hefur dottið úr námi eða vinnu af einhverjum ástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við viljum koma þeim skilaboðum á framfæri að þessir einstaklingar vilja ekki einhverja vorkunn, þeir vilja fá að standa sig í lífinu en þeir þurfa tækifæri. Stundum þarf aðstoð við það og ef eitthvað gengur ekki vel þá er stuðningurinn hjá okkur," segir Elín Ebba Ásmundsdóttir, stofnandi Hlutverkasetursins, sem er virkni- og endurhæfingarmiðstöð.

Þegar blaðamann ber að garði óma hlátrasköllin á annarri hæðinni í Borgartúni 1 þar sem Hlutverkasetrið er til húsa. Um 30 manns eru í húsinu við ýmsa iðju, sumir að sauma, aðrir í tölvunni og margir sitja við stórt borð að spjalla og borða súpu. „Það er sko mikið hlegið hérna," segir Elín Ebba.

„Það koma svona 30-50 manns hingað daglega og sérstaða okkar er kannski sú að það er enginn að spyrja hvort það sé eitthvað að viðkomandi. Hér fær fólk bara að vera eins og það vill. Það geta verið alls konar ástæður fyrir því að fólk kemur hingað. Það getur verið vegna einangrunar, veikinda eða hvað sem er. Fólk kemur hingað á eigin forsendum og þú ert ekki píndur í neitt prógramm en getur búið til þitt eigið ef þú vilt og hér er margt í boði," segir Elín Ebba en boðið er upp á alls kyns námskeið og iðju.

**Vilja komast á vinnumarkaðinn**

Í Hlutverkasetrið kemur fólk sem einhverra hluta vegna hefur dottið út af vinnumarkaðnum eða skóla, til þess að halda sér virku og koma í veg fyrir félagslega einangrun. „Við höfum tekið eftir því hjá okkur að mikið af fólkinu sem hingað kemur vill komast út á vinnumarkaðinn en fær ekki tækifæri til þess. Atvinnuumsóknum er ekki svarað eða þá að það eru ekki í boði hlutastörf sem myndu hjálpa mörgum við að komast aftur af stað en líka gagnast samfélaginu til langs tíma," segir Elín Ebba.

Þess vegna ákvað hún ásamt Sylviane Lecoultre, sem starfar einnig hjá Hlutverkasetrinu, að setja af stað nýtt verkefni sem ber nafnið Útrás. Tilgangur verkefnisins er að auka þátttöku fólks með geðraskanir á vinnumarkaði, auka skilning og þekkingu á þörfum þeirra auk þess að vinna gegn fordómum og mismunun.

„Við erum með fullt af hæfileikafólki með alls konar menntun sem vill komast í vinnu," segir Sylviane sem heldur utan um verkefnið og styður fólkið.

„Oft vantar þennan stuðning upp á þegar fólk fer út á vinnumarkaðinn. Við erum boðnar og búnar með alla aðstoð en okkur vantar að fá atvinnurekendur til þess að taka þátt í þessu með okkur," segir hún.

„Við höfum líka hugsað þetta þannig að fyrirtæki gætu til dæmis prófað núna í stað þess að gefa peningi í alls konar safnanir þegar þær eiga sér stað að gefa frekar tækifæri. Það eru engar skuldbindingar, þau fá allan þann stuðning sem þau þurfa hjá okkur," segir Elín Ebba.

Þær segja atvinnurekendur oft hrædda við að ráða einstaklinga sem glímt hafa við andleg veikindi. „Það er eins og það sé einhver hræðsla, hvað ef viðkomandi sýnir einhver einkenni og svo framvegis. En við segjum bara veit það eitthvað um hitt fólkið sem það ræður inn, það er engin ástæða til að hræðast neitt," segir Elín Ebba.

„Það er svo oft þannig að ef fólk hefur dottið út af vinnumarkaði og ferilskráin sýnir þess merki, þá er eins og fólk sé stimplað á ákveðinn hátt," segir Sylviane.

**Allt sjúkdómsgert**

„Svo er annað sem fagfólk er búið að koma inn hjá fólki. Það er að fólk fær alls konar eðlilegar tilfinningar við að byrja í nýrri vinnu, það getur auðvitað verið erfitt fyrst meðan maður er að læra. Fólk heldur þá oft, bara af því að það upplifir þessar eðlilegu tilfinningar, að það sé að veikjast aftur því það er búið að sjúkdómsgera allt," segir Sylviane.

Þær Elín Ebba og Sylviane unnu báðar lengi hjá Geðsviði Landspítalans við endurhæfingu sjúklinga. „Ég ákvað að stofna Hlutverkasetrið því mér fannst vanta úrræði fyrir fólk eftir að það útskrifast af geðdeild. Við vorum alltaf að sjá dæmi um að fólk var komið á góðan stað hjá okkur en var svo að koma alltof fljótt aftur til okkar því það voru ekki nógu góð úrræði eftir að það kom út."

**Alls konar hæfileikar**

Þær segjast leita eftir alls kyns störfum fyrir sitt fólk og nú þegar hafa nokkrir fengið vinnu. „Við erum með alla flóruna af fólki sem getur gert alls konar hluti og er með dýrmæta reynslu sem nýtist vel í þeim störfum sem fólkið okkar hefur fengið," segir Elín Ebba.

„Atvinnurekendur þurfa að leyfa fólki að máta sig í störfin. Við viljum að það sé ekki alltaf verið að reyna að breyta fólki heldur þurfum við að læra að taka fólki eins og það er. Við erum að leita til atvinnurekenda um að gefa okkar fólki séns, það er alls konar en við sjáum að ef fólk fær tækifæri þá eru endalausir möguleikar en við erum alltaf svo fljót að dæma fólk úr leik. Þetta er staður þar sem þú þarft ekki að panta tíma, þú kemur bara og þú nærð alltaf sambandi við einhvern hér auk þess sem fólkið styður hvert annað mikið," segir Sylviane.

Hlutverkasetrið heldur fund þann 11. nóvember þar sem verkefnið verður kynnt fyrir atvinnurekendum og bjóða þær alla velkomna á fundinn sem hefst klukkan 15 í Borgartúni 1.

## Gott að vera kominn aftur af stað í vinnu



Orri Karlsson byrjaði að koma í Hlutverkasetrið í janúar síðastliðnum. „Ég er búinn að vera í alls konar verkefnum hérna og undirbúningi til þess að fara út á vinnumarkaðinn," segir hann. Verkefnin fólu meðal annars í sér tölvuvinnu auk þess sem Orri sá um uppvask nokkra daga í viku. Orri veiktist fyrir nokkrum árum og hefur lítið verið á vinnumarkaðnum síðan þá . „Ég tók pásu frá skólanum þegar ég veiktist. Fór svo aftur í skóla og er búinn með helming af BA-námi." segir Orri sem er ekki viss um að hann klári það nám sem hann hóf í frönsku og hagfræði. „Ég er ekkert sérstaklega spenntur fyrir því í augnablikinu."

Orri er nýkominn með vinnu hjá Kötlu sem hann fékk í gegnum Hlutverkasetrið. Áður hafði hann sótt um tugi starfa en sjaldnast fengið svör við umsóknum sínum sem hann segir afar leiðinlegt að upplifa þegar maður sé tilbúinn til þess að fara aftur út á vinnumarkaðinn. „Ég er núna að dagsetja jólakökudeig og setja glassúr í öskjur. Þetta er önnur vikan mín og það er bara mjög fínt að fá eitthvað að gera. Vakna á daginn og gera eitthvað." Orri byrjaði að vinna hálfan daginn en var fljótt boðið að vera allan daginn og þáði það. „Þetta er tímabundið starf þangað til í desember," segir hann en vonast til þess að fá kannski að starfa lengur eða aðra vinnu í framhaldinu. „Ég er allavega kominn af stað, ég er búinn að vera í einhverjum hlutastörfum og búinn að fá vinnu inn á milli. Þetta er allavega byrjað að tikka hjá mér og ég er ánægður með það."

## Reynslan nýtist í starfi



Kremeena Demireva ólst upp í Búlgaríu en flutti til Íslands fyrir 23 árum. „Eftir ákveðna erfiðleika datt ég út af vinnumarkaði árið 2011. Þetta var áfall og það tók mig langan tíma að koma í Hlutverkasetrið. Ég var heppin að hitta góða iðjuþjálfara. Þetta er staður sem ætti að benda á fyrst, flestir byrja aftur að trúa á sig hér og fá vonina," segir Kremeena sem er þekkt í Hlutverkasetrinu fyrir saumakunnáttu sína. Hún er núna komin aftur í vinnu og er í þrjátíu prósent starfi. Reynsla hennar af eigin veikindum nýtist henni í starfinu. „Ég fékk tækifæri til að prófa vinna með verkefni hjá Geðteyminu í Breiðholti. Ég er að vinna með þremur konum sem búa við mikla einangrun. Þetta er stundum krefjandi starf andlega en það er gaman að sjá árangurinn og fá kærleika og traust til baka. Mín reynsla af þunglyndi, kvíða og alls konar hjálpar mér að nálgast fólk á annan hátt."

## Gefandi vinna



Ég er kominn í starf núna sem ég er mjög ánægður með," segir Kári Auðar Svansson sem starfar nú sem liðveitandi hjá samfélagsgeðteymi Landspítalans. „Starfið felst í því að heimsækja fólk sem er félagslega einangrað, halda því félagsskap og gera eitthvað sem það hefur áhuga á að gera," segir Kári. „Ég fékk námsleiða þegar ég var búinn með eitt ár í heimspeki í háskólanum, ég var orðinn leiður á þessari endalausu skólagöngu og fór þá að vinna í staðinn. Ég var í 100 prósent starfi í tæplega ár en veiktist þá af geðklofa og hef ekki verið í fullu starfi síðan þá." Núna er hann í rúmlega 20 prósent starfi sem liðveitandi. „Þetta er rosalega gefandi vinna og mjög indælir drengir sem ég vinn með. Þeir eru með sama sjúkdóm og ég, geðklofa, og því nýtist mín reynsla vel," segir Kári.

Markhönnun ehf

netto

BANANAR!

# SKÓSVEINARNIR
## ERU MÆTTIR AFTUR!




**AÐEINS 2.498 KR**

BANANAR!

- - - - -

*Hinir elskulegu og stórfrægu skósveinar úr* Aulanum ég *eru mættir í eigin bíómynd. Hér er rakin sagan af litlu, gulu bananaóðu sérvitringunum frá upphafi tímans.*

- - - - -

*Í gegnum tíðina hafa skósveinarnir gengt mikilvægu hlutverki að þjóna metnaðarfyllstu skúrkum allra tíma, þar á meðal Genghis Khan, Drakúla, Napóleon o.fl. Dag einn eru skósveinarnir allir með tölu orðnir þreyttir á nýja stjóra sínum og ákveður einn að nafni Kevin*

- - - - -

*að kominn sé tími á tilbreytingu. Viðtekur litrík og kostuleg atburðarás og á vegi þeirra skósveina verða meðal annars nokkrir unglingar og þorpari sem ákveður í eitt skipti fyrir öll að losa heiminn við alla skósveina.*

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD**

Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



Mikael lagðist í mikla rannsóknarvinnu við skrif bókarinnar og tók meðal annars mörg hundruð klukkustundir af viðtölum við foreldra sína, fjölskyldumeðlimi og aðra sem tengdust fjölskyldunni á þessum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stærðu sig af píslardauða barna

Fyrstu fimm æviár **Mikaels Torfasonar** og saga foreldra hans eru sögusvið nýrrar bókar hans. Mikael var langveikt barn sem þurfti á blóðgjöf að halda en ungir foreldrar hans voru í söfnuði Votta Jehóva og blóðgjöf stangaðist á við trúarsetningar trúfélagsins. Hann segir þau hafa verið tilbúin að ræna honum af spítalanum til þess að leyfa honum að deyja frekar en að fá blóð sem myndi menga líkama hans og hamla inngöngu hans í Paradís.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Ég var rosalega reiður ungur maður. Í rauninni getur það verið jákvætt í sjálfu sér. Því reiði fyrir mig þegar ég var yngri var ákveðið bensín til framkvæmda,“ segir Mikael Torfason rithöfundur.

Nýútkomin bók hans, Týnd í Paradís, fjallar um fyrstu árin í lífi hans en Mikael var langveikt barn sem þurfti að mati lækna á blóðgjöf að halda. Mikael fullyrðir að þetta sé sönn saga, ekki skálduð ævisaga. Mikael gefur reyndar lítið fyrir það hugtak sem hann segir ómerkilegt bull. „Minningar eru auðvitað sannleikur.“

Ungir foreldrar hans, sem voru í Vottum Jehóva, voru tilbúin að ganga svo langt að leyfa Mikael að deyja með því að neita honum um blóðgjöf. Bókin er uppgjör Mikaels við foreldra sína. Hulda Fríða Berndsen og Torfi Geirmundsson skildu þegar hann var um fimm ára aldur. Mikael ólst upp ásamt bróður sínum hjá föður þeirra en systir hans hjá móðurinni.

**Sér ekki eftir að hafa verið reiður**

Einhver gæti haldið að það sé ekki langt í þennan reiða Mikael því hann talar hratt og baðar út höndum þegar hann skilgreinir reiðina sem hann glímdi við langt fram eftir aldri.

„Svo brennir maður kertið í báða enda með reiði og það brennir mann upp. Það er til ein tegund reiði sem er versta reiði sem maður verður fyrir, það er réttlát reiði. Þá er í rauninni enginn tilgangur með henni því þú getur aldrei fengið neina útrás fyrir hana. Það er eiginlega betra að vera reiður og hafa rangt fyrir sér og geta síðan sagt „ó, fyrirgefðu ég hafði rangt fyrir mér“. Ég sé samt ekkert eftir því að hafa verið reiður. Ég fékk mikla útrás fyrir mína reiði í að skrifa bækur og að vera umdeildur blaðamaður,“ segir hann og heldur áfram:

„Það kemur svo að því að maður er orðinn fullorðinn og hættur að vera þessi reiði ungi maður. Ég held að þessi bók hafi líka verið partur af því ferli. Ég er til dæmis hættur að vera reiður út í móður mína en það hvíldi mjög á mér. Sú reiði var kannski að einhverju leyti ósanngjörn af minni hálfu en líka alveg fullkomlega réttlætanleg.“

**Sársaukafullt uppgjör á köflum**

Eins hallærisleg klisja og það nú er, segir Mikael, þá reyndust skrifin hreinsun. Við bókarskrifin reyndi hann að skilja hvernig og af hvaða hvötum foreldrar hans tóku þær ákvarðanir sem þau tóku, sama hversu vitlausar þær voru. Hann reyndi að setja sig í þeirra spor og rýna í tíðarandann. „Þótt það hefði hentað mér betur að þau hefðu tekið aðra afstöðu í lífinu þá get ég séð hvaðan hver ákvörðun kom þó hún hafi verið vitlaus eftir á að hyggja. Það var oft mjög sársaukafullt að fara í gegnum þetta og tók á en ég náði líka að setja mig í þeirra spor. Foreldrar mínir eru alþýðufólk sem hafði verið kúgað af stofnunum samfélagsins. En, ég er ánægður með að vera sonur Torfa og Huldu Fríðu. Þau eru hispurslaus og settu sig aldrei gegn því að ég ritaði þessa bók. Fyrir það er ég þakklátur.“

Og Mikael virðist hafa erft hispursleysið, hann talar ekkert rósamál.

**Varð hetja innan safnaðarins**

Hann segir að í Vottunum hafi foreldrar hans fundið ákveðinn tilgang og farið að fylgja reglum þeirra í einu og öllu. Faðir hans byrjaði í söfnuðinum á undan móður hans sem lét svo tilleiðast og gekk í söfnuðinn líka þegar hún sá hvað maður hennar hafði breyst mikið til hins betra.

Í söfnuðinum er gert mikið úr þeim sem neita blóðgjöf og deyja fyrir guð sinn. Faðir hans varð til að mynda mikil hetja fyrir að hafa staðið fast á því að Mikael fengi ekki blóðgjöf. „Þetta er söfnuður sem auglýsir píslavotta sína, þá sem hafa dáið píslardauða. Monta sig af því á plakötum og annað. Árið 1994, þegar ég var tvítugur, var á forsíðunni á Vaknið! sem er svona lífsstílstímarit Vottanna, mynd af ungu fólki sem samkvæmt fyrirsögninni hafði ➡

# VINSÆLASTA SMÁKAKAN?

Hvern hefði grunað að Nóa lakkrís og Síríus súkkulaði, blandað saman, yrði grunnurinn að einni af vinsælustu smákökuuppskriftum á Íslandi? Vinsældir lakkrístoppanna aukast ár frá ári og eru þeir orðnir að órjúfanlegri hefð í kringum hátíðarnar á fjölmörgum heimilum. Viðhaltu hefðunum – eða skapaðu nýjar – með bökunarvörunum frá Nóa Síríusi.






## Nóa lakkrístoppar

3 stk. eggjahvítur
200 g púðursykur
150 g Síríus rjómasúkkulaði
150 g Nóa lakkrískurl

Stífþeytið eggjahvítur og púðursykur. Saxið súkkulaðið smátt. Blandið lakkrískurli og súkkulaði varlega saman við stífþeyttu eggjahvíturnar. Látið á plötu með teskeið.

Bakið í miðjum ofni við 150°C í 15–20 mín.
Ath! Hiti og tími getur verið breytilegur eftir ofnum.

Quality Cocoa for a Better Life

Síríus súkkulaði er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóræktarsamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.

NÓI SÍRÍUS

➡ valið að deyja fyrir sjálfan drottin. Þetta voru bara einhverjir unglingar. Það hlýtur að vera æðsta takmark í svona öfgasinnuðum kristnum samfélögum að deyja fyrir drottin, það þykir það allra fínasta,“ segir hann og hristir höfuðið. „Ég hefði líklega endað þarna á forsíðunni ef ekki hefði verið fyrir Guðmund Bjarnason barnaskurðlækni,“ segir hann og vísar þar í lækninn sinn, þann sem hann telur að hafi bjargað lífi sínu. Mikael tileinkar einmitt Guðmundi bókina með orðunum: Takk fyrir allt.

**Trúðu því að heimurinn færist**

„Ég fæddist árið 1974 og þá var slagorð Vottanna „Stay alive until seventy five“, segir hann og vísar þar í Harmagedón Vottanna. Heimurinn ferst og þeir sem hlýða Jehóva eru þeir sem munu lifa að eilífu í Paradís. Þegar Mikael kom í heiminn töldu þeir heiminn farast 4. eða 6. október 1975 með skekkjumörkum um tvö ár. „Og ef þau hefðu mengað líkama minn með sæmilegri læknisþjónustu þá hefði ég orðið mengaður og ekki komist inn í Paradís með þeim þar sem við hefðum lifað að eilífu saman að borða epli og appelsínur með tígrisdýrum og ljónum. Þau voru að reyna að halda mér frá því að það yrðu gerð einhver stórvægileg mistök sem myndu varða eilífðina. Þetta var þeim algjörlega raunverulegt. Þetta var að fara gerast og þau þurftu bara að þrauka þangað til,“ segir hann.

Faðir hans, Torfi Geirmundsson, kemur út sem hinn mesti þverhaus í bókinni. „Já, já, hann var og er fastur á sínu og hefur unun af því að rökræða og þrasa,“ segir Mikael. Pabbi hans reifst harkalega við barnalækninn sem reyndi að bjarga lífi Mikaels. Sá þurfti að standa í stanslausu stappi við að reyna að fá að sinna fárveiku barninu sem var oft milli heims og helju. „Þau ollu mér líka heilsufarstjóni í framhaldinu með því að ég fékk ekki alltaf strax þá þjónustu sem ég þurfti. Vegna deilna þurfti oft að fresta aðgerðum og ýmislegt sem olli mér miklu tjóni þegar fram liðu stundir.“

**Töluðu um að ræna honum**

Hann segir það einnig hafa komið til tals hjá foreldrunum að ræna honum af spítalanum og fara með hann úr landi þar sem heilbrigðisyfirvöld myndu ekki reyna að menga líkama hans með blóðgjöf. „Þau voru alveg tilbúin til að taka þátt í því sem er gert hjá Vottum Jehóva á ýmsum stöðum í heiminum,


Foreldrar Mikaels voru sannfærð um að heimurinn myndi farast og vildu ekki að líkami hans yrði mengaður með blóðgjöf.

> ÉG SÉ EKKI SVO MIKINN MUN Á VOTTUM JEHÓVA, VÍSINDAKIRKJUNNI OG ÞJÓÐKIRKJUNNI. ÞETTA ER ALLT SAMA TÓBAKIÐ EF AÐ ER GÁÐ.

að ræna mér af spítalanum ef læknirinn færi ekki eftir þeirra vilja. Fara með mig til útlanda og leyfa mér að deyja þar,“ segir hann.

Við skrif bókarinnar lagðist Mikael í mikla rannsóknarvinnu sem fól í sér fjöldann allan af viðtölum við foreldra hans, ættingja og aðra sem tengdust fjölskyldunni á þessum tíma. „Svo eyddi ég einhverjum vikum á Þjóðarbókhlöðunni við að lesa allt efnið sem Vottar Jehóva höfðu gefið út á því tímabili sem bókin gerist á. Gömul blöð og tímarit á Íslandi líka. Ég lá yfir þessu og ýmsum skjölum, öllum mínum sjúkraskýrslum sem er bunki sem ég fékk á geisladiskum hjá Landspítalanum og prentaði út. Þetta tók marga mánuði og þegar ég var búinn að þessu öllu þá settist ég niður og fór að reyna að búta þetta niður og skipuleggja. Vélrita upp öll þessi viðtöl. Meðan ég var að vélrita þau þá gerðist einhver galdur og ég fór að sjá söguna fyrir mér.“

**Blygðunarlaus vitleysa**

Hann segir það hafa verið talsverða opinberun að fara í gegnum rit Vottanna og sjá hvurslags augljósa og blygðunarlausa vitleysu þar er verið að bera á borð. „Ég var búinn að gleyma því hvað biblían er ótrúlega vitlaust og mótsagnakennt rit. Og það er eins og Vottarnir hafi beinlínis leitað uppi mestu vitleysuna markvisst og gert að sinni. Og bara svona eftir því hvað hentaði hverju sinni. Ef þú vilt glaðan og góðan og kærleiksríkan Jesú í dag þá er hann þarna, en ef þér líður þannig á morgun þá er ekkert vandamál að finna hinn hefnigjarna og refsiglaða Jesú. Þú getur alveg búið til drekkingarhyl á Þingvöllum og haft orð hans fyrir því. Því Jesús var líka ofstopamaður og fanatíkus. Það var einhver fataframleiðandi sem stofnaði Vottana á 19. öld og hann var alveg kexruglaður. Fyrstu árin eftir að hann dó þá stjórnaði hann söfnuðinum að handan samkvæmt leiðtogunum sem komu á eftir honum. Mikið af þessum reglum sem Vottar Jehóva fara eftir er bara bull upp úr klikkuðum körlum í Brooklyn,“ segir hann en þar eru rit safnaðarins rituð af svokölluðum Leifum sem setja þær reglur og viðmið sem safnaðarmeðlimir fylgja.

„Ég segi frá því í bókinni að þetta er á köflum eins og leikrit eftir Darío Fó, farsakaflar um fáráðlinga. Ef þú hefur opin augun getur reynst ótrúlega skemmtilegt að skoða þetta. Því þú heldur kannski að ýmsar stofnanir séu reistar á einhverjum viti bornum verum og pælingu en þetta er algjör steypa.“

**Ógeðfelldur heilaþvottur**

Hann segir margt ófagurt innan safnaðarins og erfitt sé fyrir fólk að koma út í lífið á ný ef það yfirgefur hann. Heilaþvotturinn sé svo mikill.

„Þetta er í rauninni miklu ógeðfelldara en maður vill leyfa sér að horfast í augu við. Fólkinu sem kemur úr þessum söfnuði líður miklu verr en við gerum okkur grein fyrir. Þú ert að einhverju leyti gerður meðsekur í því sem gerist innan safnaðarins þar sem þú hefur verið virkur þátttakandi; tekið þátt í starfi, líka í því að fordæma fólk og útskúfa því. Ert kannski búinn að gera fullt af hlutum sem eru ekki fallegir. Niðurstaðan er ekki falleg. Auðvitað er fullt af Vottum sem lesa sögur fyrir börnin sín fyrir svefninn og búa þeim falleg og góð heimili en niðurstaðan er ógeðfelld. Og byggir á mikilli meðvirkni, en hún reyndar gegnsýrir samfélagið og þarf enga Votta til.“

Mikael segir að það ríki illskiljanlegt umburðarlyndi í samfélaginu gagnvart trúfélögunum, hvort sem það eru sértrúarsöfnuðir eða þjóðkirkjan. Hann vísar þar í hvernig kirkjan hefur komið fram við samkynhneigða og nýlega umræðu um samviskufrelsi presta.

**Ótrúlegt umburðarlyndi**

„Við umberum atriði sem við myndum aldrei líða í íþróttafélaginu Val. Ef Valur kæmi svona fram við börnin eða hvetti foreldra innan stuðningsfélags Vals til þess þá myndum við setja Val stólinn fyrir dyrnar. En af því að þetta er fólk sem telur sig byggja skoðanir sínar á einhverjum biblíupælingum þá umberum við nánast hvað sem er. Við erum búin að lenda ótrúlega illa í þessum söfnuðum, við erum líka búin að lenda illa í kaþólsku kirkjunni. Við erum þjóð sem hefur lent illa í prestum og predatorum sem þar vilja leynast. Og eðlilega svo, þetta er kjörlendi fyrir slíka. Við eigum að ryðjast þarna inn og breyta þessu. Ekki er lengra síðan en í tíð Karls Sigurbjörnssonar að hann sagði að það að leyfa samkynhneigðum að giftast væri eins og að kasta hjónabandinu á haugana. Hann er í vanda, kirkjan byggir á þessari bók og þar liggur vandinn. Á hann að vera trúr bókinni eða kalli tímans? Núna er fólk að færa sig nær umburðarlyndi vegna háværrar gagnrýni. Vegna þess að samfélagið sjálft tók fram úr þessum söfnuðum. Og nú óttast hann um sinn hag. Sína hagsmuni. Gleymum því ekki að þegar Vottar Jehóva eru að hata homma og lesbíur þegar ég fæðist, þá er nær hver einasti prestur í þjóðkirkjunni alveg sammála þeim í megindráttum. Líka í því hvernig eigi að koma fram við konur.“

**Vill ekki banna neitt**

Aðspurður hvort hann vilji láta banna sértrúarsöfnuði eins og Votta Jehóva segist Mikael ekki vilja banna neitt. „En, það má alveg spyrja sig hvers vegna í ósköpunum það er verið að styrkja fyrirbæri sem þessi. Og, ég sé ekki svo mikinn mun á Vottum Jehóva, Vísindakirkjunni og Þjóðkirkjunni. Þetta er allt sama tóbakið ef að er gáð. Gleymum því ekki að þó að Þjóðkirkjan sé núna eins og úlfur í sauðargæru, þá er þetta úlfur. Þetta er fyrirbæri sem hefur stórskaðað okkur í aldanna rás og valdið ómældum hörmungum. Þó þeir sýnist vilja bæta sig núna þá byggir þetta á trúarbrögðum sem eru ekki falleg. Og það er vandamálið. Já, það mætti stoppa ríkið af í því að fjármagna þetta. Og, jú. Ég held það eigi að taka börn af Vottum Jehóva ef þeir vilja drepa þau.“

Mikael segir ætlunina með bókinni ekki hafa verið þá að vekja umræðu um þessa söfnuði en geri bókin það, þá sé það af hinu góða.

Hann segir ferlið við skrifin hafa gefið sér mikið. Hann hafi kynnst foreldrum sínum á annan hátt og þeirra sögu. „Það sem mér þótti áhugaverðast við að skrifa þessa bók og það sem ég er þakklátur fyrir þegar kemur að foreldrum mínum er hversu óhrædd þau eru og ég er það líka vegna þeirra. En, það er í þessu eins og öðru; styrkur hvers og eins er oft veikleiki í senn. Líkast til hefur það einmitt verið sá eiginleiki, að vera opin og óhrædd, sem gerði að þau stukku á bólakaf út í þennan drullupoll sem Vottar Jehóva eru.“



Mikael var langveikt barn og þurfti af þeim sökum að dvelja mikið á spítala.


Torfi og Hulda Fríða með synina Ingva Reyni og Mikael.



Vottar Jehóva gera mikið úr þeim sem láta lífið vegna þess að þeir neita blóðgjöf líkt og þessi forsíða Vaknið, lífsstílstímarits Vottanna, frá árinu 1994 sýnir en hana prýða myndir af unglingum sem dóu fyrir aldur fram.



# SANNKALLAÐIR GULLMOLAR




Sérlega vel skrifuð og áhugaverð frásögn, sem býr yfir sálfræðilegri dýpt og veitir nýja innsýn í þann flókna persónuleika sem duldist að baki goðsögninni. Bókin er sannkallaður happafengur fyrir alla skákunnendur, en hefur jafnframt mun víðari sammannlega skírskotun.

*Gyrðir Elíasson*

Mér fannst þetta góð bók og las hana í einum rykk. Það er eiginlega mesta hrós sem ég get gefið nokkru riti.

*Benedikt Jóhannesson, Heimur 31. okt.*

Sannkallaður yndislestur . . . Höfundur er í raun laus við þá áþján að líta á Fischer sem eitthvert átrúnaðargoð.

*Stefán Bergsson, DV 6. nóv.*

Ég er búinn að lesa bókina, og hún er stórmerkileg. Hún sýnir Fischer í alveg nýju ljósi: Mannlegan, nærgætinn og vinalegan. Órafjarri ímyndinni um sturlaða snillinginn eða heiftúðuga ofstækismanninn. Öðrum þræði er þetta líka saga um vináttu tveggja manna sem örlögin leiddu saman, eftir öllum kúnstarinnar reglum. -- Garðar er mjög flinkur höfundur og lesendur þurfa ekki að kunna mannganginn til að hrífast með.

*Hrafn Jökulsson, Facebook 29. okt.*

Í bókinni kynnumst við Bobby Fischer sem einlægum og örlátum vini, skapmiklum og skemmtilegum, íhugulum og hlédrægum. Við kynnumst bókaorminum, náttúruunnandanum, uppreisnarmanninum og mömmustráknum.

*Frederic Friedel, aðalritstjóri og stofnandi Chessbase. Chessbase 3. nóv.*




Í þessari bók fjallar Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur um landnám Íslands, forsendur þess og aðdraganda.

Í brennidepli er landnámsbýlið Hólmur í Nesjum sem rannsakað var árin 1997–2011, en þar voru rannsakaðar minjar um bæ og blót.

Sögusviðið nær langt út fyrir landsteinana, allt frá Nýfundnalandi í vestri að Bulgar í Austri, frá Afríku í suðri til Svalbarða í norðri.

Í bókinni birtast á fjórða hundrað ljósmyndir, teikningar, uppdrættir og kort sem tengjast rannsóknunum.



**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 - 101 Reykjavík
s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# Cassini tekur dýfu

Einn lífvænlegasti staðurinn í sólkerfinu er lítið, ísilagt tungl á sporbraut um Satúrnus. Geimfarið Cassini þaut í gegnum miklar gos-súlur tunglsins í leit að vísbendingum um jarðhitavirkni og framandi líf.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Stórkostlegum áfanga var náð í júlí þegar New Horizons beindi linsum sínum og mælitækjum að Plútó og myndaði dvergplánetuna og ógnarstórt tungl hennar, Karon, í fyrsta sinn í allri sinni dýrð. Framhjáflug geimfarsins markaði á sama tíma önnur tímamót sem fæstir virtust taka eftir. Þegar New Horizons kvaddi Plútó og hélt dýpra í Kuiperbeltið lauk fyrstu könnun okkar á himintunglum sólkerfisins. Þetta er mögnuð staðreynd, sérstaklega í ljósi þess að það tók manninn aðeins 48 ár að ná þessum áfanga.

Þar með er ekki sagt að NASA og aðrar geimvísindastofnanir geti pakkað saman og snúið sér að öðru. Það sem tekur við núna er tímabil ítarlegri rannsókna, þar sem líffræðilegar athuganir eru í forgrunni.

## Leyndarmál Enkeladusar

Það eru nokkrir staðir í sólkerfinu sem þykja sérstaklega vænlegir þegar líf er annars vegar. Þar á meðal eru tunglin Títan, sem er á sporbraut um Satúrnus, og Evrópa sem hringar Júpíter, ásamt rauðu plánetunni Mars.

Allra augu beinast þó að 502 kílómetra breiðu tungli á sporbraut um Satúrnus (þvermál Íslands er í kringum 500 km). Við fyrstu sýn virðist Enkeladus vera einkar óspennandi fyrirbæri. Dauðhreinsuð ísveröld, sem þó veitir tignarlegt útsýni yfir hringi Satúrnusar. Þessar hugmyndir manna um Enkeladus breyttust árið 2005 þegar könnunarfarið Cassini náði einstökum myndum af gríðarmiklum gossúlum á suðurpól tunglsins. Cassini, sem hefur reynst eitt afkastamesta tól vísindasögunnar, náði sýnum úr gosstrókunum og við vitum nú að þeir innihalda vatnsís og lífræn efnasambönd. Skyndilega varð Enkeladus sá staður í sólkerfinu þar sem vænlegastar líkur eru á að líf þrífist.

Núna telja vísindamenn að hnattrænt haf sé að finna undir íshellu tunglsins. „Það verða flóðkraftar milli tunglanna og Satúrnusar. Kraftur sem togar og teygir og myndar núning í iðrum Enkeladusar sem jafnframt knýr jarðhitavirkni tunglsins og heldur hafinu mikla fljótandi,“ segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnaness. „Núna eru menn að leita að merkjum um jarðhitavirkni á botni hafsins. Sé hún til staðar getur það þýtt að aðstæður á Enkeladusi séu lífvænlegar.“ Rannsóknir Cassini sýna að hið hnattræna haf sem umlykur Enkeladus er áþekkt því sem gengur og gerist á Jörðinni. Rannsókn bandaríska jarðefnafræðingsins Christopher Glein hjá Carnegie-háskóla leiddi í ljós að hafið á Enkeladusi er basískt. Sýrustig þess er 11 til 12. Meðalsýrustig hafa á Jörðinni er 8,1, en það eru basísk stöðuvötn hér þar sem fjölbreytt örverulíf er að finna.

## Cassini sækir Enkeladus heim

Í síðustu viku þaut Cassini í gegnum gossúlurnar á 13 þúsund kílómetra hraða og í 48 kílómetra hæð yfir yfirborði Enkeladusar. Geimfarið náði nýjum myndum af tunglinu og gossúlunum og vísindamenn NASA fara nú í gegnum sýni sem farið tók. Cassini var ekki hannað með leit að framandi lífi í huga, markmið geimfarsins var að kanna Satúrnus, hrikalega hringi hans og tunglin sem eru á sporbraut um reikistjörnuna. „Cassini getur ekki skorið úr um hvort líf er að finna á Enkeladusi eða ekki, en geimfarið getur fundið út hvort þetta er lífvænlegur staður og það er tilgangur framhjáflugsins,“ segir Sævar Helgi.

> ENKELADUS ER BARA ENN EITT PÚSLIÐ Í ÞESSU MIKLA PÚSLUSPILI SEM VIÐ ERUM AÐ SETJA SAMAN.
>
> Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnaness

Þannig vona vísindamenn að Cassini hafi fundið sameindavetni ($H_2$) í gosstrókunum sem staðfestir jarðefnafræðilega ferla sem mynda serpentín, sem er afar basískt djúpberg, á hafsbotninum og varpa ljósi á ástæður þess að haf Enkeladusar er jafn basískt og raun ber vitni.

„Það gætu verið hverir eða hverastrýtur á botni hafsins,“ segir Sævar Helgi. „Þá ertu kominn með orku sem lífverur þurfa. Við þekkjum það á Jörðinni að þar sem orka er og vatn, þar þrífst líf.“

## Hvergi lífvænlegri aðstæður

Það er því ekki óhugsandi að lífverur þrífist á Enkeladusi sem ekki eru ósvipaðar þeim sem halda til djúpt í jarðneskum höfum í grennd við gosstrýtur. En, eins og Sævar Helgi bendir á, þá verður það ekki Cassini sem færir okkur þau tíðindi. Sé það markmiðið að staðfesta það að framandi líf sé að finna undir íshellunni á Enkeladusi, þá þurfum við að fara þangað.

„Það þyrfti að senda annað geimfar á staðinn til að staðfesta að líf sé þarna að finna. Það er því miður framtíðarstef en ef það kemur eitthvað áhugavert út úr þessu framhjáflugi þá er ég viss um að þeir setja aðra ferð til tunglsins hátt á forgangslistann.“

Þetta er hin nöturlega staðreynd sem blasir við þeim sem „elta vatnið“, eins og vísindamenn NASA orða það. Leitin að lífi handan Jarðarinnar felur í sér stórfellda fjárfestingu í nýrri tækni og ferðalög þvers og kruss um sólkerfið. Það gæti farið svo að ekkert gerist á næstu 50 árum. Hvað gerum við þegar heil öld af geimkönnun hefur ekki fært okkur svör?

„Enkeladus er bara enn eitt púslið í þessu mikla púsluspili sem við erum að setja saman,“ segir Sævar Helgi.



CASSINI Geimfarið safnaði sýnum úr gosstrókunum miklu á suðurhveli tunglsins. Svona sér listamaður NASA heimsóknina fyrir sér.



Eftir að Cassini þaut fram hjá Enkeladus náði geimfarið þessari mynd af tunglinu og hringum Satúrnusar. MYNDIR/NASA



Cassini náði þessari mynd af yfirborði Enkeladusar þegar það flaug yfir suðurhvel tunglsins.




## Leynist merkilegur vinningur í pakkanum?

*Aldís er mætt í heimilispakkningum. Stútfull af ljúffengum, lífrænum ávöxtum. Ef spýta með mynstri leynist í pakkanum færð þú glaðning. Ef hún er merkt færð þú ísveislu – en Óskaskrín fullt af snyrtingu og dekri ef hún er með ☆.*

Kjörís

# Hvað hefði Jesú gert?

## Flækjusaga

**Illugi Jökulsson** kannar hvort rétt sé að Jesú hafi alltaf tekið pól umburðarlyndis og góðvilja í hæðina.



Um daginn voru menn farnir að rífast um Jesú frá Nasaret eina ferðina enn. Raunar snerist rifrildið ekki um Jesú sjálfan, heldur um miðil sem telur sig ná sambandi við dáið fólk og allt undir merkjum kærleikans, og þá var nánast óhjákvæmilegt að Jesú skyti upp kollinum í umræðunum. Það fór líka svo því einn aðili að deilunum sakaði á endanum annan um að sýna ekki nægilegt kærleiksþel og þó einkum mildi í rifrildinu, og spurði: „Hvað hefði Jesú gert?“ Meiningin með þessari spurningu – þegar henni er varpað fram í rökræðum – er alltaf sú að vekja þá hugmynd að Jesú, kærleikshöfðinginn mikli, myndi aldrei hafa sýnt þá hörku og óbilgirni sem spyrjandinn telur sig nú hafa orðið varan við hjá mótstöðumanni sínum í þrætunni. Og spurningin, yfirleitt borin fram í armæðutón, er líka í fullu samræmi við þann „milda Jesú“ sem við erum vönust að sjá á myndum eða heyra um hjá prestunum, mildin er hans helsta einkenni, hann er þolinmæðin og góðsemin uppmáluð, hægur og hlýlegur, já, alltaf svo hlýlegur, augun stór og blíðleg, skeggið alltaf svo vel greitt.

En á þessi mynd af Jesú endilega við rök að styðjast? Er víst að hann hafi endilega og ævinlega verið svo mjúkur og þýður og góðgjarn í framgöngu sem hin klassíska mynd af honum sýnir? Þessari spurningu er auðvitað illmögulegt að svara í alvöru. Þótt heimildir um upphafsmann kristindómsins séu ýmsar er ógjörningur að segja til um að hve miklu leyti þær snúast um manninn Jesú frá Nasaret, sem vissulega var á dögum, eða að hve miklu leyti þær segja frekar seinnitímasögu um Krist þann sem fylgismenn trúðu þá að hefði sjálfur verið guð. En til að freista þess að gefa þó ekki væri nema þokudrungað svar, er skynsamlegast að leita til elstu heimildarinnar sem við þekkjum en það er Markúsarguðspjall sem skrifað var um eða laust fyrir árið 70, það er að segja 35-40 árum eftir dauða Jesú. Bréf Páls postula eru að vísu eldri en Páll hafði lítinn sem engan áhuga á persónu Jesú eða framferði hans í lífinu, Páll hafði aðeins áhuga á dauða hans eða öllu heldur upprisu.

### En hvaða sögu segir Markús?

Jú, sá Jesú frá Nasaret sem hann lýsir er karl í krapinu, mótsagnakenndur maður sem læknar fólk og boðar guðsríki milli þess sem hann rífst við farísea af heilmikilli þrætubókarlist, skammar lærisveinana (stundum að ósekju sýnist manni), kallar Pétur postula Satan fyrir að vilja spyrja hann út í eitthvað og hótar vantrúuðum handarmissi og helvítisvist í hinum „óslökkvandi eldi ... þar sem ormarnir deyja ekki“. Og hann bannar hjónaskilnaði. Það er ætíð sláttur á honum, hann hefur húmor og virðist hafa mikla persónutöfra en sá skaplitli mildisveinn sem alltaf tekur pól umburðarlyndis og góðvilja í hæðina, hann er ekki að finna hjá Markúsi.



Var Jesú eins umburðarlyndur og hin klassíska mynd af honum sýnir?

### Er eðlilegt að berja þræla?

Sumt hljómar ekki vel. Eins og oft hefur verið bent á – þá fordæmir Jesú aldrei þrælahald sem þá var við lýði í öllum hinum heimi fornaldar og var auðvitað viðurstyggð hin mesta. Jafnvel þegar þrælar koma fyrir í dæmisögum hans (yfirleitt kallaðir „þjónar“ í íslenskum Biblíuþýðingum) notar hann aldrei tækifærið til að benda áheyrendum sínum á hver svívirða það sé að hneppa aðra manneskju í þrældóm. Þrælahaldið var náttúrlega svo rótgróið í samfélaginu að fyrirgefa mátti mönnum fyrir að ganga ekki á hólm við það, en að Jesú skyldi ekki ráðast gegn því sýnir betur en flest annað að hann var að ýmsu leyti bara barn síns tíma. Í Lúkasarguðspjalli talar hann meira að segja um það í einni dæmisögu sem eðlilegan hlut að lúskrað sé á þræli sem ekki geri vilja eiganda síns. En þótt þeir sem telji Jesú guðlegan eigi núorðið erfitt með að skýra samþykki hans á þrælahaldi, þá sýnir það okkur hinum bara að hann var mannlegur, ó svo mannlegur, og í því fólst til dæmis að vera blindur á þá illsku sem í þrælahaldinu fólst.

Fleira mætti tína til sem gengur í berhögg við hina alltumlykjandi mildi. Jesú sýndi móður sinni og bræðrum fyrirlitningu þegar þau komu að vitja hans og það er kannski vert að taka fram að þótt seinni guðspjallamenn gefi til kynna að síðar hafi Jesú sæst við fjölskyldu sína, eða hún við hann, þá kemur ekkert slíkt fram hjá Markúsi. Sættirnar gætu því verið seinni tíma viðbót höfunda sem kunnu illa við að sýna Jesú í stríði við fjölskyldu sína.

Mestöll lýsing Markúsar sýnir einfaldlega mótsagnakenndan og býsna stórskorinn mann. Hann getur verið hranalegur og höstugur í fasi en á vissulega líka til mildi og nærgætni í viðmóti við sumt fólk, og dugar þá að nefna konuna sem hafði haft blæðingar í tólf ár samfleytt og svo litlu dóttur Jaírusar.

> ÞAR DRUKKNUÐU TVÖ ÞÚSUND SVÍN OG EF JESÚ TELDIST EKKI SJÁLFUR VERA GUÐ, ÞÁ MÆTTI JAFNVEL HALDA ÞVÍ FRAM AÐ ÞESSI HUNDRAÐASTA OG ELLEFTA MEÐFERÐ Á BLESSUÐUM DÝRUM BÆRI VOTT UM GRIMMT OG GUÐLAUST HJARTA.

### Hvað höfðu svínin gert honum?

Einna óviðkunnanlegast við þann Jesú sem Markús greinir frá er svo hins vegar hvernig hann bregst við náttúrunni og nágrönnum okkar mannanna. Í 5ta kapítula segir frá því að Jesú rak hóp af illum öndum úr veikum manni. Brottreknir smádjöflarnir biðja um leyfi til að fara í svínahjörð sem þar var á beit nærri og Jesú leyfði þeim það. Veslings svínin sem ekkert höfðu til saka unnið urðu nú fyrir innrás hinna illu anda og svínahjörðin steypti sér því næst öll út í nálægt stöðuvatn. Þar drukknuðu tvö þúsund svín og ef Jesú teldist ekki sjálfur vera guð, þá mætti jafnvel halda því fram að þessi hundraðasta og ellefta meðferð á blessuðum dýrum bæri vott um grimmt og guðlaust hjarta. Hún er að minnsta kosti í litlu samræmi við hinn eilíflega milda og góða Jesú á Biblíumyndum sunnudagaskólanna. Jafnvel enn skrýtnari er þó frásögn Markúsar af því þegar Jesú ætlar að næla sér í fíkju af tré en finnur enga, einfaldlega vegna þess að þá var ekki réttur árstími. Samt bregst Jesú ofsareiður við og formælir fíkjutrénu svo það visnar í einni svipan. Og þegar lærisveinarnir undrast þetta bregst Jesú hróðugur við og telur til marks um að treysti menn á guð geri guð allan þeirra vilja.

Eftir því sem tíminn leið og hin nýja trú þróaðist, þá sjást þess merki í guðspjöllunum þremur sem skrifuð voru á eftir Markúsi að lýsingarnar á Jesú verða æ guðlegri. Hann er látinn taka æ stærra upp í sig um hlutverk sitt, samanber hinar frægu ræður Jóhannesarguðspjalls sem var sett saman um 100-110 e.Kr. Þar fullyrðir Jesú að hann sé vegurinn, sannleikurinn, lífið, lifandi brauð, ljós heimsins, hinn sanni vínviður og svo framvegis. Og hann fullyrðir beinlínis að allir sem á undan honum hafi komið séu „þjófar og ræningjar“. Og geta fullyrðingar af því tagi líklega hvorki talist auðmjúklegar né umburðarlyndar, og þaðan af síður vottar í þeim fyrir virðingu í garð annarra sem reynt höfðu að boða guðsríki á undan Jesú. En það sem enn má lesa úr seinni guðspjöllunum um persónu Jesú er þó í stærstu dráttum ámóta og hjá Markúsi – Jesú er afar mótsagnakenndur, stundum ósanngjarnt hörkutól, stundum mjúklyndur, viðkvæmur og elskulegur. Matteus og Lúkas segja báðir söguna um fíkjutréð sem Jesú bölvaði, það sýnir í fyrsta lagi að sú saga hefur verið flestum kunn í hópi hinna frumkristnu, og í öðru lagi að hún hefur ekki verið talin í neinu ósamræmi við það sem fólk vissi eða taldi sig vita um Jesú.

### Mathákur og vínsvelgur

Og Lúkas missir upp úr sér skemmtilegt smáatriði. Í sjöunda kapítula heldur Jesú innblásna montræðu þar sem hann er í raun að hreykja sér yfir Jóhannes skírara, og þá kemur fram að menn hafi gagnrýnt hann sjálfan fyrir að vera „mathákur og vínsvelgur“. Og þá kviknar hugmyndin: Var Jesú kannski akfeitur og sífullur? Auðvitað er engan veginn þar með sagt. En þessi athugasemd sannar þó að myndin af Jesú sem hinir frumkristnu höfðu í hausnum var ekki endilega af spökum og hófsömum hæglætismanni, enda kemur víðar fram að hann var mjög veisluglaður og félagslyndur, og lét sig að minnsta kosti einu sinni hafa það að nota guðlega gáfu sína til að „redda búsi“ eins og það hefði heitið í mínu ungdæmi.

Það er kannski best að taka fram til að fyrirbyggja misskilning að hér hefur ekki verið skrifað Jesú frá Nasaret til hnjóðs. Enginn maður er alltaf sanngjarn og óaðfinnanlegur, og að mínum dómi er það frekar álitsauki en hitt fyrir Jesú frá Nasaret að hann hafi verið skapstór og jafnvel svolítið brogaður. Og skemmtilegast er að maður þarf ekki annað en líta í sjálf guðspjöllin til að sjá að Jesú frá Nasaret var kannski guð en heilagur maður var hann ekki.







**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 8. nóvember eða meðan birgðir endast



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Tómasar Grétars Ólasonar**
verktaka,
Borgarholtsbraut 73,
Kópavogi,

sem var jarðsettur frá Hvalsneskirkju þann 17. október síðastliðinn. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir frábæra umönnun, vinsemd og hlýhug í gegnum árin.

**Margrét Tómasdóttir** **Matthías G. Pétursson**
**Anna Guðrún Tómasdóttir** **Matthías Kjartansson**
**Guðlaug Þóra Tómasdóttir** **Daníel Þór Ólason**
**Magnea Tómasdóttir** **Pétur Gauti Valgeirsson**
**afabörn og langafastrákarnir.**



✝

Elsku fallegi engillinn okkar,

**Jenný Lilja Gunnarsdóttir**
Ásakór 5,Kópavogi,

lést af slysförum
24. október síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Til minningar um Jenný Lilju hefur fjölskyldan stofnað minningarsjóð sem mun verða nýttur til að styrkja þá viðbragðsaðila sem komu að slysinu. 0101-15-381975, kt. 210383-3879.

**Gunnar Lúðvík Gunnarsson** **Rebekka Ingadóttir**
**Júlía Klara og Dagmar Lilja**
**Ingi Örn Geirsson** **Soffía S. Sigurðardóttir**
**Gunnar L. Björnsson.**



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Margrét Sigurjónsdóttir**
Hríseyjargötu 17, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 4. nóvember.

**Sigríður Jóna Þorvaldsdóttir** **Eyjólfur Einarsson**
**Sigurjón Þorvaldsson** **Daníela Guðmundsdóttir**
**Ellen Margrét Þorvaldsdóttir** **Ármann Þórir Björnsson**
**og ömmubörnin.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Sigurður Bjarnason**
frá Hlemmiskeiði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 4. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhann Stefánsson**
**Bjarni Sigurðsson** **Hanna Björk Hálfdánardóttir**
**Björn Sigurðsson** **Jóhanna Björk Helgadóttir**
**Yngvi Sigurðsson** **Sigríður Bergsdóttir**
**Þráinn Sigurðsson** **Ingibjörg M. Guðmundsdóttir**
**og afabörn.**

*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

MEÐ VIRÐINGU
OG KÆRLEIK Í 66 ÁR

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
www.útför.is





**Eygló brá sér suður yfir heiðar í gær til að geta tekið þátt í stuðinu hér syðra í dag. Ljósmyndarinn tók á móti henni á flugvellinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Höfum lagað starfsemina að okkar aðstæðum

## Konur í samtökunum Delta Kappa Gamma gleðjast í dag yfir 40 ára afmæli félagsskaparins á Íslandi. Þær geta líka fagnað því að eiga fjölmennasta landssambandið í Evrópu.

Delta Kappa Gamma eru alþjóðleg samtök kvenna í fræðslustörfum og þau voru stofnuð í Texas árið 1929 til að berjast fyrir auknum réttindum kvenna innan menntakerfisins.

„Við hér á Íslandi höfum alltaf lagað starfsemina eftir okkar veruleika og aðstæðum í stað þess að einblína á einhverja uppskrift frá þeim í Ameríku. Þannig uppfyllir félagsskapurinn bæði félagslega og fræðilega þörf kvenna,“ segir Eygló Björnsdóttir forseti íslenska landssambandsins sem heldur upp á það í dag að 40 ár eru frá stofnun fyrstu íslensku deildarinnar. Nú eru félagsmenn 332 á landinu í 12 deildum og tæpur þriðjungur er búinn að skrá sig í afmælisfjörið.

Dagskráin hefst með málþingi í Þjóðarbókhlöðunni þar sem yfirskriftin er Unga nútímakonan. Fjórar kjarnakonur úr ýmsum geirum segja þar frá sýn sinni á framtíðina. Móttaka verður í boði Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra í Tjarnargötunni og síðan hátíðarkvöldverður með skemmtiatriðum í Rúgbrauðsgerðinni. Eygló segir félagskonur borga allt sjálfar, bæði ferðir og annað, þannig að ljóst sé að áhuginn sé fyrir hendi.

> **Það er gaman að segja frá því að í höfuðstöðvunum er mjög mjög litið til íslensku landssamtakanna af því að okkur hefur gengið vel að eflast. Ég hitti alþjóðaforsetann á þingi í sumar og hún sagði að við værum í uppáhaldi!**

Íslensku samtökin eru þau fjölmennustu í Evrópu að sögn Eyglóar. „Svíar voru lengi með vinninginn en nú erum við komnar upp fyrir þá,“ segir hún og tekur fram að íslenskar konur séu tryggar félagsskapnum, þó auðvitað séu þær misjafnlega virkar. En um hvað er talað á fundum?

„Við fáum yfirleitt fyrirlesara eða förum eitthvert til að kynna okkur efni sem tengist fræðslumálum. Á fundum fjöllum við um það sem efst er á baugi, ef nýjar námskrár koma fram förum við yfir þær og sendum jafnvel inn ábendingar meðan þær eru í mótun. Ekkert er okkur óviðkomandi sem tengist skólamálum og fræðslugeiranum í víðum skilningi.“

Spurð hvort mikið sé um að alþjóðasamband Delta Kappa Gamma styrki íslenskar konur svarar Eygló: „Auðvitað styrkir það ekki allar sem sækja um en við eigum ekkert síður möguleika en aðrar. Það er gaman að segja frá því að í höfuðstöðvunum er mjög mjög litið til íslensku landssamtakanna af því að okkur hefur gengið vel að eflast. Ég hitti alþjóðaforsetann á þingi í sumar og hún sagði að við værum í uppáhaldi!“

**gun@frettabladid.is**

### Framtíðarkonurnar

Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, Auður Magndís Auðardóttir, framkvæmdastjóri Samtakanna 78, Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri Auðlindagarðs og formaður Jarðhitafélags Íslands, og Kristín Halla Einarsdóttir kvikmyndaleikstjóri. Slóðin á síðu samtakanna er: http://dkg.muna.is.



✝

Elskuleg móðursystir mín,

**Vilborg Ólafsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 22. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Jóhanna Ottesen**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður míns,

**Jóns Leifs Magnússonar**
frá Akbraut.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Linda Ósk Jónsdóttir**


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
Kjötveisla
Krónunnar er hafin!
38% afsláttur
1399 kr. kg
Verð áður 2280 kr. kg
Danskar lúxus grísakótilettur, úrbeinaðar
22% afsláttur
ÍSLENSKT
1199 kr. kg
Verð áður 1554 kr. kg
Íslenskt grísasnitsel
30% afsláttur
2499 kr. kg
Verð áður 3619 kr. kg
Danskt ungnauta roast beef
15% afsláttur
ÍSLENSKT
699 kr. kg
Verð áður 828 kr. kg
ÍM kjúklingur, heill
20% afsláttur
New York marinering
ÍSLENSKT
3699 kr. kg
Verð áður 4666 kr. kg
Íslenskt lambafile með fiturönd
33% afsláttur
3999 kr. kg
Verð áður 5999 kr. kg
Nýsjálensk ungnautalund
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
2,9 kg
Quality Street
4869 kr. stk.
Quality Street, 2,9 kg
playmobil ADVENT CALENDAR
playmobil Advent Calendar
3499 kr. pk.
Playmobil jóladagatal
VERSLAÐU STÓRT
*FRÍHAFNAR-VERÐ
FYRIR JÓLIN
*Fæst eingöngu í Krónunni Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Elskulegi faðir, tengdafaðir og afi,

**Magnús Fjalldal**

er látinn.

**Aðstandendur**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Birna Þorsteinsdóttir**
Skildinganesi 58, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 2. nóvember sl. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 11. nóvember 2015 kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Gunnar I. Hafsteinsson**
**Sigrún M. Gunnarsdóttir Benedikt S. Magnússon**
**Bergljót Soffía, Inga Birna, Freyja Dís og Lóa Mjöll**



Þökkum af öllu hjarta auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu, vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar og bróður,

**Haraldar R. Gunnarssonar**

**Ragna Ársælsdóttir**
**Þorsteinn Andri Haraldsson Olivia Lohmeyer**
**Inga Björk Haraldsdóttir Sverrir Ólafur Georgsson**
**Ragna Björg Haraldsdóttir**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**Sigurbjörns Sveinssonar**
Brekatúni 18, Akureyri,

sem lést 31. ágúst síðastliðinn.

**Karen, Ívar og Sveinn Sigurbjörnsbörn**
**Sveinn Sigurbjörnsson**
**Svala Haraldsdóttir**
**Una, Þórhildur og Benedikt Sveinsbörn**
**Arna Ívarsdóttir og aðrir aðstandendur.**



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúðarkveðjur vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Jónassonar**
skipasmiðs og verkstjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Sóltúni, hjúkrunarheimili, fyrir þá mannvirðingu, hlýju og umhyggju sem einkennir framkomu þeirra og starf.

**Guðjón Guðmundsson Karen Christensen**
**Margrét Guðmundsdóttir Þórarinn Hjartarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Mín yndislega eiginkona og bestasti besti vinur minn,

**Vilhelmína Nielsen**
Lyngmóum 2, Garðabæ,

varð bráðkvödd á heimili sínu aðfaranótt sunnudagsins 1. nóvember. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðmundur Hallur Jóhannesson**



Helga og Dagbjört Brynja vörðu kvenréttindadeginum 19. júní 2015 saman úti í Hrísey, elduðu rúgbrauðsgraut og nutu þess að kynnast.

# Við megum ekki gleyma þessum gömlu sögum

**Í heimsókn hjá Helgu nefnist ljósmynda- og sögusýning sem opnuð verður í Minjasafninu á Akureyri í dag. Hún fjallar um líf og tilveru hinnar 94 ára Helgu Jónsdóttur í Hrísey.**

„Helga er ömmusystir mín. Hún er alþýðukona sem hefur farið í gegnum lífið af æðruleysi og lífsgleði. Ég tel að saga hennar eigi erindi til okkar allra,“ segir Dagbjört Brynja Harðardóttir myndlistarkona og höfundur sýningarinnar Í heimsókn hjá Helgu sem opnuð verður í Minjasafninu á Akureyri klukkan 14 í dag. Hver skyldi hafa verið kveikjan að henni?

„Ég var svo heppin að alast upp með ömmum mínum báðum, þær voru hluti af lífi mínu. Þær höfðu upplifað tímana tvenna og þegar ég fullorðnaðist sá ég eftir að hafa ekki skráð eitthvað niður eftir þeim. Það vakti mig til umhugsunar um hversu mikilvægt væri að við héldum sögum til haga.“

Þegar kosningaafmæli kvenna nálgaðist í sumar varð Dagbjörtu Brynju hugsað til Helgu frænku sinnar í Syðstabæ í Hrísey, sem er 94 ára. Hún ákvað að fagna 19. júní með því að heimsækja hana.

> **Ég var svo heppin að alast upp með ömmum mínum báðum, þær voru hluti af lífi mínu.**

„Ég brá mér með ferjunni til Hríseyjar og varði kvenréttindadeginum með Helgu. Við töluðum saman í marga klukkutíma, ég tók allt upp og myndaði líka en vissi ekkert á þeirri stundu hvað ég ætlaðist fyrir með efnið. Aðalatriðið var að fá að heyra sögu þessarar frænku minnar og fræðast í leiðinni um æsku föðurömmu minnar. Við Helga áttum frábæran dag, veðrið var eins og best varð á kosið, það var eldaður rúgbrauðsgrautur og hamingjuóskum rigndi yfir okkur í tilefni dagsins. Við Helga kynntumst heilmikið. Samtalið byrjaði svolítið þvingað en svo losnaði um allt slíkt og hún lýsti sínu daglega lífi gegnum árin og upplifunum sem voru ekkert endilega allar skemmtilegar.“

Með sýningunni í Minjasafninu kveðst Dagbjört Brynja vilja heiðra baráttu kvenna fyrir samfélagsréttindum. „Mér finnst ég hafa ákveðna skyldu til að nýta þau tækifæri sem konur fyrri kynslóða börðust fyrir og við nútímakonur njótum og ég vil ég sýna ömmum mínum og öðrum konum af þeirra kynslóð heiður og þökk. Helga er góður fulltrúi þeirra, hún er þvílík hvunndagshetja að það hálfa væri nóg. Mér finnst líka frábært að geta vottað henni virðingu meðan hún er enn á lífi. Þó hennar sögur hafi sumar gerst fyrir mörgum áratugum þá er svo ótrúlega stutt síðan og við megum ekki gleyma þessum sögum.“ **gun@frettabladid.is**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jóhannesdóttir Michelsen**

andaðist 4. nóvember á Hrafnistu í Reykjavík.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Anna Sigrún og Jóhanna Björnsdætur**



Okkar ástkæri,

**Steingrímur Bjarni Björnsson**

lést þann 24. október síðastliðinn og hefur útförin farið fram í kyrrþey.

**Ragnhildur Björgvinsdóttir,**
**börn hins látna og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jóhann Sigurðsson**
rafvélavirki,
Akurgerði 40, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. nóvember. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 10. nóvember kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Landspítalans.

**Margrét Valdimarsdóttir**
**Einar Jóhannsson Sigrún Jónsdóttir**
**Hekla Jóhannsdóttir Ágúst Sigurmundsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.


LG
Life's Good
ULTRA HD
HÁSKERPU
SJÓNVÖRP
1500Hz PMI
TILBOÐ
49"
199.990
FULLT VERÐ 249.990
TILBOÐ
55"
239.990
FULLT VERÐ 299.990
TILBOÐ
65"
369.990
FULLT VERÐ 499.990
IPS
LED
4K
ULTRA HD
4K
Upscaler
True Black
Control
1500Hz PMI
DVB T2
TRIPLE XD
LG Cloud
webOS 2.0
LG 49/55/65UF800
Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1500Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Triple XD Engine / Ultra Clarity Index. ULTRA Luminance / Tru Black Control.
Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn netvafri. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. apt-X Bluetooth. Sound Sync Wireless. 4K HEVC þjöppun.
Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB 2.0 og USB 3.0. 3 x HDMI tengi. App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur. Magic Remote fjarstýring fylgir.
Sound Designed by
harman/kardon
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS
LG
Life's Good

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Sýður niður tár af hungurgoggi (11)
**11** Æ mun ástvin gleðin gera þakknæman (10)
**12** Neysluhæf fyrir tudda smárra spræna? En það fjölskyldudrama (11)
**13** Döndull er byrði bjargfugla (10)
**14** Þú ert sú eina sem spreðar á Steina (7)
**15** Sérðu afkomanda afkomendanna? (14)
**17** Rym lengi því ringlaðir muna fátt (8)
**18** Svefnleysið er svipað og yfirsetan hjá hinum dauðu (8)
**23** Svartnætti tilverunnar og djammsins (12)
**29** Hvað skal gera með jarðneskar leifar sorptæknis? (9)
**30** Sakna mansöngva um þá sem brennur af þrá (8)
**31** Grískir stafir sveimuðu með vargi (7)
**33** Þetta fell gæti samt verið órofið (8)
**34** Varanleiki krana ræðst af því hve langt hann nær (9)
**38** Í þessum erindum segir frá suðrænum (6)
**39** Vitið ver allt í þennan Netmiðil (8)
**41** Nota deiga pála til að rekja vefi (9)
**43** Hugarfar fyrir hinar vísar til þeirrar sem búið er að vökva (7)
**45** Af stílum og götóttum vettlingum (8)
**46** Einn titt fyrir hvern Nonna (5)
**47** Bíð hátíðar ljóss og lestrar (8)
**48** Endalaust snatt og snúðar (9)
**49** Skulda þér ekkert eftir þessa kjaftasögu (5)
**50** Meinarðu peningadútl eða sparigrís? (8)

**LÓÐRÉTT**

**1** Tel eyrnahlíf góða fyrir þau soðnu en þau steiktu standa fyrir sínu (9)
**2** Lífsglatt hérað heldur uppi skemmtilegri tónlistargrúppu (9)
**3** Ýmir, sá argi melur, var fyrstur jötna og þeirra ruglaðastur (9)
**4** Lést þá samborgari minn þar sem hann var að slæpast (7)
**5** Vínið varð innkulsa í ísskápnum (6)
**6** Eftir slíkan flýti tel ég mig óbundinn og frían við stress (9)
**7** Útbía bolla einn mikinn kenndan við purkur (8)
**8** Þríf upp og skil frá (8)
**9** Spotta nef við hólaröð (8)
**10** Óhljóð andfugla (8)
**16** Á mér drauma um heila eilífð framundan (10)
**19** Stutt í raup og gort ef við vælum svona (6)
**20** Árvakur sér bæði gat og gæru (6)
**21** Hin kyrjandi sveit og skútinn góði (6)
**22** Skynja ungs manns ákafa um leið og varan selst (6)
**24** Flippaði Flæminginn hittir fjörkálfinn (12)
**25** Siglingunni má lýsa sem reisu inn á við í öruggu skjóli (12)
**26** Þekki þessa tírutegund, hún er björt (7)
**27** Kíki í vík inn af vík? (8)
**28** Vil ekki slúður um uppskáldað fóstur (8)
**32** Fangar þar sem fingur enda (5)
**35** Nær vesturbrúninni (4)
**36** Æsir Persa með léttu rugli (5)
**37** Set hyggju framar hroka að vild (8)
**40** Er Luigi fimmtugur ruglaður Rómverji og meistari flækjusögunnar? (6)
**42** Frostskemmdir ofna verða þegar heita vatnið fer allt í að hreinsa skinn (6)
**43** Leir frá Búrma getur villst af leið (5)
**44** Klassískar umbúðir um klassískt steikhús (5)
**46** Nei, ég sagði ekki takk, heldur hyski! (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**SKARTGRIPASKRÍN**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Þúsund og einn hnífur** eftir **Hassan Blasim** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét Ísdal, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist starfsheiti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „7. nóvember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.






# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Sjaldgæf samlega

4-3 samlega getur verið góð ef öll háspilin eru fyrir hendi. Það getur verið erfitt að ná þeirri samlegu í sögnum. Gunnlaugur Karlsson er einn þeirra sem fer ekki sömu leiðir og flestir aðrir bridgespilarar. Honum tókst að finna þessa sjaldgæfu samlegu í ágætum sögnum. Spilið kom fyrir í sveitakeppnisleik í Frakklandi. Á öðru borðanna enduðu Stefán Stefánsson og Guðjón Sigurjónsson í 6 gröndum á AV hendurnar og bjuggust alveg eins við því að græða á spilinu, því hjartaútspil kom ekki og þá einfalt að búa til tólfta slaginn á fimmta spaðann. Á hinu borðinu sátu Gunnlaugur og undirritaður í AV:

| Vestur | Norður | Austur | Suður |
|---|---|---|---|
| 1 hjarta | pass | 2 lauf* | pass |
| 2 tíglar* | pass | 2 hjörtu* | pass |
| 3 lauf | pass | 3 tíglar* | pass |
| 4 tíglar* | pass | 7 tíglar | p/h |

**Norður**
♠ 854
♥ 873
♦ 1053
♣ 9652

**Vestur**
♠ D
♥ ÁG1052
♦ K75
♣ KD84

**Austur**
♠ ÁK632
♥ 4
♦ ÁDG2
♣ Á103

**Suður**
♠ G987
♥ KD96
♦ 984
♣ G7

Tvö lauf hjá Gunnlaugi var óskilgreind geimkrafa, tveir tíglar sýndu 15 eða fleiri punkta. Tvö hjörtu var frekari spurning og 3 lauf sýndu lauflit. Þrír tíglar var frekari spurning og fjórir tíglar sýndu 1534 skiptingu. Gunnlaugur sá að hægt var að trompa spaða á stuttlitinn og lét vaða í sjö. Þeir voru einfaldir til vinnings þegar spaðinn lá 4-3 hjá andstöðunni, en til vara var að laufliturinn gæfi fjóra slagi.

## Skák Gunnar Björnsson



Montosis hafði hvítt gegn Timos í Júgóslavíu árið 1990.

**Hvítur á leik**

**1. Hxe6!** Svartur gafst upp þar sem honum eru allar bjargir bannaðar. Það styttist í EM landsliða þar sem 150 stórmeistarar taka þátt.
**www.skak.is** Íslandsmót eldri skákmanna í dag.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 7 | 3 | | | | 5 |
| | 5 | | | 9 | | 6 | | 7 |
| | | | 8 | | | | 2 | 3 |
| | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| | 1 | 4 | | 6 | | 7 | | |
| 2 | 3 | | | 1 | | 4 | | |
| | | | | 8 | | | | |
| 3 | | | 1 | | | | | 4 |
| 1 | 6 | 7 | | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | 8 | | | | 2 | 9 |
| 8 | 9 | | 7 | 1 | | | | |
| | | | | 6 | | 5 | | 8 |
| | | 6 | | | 8 | | 5 | |
| 7 | | 8 | | | | | 6 | 1 |
| 5 | | | | 4 | | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | 4 |
| | | 1 | | | 4 | 9 | | |
| | | | | 5 | | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 2 | | 5 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| 2 | | | | | 5 | | 9 | |
| 5 | | | | | 4 | 1 | | |
| | 1 | 4 | 5 | | 3 | | 2 | |
| 6 | | 9 | | 1 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 8 | | 4 | 6 |
| | | 1 | | | | 9 | | |
| 4 | | | 2 | 6 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 8 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 3 | 2 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 8 | 1 | 7 | 5 | 2 | 6 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 2 | 4 | 5 | 8 |
| 9 | 5 | 2 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 5 |


LEIKJAVIÐBURÐUR ÁRSINS Í TÖLVULISTANUM Á SUÐURLANDSBRAUT !
ÚRSLIT TUDDANS
Í CS:GO & LOL
BRJÁLUÐ ESPORTS TILBOÐ Á RAZER OG MSI BARA Í DAG !
Settu þitt nafn í pottinn!
EINN HEPPINN VINNUR 4GB MSI GTX 970 LEIKJASKJÁKORT !
LEAGUE OF LEGENDS
ÚRSLITALEIKUR HEFST KL. 12:00
"BEST OF THREE"
Eld smiðjan
PIZZUVEISLA KL. 14:00 - 15:00
twitch
TWITCH.TV/GEGTTV
ÚTSENDING HEFST Á GEGTTV KL. 11:30
CS:GO
ÚRSLITALEIKUR HEFST KL. 15:00
"BEST OF THREE"
FYLGSTU MEÐ Á SNAPCHAT
TOLVULISTINN
84"
KOMDU Í PIZZASVEISLU OG FYLGSTU MEÐ Á
84" RISASKJÁ
CHROMA
FULL SPECTRUM GAMING
TUDDINN
tl.is
TÖLVU LISTINN

## Konráð og félagar á ferð og flugi 173

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata jafn ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir,“ sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Hérna eru þrír jafn stórir ferhyrningar, getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði klukkan 30 mínútur yfir fjögur?“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut.“ „Nei,“ sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir.“ „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?“ sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um smá stund. „Allt í lagi,“ sagði hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta.“

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut? Það má aðeins færa tvær eldspýtur til að mynda klukkuna 30 mínútur yfir fjögur. Ekki má brjóta né beygja neina eldspýtu.





Svar: Takið efstu eldspýtuna á fyrsta kassanum og færið hana fyrir neðan hægri eldspýtuna, þá eru þið komin með töluna fjóra. Færið svo eldspýtuna sem er vinstra megin í miðkassanum og setjið hana þvert inn í kassann, þá eru þið komin með töluna þrjá.

## Gátur

**1. Hverju getur þú kastað upp í loftið án þess að það komi niður?**

**2. Hvað er það sem sólin getur ekki skinið á?**

**3. Ég hreyfi mig þeim mun meira sem fleiri gestir koma. Hver er ég?**

**4. Hver er það sem sér sólina, en aldrei sumarið?**

**5. Manneskja kom til okkar og var þar um kyrrt. Hún kom hvorki inn um dyrnar, né í gegnum glugga. Hver er það?**

**SVÖR:**
1. Lifandi fuglum. 2. Skugginn 3. Hurðin 4. Ísinn
5. Lítið systkini sem fæðist heima.






Brynhildur Fía, Vala Ruther, Óðinn Breki Árnason og Þórey Hrund Jónsdóttir una sér vel í heimsókn hjá litla skrímslinu og stóra skrímslinu í Gerðubergi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gaman að ganga inn í heim skrímslanna

**Brynhildur Fía Jónsdóttir** var á sýningunni Skrímslin bjóða heim í Gerðubergi og fór þar í mjög draugalegt hús.

**Hvað ertu gömul, Brynhildur Fía, og í hvaða skóla ertu?** Ég er átta ára og er í Hlíðaskóla.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að leika við vinkonur mínar í alls konar leikjum og best er ef það eru dýraleikir. Mér finnst gaman að teikna, í heimilisfræði og svo er ég að æfa dans. En allra skemmtilegast var að fara á reiðnámskeið í sumar.

**Förstu í eitthvert ferðalag?** Já, ég fór með mömmu, pabba og litlu systur sem heitir Þórey í sumarbústað í Aðaldal. Við skoðuðum Dimmuborgir, Námaskarð, Víti, Ásbyrgi og fleira. En skemmtilegast var að hitta vini mína á Húsavík og leika með þeim.

**Hvaða tónlist finnst þér best?** Mér finnst Ariana Grande frábær söngkona. Næst á eftir er Katy Perry.

**En tölvuleikur?** Allir stelputölvuleikir sem eru inni á girlgames.com eru í uppáhaldi því þar getur maður til dæmis bakað og líka snyrt og málað persónurnar.

**Lest þú bækur þér til skemmtunar?** Ég las Huldu Völu dýravin í sumar og núna er ég að lesa Fíusól, þær eru báðar fínar. Bækurnar um Skyggni einhyrning sem mamma og pabbi lásu fyrir mig þegar ég var yngri eru líka alltaf uppáhalds og þegar ég var lítil dýrkaði ég líka bækurnar um litla skrímslið og stóra skrímslið, við lásum þær svo mikið að ein datt alveg í sundur og mamma þurfti að kaupa nýja. Núna les ég þær stundum fyrir litlu systur mína á kvöldin.

Ég var því spennt að koma á sýninguna í Gerðubergi og ganga inn í heim skrímslanna, kíkja inn til stóra skrímslisins og heimsækja litla, fara um skrímslaskóginn og inn í MJÖG draugalegt hús.

Maður getur lært margt af skrímslunum og svo eru þau líka skemmtileg og fyndin.

## Fyrsta konan í heiminum sem fékk Nóbelinn

Sú kona sem fann upp orðið geislavirkni hét Marie Sklodowska Curie. Það var þó ekki þess vegna sem hún fékk Nóbelsverðlaun fyrst kvenna en það var í eðlisfræði árið 1903 og hún hlaut þau ásamt manni sínum, Pierre Curie. Þau höfðu uppgötvað að frumefnið radín gæti komið að gagni við að vinna á æxlum. Árið 1911 fékk Marie aftur Nóbelsverðlaun, nú í efnafræði er henni hafði tekist að einangra hreint sýnishorn radíns.



Marie Curie við rannsóknarstörf sín í vinnuskúrnum sem hún hafði til afnota.

Marie fæddist í Varsjá árið 1867. Þá laut Pólland stjórn Rússa og konum var ekki leyft að afla sér æðri menntunar. Hún hjálpaði systur sinni að komast til Parísar í læknisnám og flutti þangað síðan sjálf til að leggja stund á stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Þar giftist hún starfsbróður sínum, Pierre Curie, en hann varð undir hestvagni og lést á besta aldri. Marie þáði prófessorsstöðu hans við Parísarháskóla og var fyrst kvenna til að gegna því embætti.

Heimild: Vísindabókin – Mál og menning 2015.



netto
DANSKIR DAGAR
25% AFSLÁTTUR
FERSKT LAMBA PRIME
VERÐ ÁÐUR
3.998 KR/KG
2.999 KR KG
KJÖTSEL
39% AFSLÁTTUR
HAMBORGARHRYGGUR
VERÐ ÁÐUR
1.798 KR/KG
1.097
KJÚKLINGABRINGUR
Í DANSKRI PIPARMARINERINGU
VERÐ ÁÐUR
2.384 KR/KG
2.098 KR KG
KJÖTSEL
PURUSTEIK
VERÐ ÁÐUR
1.798 KR/KG
1.079 KR KG
40% AFSLÁTTUR
Danpo
mad med glæde
KJÚKLINGANAGGAR
1 KG
1.698 KR PK
KJÚKLINGABORGARAR
1 KG
2.298 KR PK
KJÚKLINGALÆRI
M/BEINI
1.249 KR PK
KJÚKLINGAPOPP
1.798 KR PK
Dansk Smørrebrød
SMURBRAUÐ 2 STK
898 KR PK
10% AFSLÁTTUR
KIMS SNAKK
JOLLY COLA
33 CL
99 KR STK
Tilboðin gilda 5. – 15. nóvember 2015
netto.is | Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag er útlit fyrir suðvestanstrekkingsvind með rigningu eða jafnvel slyddu öðru hvoru, en skúrum fyrir austan. Hiti 2 til 7 stig.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 14° | Oslo 11° | Stokkhólmur 11° | Gautaborg 11° | Helsinki 7° | Þórshöfn 9° | Nuuk -14° |
| London 17° | Amsterdam 18° | París 18° | Berlín 18° | Madríd 20° | Brussel 19° | Róm 20° |
| Boston 14° | New York 15° | Orlando 20° | Moskva 0° | Singapúr 27° | Tókýó 15° | Sydney 16° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **03.48** | **09.56** |
| 3,17m | 1,10m |
| **15.59** | **22.16** |
| 3,28m | 0,93m |
| **Akureyri** | |
| **07.53** | **01.24** |
| 1,24m | 0,53m |
| **20.03** | **14.06** |
| 1,18m | 0,59m |
| **Ísafjörður** | |
| **05.56** | **11.56** |
| 1,76m | 0,69m |
| **17.50** | **00.22** |
| 1,85m | 0,57m |

### Tunglstaða



Vaxandi

21%

Sólarupprás:

09.28

Sólarlag:

16.52

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↗6 | 3° ←8 | 4° ↖9 | 4° ←10 | 2° ←6 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ↗4 | 1° ↑3 | 0° ↖4 | -1° ↖3 | -2° ↗4 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↘5 | 2° ↗1 | 1° ↑3 | -0° ↗3 | -3° ↗5 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑7 | 1° ↑2 | 1° ↖3 | 1° ↑3 | -1° ↑3 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° →3 | 2° ↓4 | 2° ↙5 | 4° ←7 | 1° ↓5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HAPPY HOUR!




**Allir sem kaupa VÍN fá BJÓR frítt með!**

**VÍN - umhverfis jörðina**
**á 110 flöskum**
**Verð: 6.999.-**

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

**BJÓR - umhverfis jörðina**
**á 120 tegundum**
**Verð ef þú kaupir VÍN: ÓKEYPIS MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!**
**Verð: 4.499.-**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. BJÓR fylgir með kaupum á VÍN 7. nóvember, til og með 8. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Stórbrotinn og ástríðukenndur

**TÓNLIST**
John Grant kom fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt rytmasveit. **Stjórnandi** Christopher George.

★★★★☆



„Tónlist Grants var falleg. Laglínurnar voru einlægar og blátt áfram og þær komu greinilega frá hjartanu,“ segir í dómnum.

MYND/ALEXANDER MATUKNO

Ég var einu sinni á rokkfestivali í Belgíu þar sem Marilyn Manson kom fram. Þegar hann steig fram á sviðið var leikin byrjunin úr hæga kaflanum í Es-dúr tríóinu eftir Schubert. Af hverju var ekki ljóst. Þetta er „íkonísk“ tónlist, hún hefur heyrst í mörgum bíómyndum, t.d. í vampírumyndinni Hunger. Manson hefur gefið sig út fyrir að vera djöfladýrkandi, svo kannski var það tengingin.

Ekki er heldur á hreinu hvers vegna John Grant notaði prelúdíu í cís-moll opus 3 nr. 2 eftir Rakmanínoff sem inngang að einu laginu sínu. Hann kom fram með rytmasveit og Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldið á Airwaves. Rétt eins og með Schubert þá er prelúdían mjög þekkt. Hún er drungaleg, jafnvel spúkí. Þetta er einhver þunglyndislegasta tónlist sem er til.

En drunginn var í skemmtilegri mótsögn við teknókenndan hamaganginn sem tók við. Fram að þessu höfðu tónleikarnir verið býsna rólegir, en nú kvað við annan tón. Þetta var líflegur gerningur. Teknóið var grípandi og tilfinningastigið magnaðist upp úr öllu valdi með aðkomu sinfóníuhljómsveitarinnar.

Tónlist Grants var falleg. Laglínurnar voru einlægar og blátt áfram, þær komu greinilega frá hjartanu. Ýmislegt í textanum var nokkuð groddalegt, og það var í sérkennilegri andstöðu við hjartnæmar melódíurnar, sem voru allsráðandi á undan Rakmanínoff. En að öðru leyti voru lögin fremur hefðbundin, það var ekkert frumlegt eða óvanalegt við þau.

Það sem „gerði“ tónleikana var hversu vel tónlistin var flutt. Mjúk baritonrödd Grants var ákaflega fögur, og hún var alltaf tandurhrein. Rytmasveitin var líka pottþétt, og leikur Sinfóníunnar var stórbrotinn. Útsetningarnar voru hóflegar, aðallega liggjandi hljómar sem juku á ástríðukennda stemninguna. Sumt minnti jafnvel á kvikmyndatónlist John Barry heitins. Það var eitthvað mjög sjarmerandi við það allt. Grant sjálfur, sem hefur búið á Íslandi í nokkrun tíma, virðist vera viðkunnanlegur náungi. Hann er HIV-smitaður og hefur háð baráttu við Bakkus og haft betur. Það er eitthvað brothætt og mannlegt við hann sem gerir bæði hann og tónlist hans aðlaðandi. Viðtökurnar á tónleikunum í Eldborg voru í samræmi við það. Fólk bókstaflega æpti af hrifningu og undirritaður var þar á meðal. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA** Stórgóðir tónleikar Johns Grant og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tónlistin var heillandi, flutningurinn framúrskarandi.


**Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016**

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016**.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: **„Bæjarlistamaður 2016“** eða á netfangið *soffia.karlsdottir@seltjarnarnes.is* **fyrir 25. nóvember**.

Menningarnefnd Seltjarnarness

www.seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR


# Kókaínsmygl og lesbíuleyndarmál

**BÆKUR**

**Gildran**

★★★☆☆

**Höfundur** Lilja Sigurðardóttir
**JPV**
**Oddi**
**Kápuhönnun** Halla Sigga K
**344 bls.**




Íslenskir spennusagnahöfundar hafa notið töluverðrar velgengni á erlendri grund undanfarin ár og þessi velgengni hefur orðið til þess að fleiri og fleiri rithöfundar hafa árætt að leggja fyrir sig spennusagnaskrif sem þóttu varla teljast til alvöru ritstarfa hérlendis lengi framanaf. Þeir og þær hafa fengið tækifæri til að þjálfa sig í þessari listgrein sem er ansi harður húsbóndi þar sem kröfuharðir lesendur krefjast að minnsta kosti einnar bókar á ári og gamalla og gróinna hugmynda í stöðugt nýjum búningum.

Lilja Sigurðardóttir er einn þeirra íslensku höfunda sem hefur fengið útgáfusamninga við erlend fyrirtæki en þriðja bók hennar, Gildran, kom út á dögunum. Sagan gerist eldgosaveturinn 2010-2011 og fjallar um Sonju, sem eftir erfiðan skilnað stendur uppi eignalaus og án forræðis yfir syni sínum. Hún skuldar stórfé sem aðeins býðst að greiða á einn veg: með því að smygla kókaíni til landsins. Hún lítur á þessa iðju sem neyðarúrræði rétt á meðan hún kemur undir sig fótunum en smyglhringurinn sem hefur leitt hana í þessa gildru hefur annað í huga. Inn í þessa sögu fléttast svo ástarsamband Sonju við bankakonuna Öglu, sem milli stormasamra ástarfunda situr í yfirheyrslum hjá sérstökum saksóknara, og saga tollvarðarins Braga sem þrjóskast við að fara á eftirlaun þar sem konan hans er komin á elliheimili og hann hefur að engu að hverfa þegar hann kemur heim.

Sagan er spennandi og söguþráðurinn vel ofinn, persónusköpun er skýr og vel tekst að byggja upp og halda spennu. Einkalíf persóna er oft miðlægt í glæpasögum og í þessu tilfelli er skemmtileg tilbreyting að fá að skyggnast inn í ástarsamband lesbískra elskenda, einkum þar sem önnur er hikandi við að gangast við tilfinningum sínum og er því sífellt að biðja hina um að segja sér „lesbíuleyndarmál“ sem eru ýmist fyndnar klisjur eða staðreyndir sem ýmist koma þeirri forvitnu á óvart eða setja hana úr jafnvægi.

Helsti galli bókarinnar (og það má vissulega deila um hvort það er galli) er að hún klárast ekki alveg eins og formúlan segir til um. Lesandinn býr sig undir að allir þræðir sögunnar komi saman í lokin þar sem lausn á einu vandamáli hrindir af stað keðjuverkun sem leysir öll hin eins og á vanda til að gerast í glæpasögum af því tagi þar sem sjónarhornið er ekki hjá lögreglunni (það er ein lögga nafngreind í sögunni og hún kemur tvisvar við sögu í stutta stund) heldur hjá glæpamanninum sem hefur samúð lesandans óskipta. Endirinn er að mörgu leyti ófullnægjandi og þræðirnir koma ekki saman eins og á þann hátt sem lesandinn óskar sér. Í sögu þar sem ótrúlegar en vissulega haganlega fléttaðar tilviljanir ráða stundum framvindunni er næstum eins og ekki hafi gefist nægur tími til að ganga frá lausum endum og hnýta þá saman. En svo má aftur hrósa höfundi fyrir að leika sér með hefðina og láta ekki kröfur fastsetts forms og ímyndaðra lesenda stjórna sköpun sinni og skrifum.

Og þetta truflar auðvitað ekki ánægjuna af því að lesa góða glæpasögu. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA** Skemmtileg og spennandi glæpasaga og endirinn kemur á óvart.

„En þrátt fyrir að fræðilegum kröfum sé fylgt hefur höfundurinn einsett sér að skrifa sögu sem er læsileg, forvitnileg, og ennfremur spennandi, og það tekst honum vel …“
EFI/MORGUNBLAÐIÐ (UM SNORRA)

# Skemmtilegasta ævisaga ársins






*Eldheitar hugsjónir, leiftrandi framkvæmdagleði, óbilandi áhugi á pólitík og þjóðlegri menningu*

*Óskar Guðmundsson skráði*

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Afrakstur af starfsemi síðustu ára í Hafnarborg

**Sýning sem nefnist Á eintali við tilveruna verður opnuð í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag. Þar eru verk Eiríks Smith frá 1983 til 2008, unnin bæði með vatnslitum og olíulitum. Einnig kemur út bók um feril hans.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Eiríkur Smith listmálari varð níræður á árinu. Hann tók þá ákvörðun að leggja penslana á hilluna árið 2008, í kjölfar veikinda en eftir hann liggur gríðarlegur fjöldi verka og rúmlega 400 þeirra eru varðveitt í Hafnarborg, menningar-og listamiðstöð Hafnarfjarðar.

„Ég var fyrst í landslagsmálun, fór svo yfir í abstrakt en sótti í landslagið aftur,“ sagði hann á níræðisafmælinu í ágúst. Sýningin Á eintali við tilveruna sem opnuð er í dag klukkan 15 er samsett úr myndum Eiríks frá tímabilinu 1983 til 2008 og er lokasýningin í fimm sýninga röð. Ólöf Sigurðardóttir sýningarstjóri segir þá röð hafa verið vissan kjarna í starfsemi Hafnarborgar frá árinu 2010.

„Ég hef ánægju af að fá að fylgja þessu verkefni úr hlaði og ekki síður bókinni sem Hafnarborg gefur út í dag um hann Eirík,“ segir hún og lýsir bókinni nánar.

„Þetta er 200 síðna bók og henni er skipt upp í kafla eftir sýningunum fimm og myndefnið tengist þeim eins og þeim var raðað upp. Textar um hvert tímabil fyrir sig eru eftir mig og einnig er grein eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing. Síðan er æviágrip Eiríks sem starfaði að list sinni allan seinni hluta 20. aldar og fram á þá 21. Æviágripið er unnið af tveimur ungum listfræðingum, Aldísi Arnardóttur og Heiðari Kára Rannverssyni, og er jafnframt skemmtilegt innlit í íslenska listasögu því auk þess að lýsa ævi Eiríks kemur fram hverjir voru með honum í skóla, með hverjum hann var að sýna og svo framvegis.“

Á morgun, sunnudag, klukkan 15 verður boðið upp á sýningarstjóraspjall í Hafnarborg í tengslum við sýninguna.


Eiríkur á langan feril að baki og breytti um stíl í takt við tíðarandann. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRGISSON


„Ég er afar ánægð að fá að fylgja þessu verkefni úr hlaði,“ segir Ólöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÆVIÁGRIPIÐ ER UNNIÐ AF TVEIMUR UNGUM LISTFRÆÐINGUM, ALDÍSI ARNARDÓTTUR OG HEIÐARI KÁRA RANNVERSSYNI, OG ER JAFNFRAMT SKEMMTILEGT INNLIT Í ÍSLENSKA LISTASÖGU.**

Ólöf K. Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Íslands




# Fantagóð fantasía fyrir krakka

**BÆKUR**

**Mórún – í skugga skrattakolls**

**Höfundur Davíð Þór Jónsson**
Mynd á kápu **Ingi Jensson**
194 bls.
Útgefandi **Kaldá**
Prentun Ísafoldarprentsmiðja

★★★★☆




Undanfarin ár hefur komið út hafsjór af fantasíubókmenntum og hefur Ísland ekki farið varhluta af því flóði. Þetta sagnaform hefur sótt þvílíkt í sig veðrið, samfara ýmiss konar hlutverkaleikjum, að krakkar eru almennt töluvert betur að sér um drýsla og hrímþursa en eðlilegt getur talist.

Þessar fantasíur eru misgóðar. Undirrituð er alltaf dálítið efins þegar hún hefur lestur, því þótt söguþráður geti verið spennandi er oft eins og innihaldið vanti og bókin skilur lítið eftir sig. Þetta á þó ekki við um nýjustu bók Davíðs Þórs Jónssonar, sem ber titilinn Mórún í skugga Skrattakolls.

Sagan segir frá álfinum Mórúnu og baráttu hennar við ill öfl í Sviðnadal. Hætta er á að drekaegg sem komið var fyrir á botni vatns í dalnum klekist út, ef einhver huguð hetja skerst ekki í leikinn. Innbyggð forsaga er viðloðandi allan tímann, heimurinn er særður eftir stríðsátök og persónurnar eru að jafna sig og byggja traust hver til annarrar. Þessi hliðarsaga er áhugaverð og vel unnin.

Nokkrum hlutum er nauðsynlegt að hæla. Byrjum á því allra mikilvægasta: Kynjahlutverk, -hlutföll og persónusköpun. Sagan myndi standast Bechdel-prófið með sóma, enda flestar persónurnar kvenkyns. Þær eiga það allar sameiginlegt að vera miklir naglar. Stundum er eins og höfundur leiki sér að því að snúa kynjahlutverkum á hvolf, ef miðað er við „dæmigerðar“ sögur. Karlmönnum er hér oftar en ekki lýst af útlitinu – og þá gjarnan lagt mat á fegurð þeirra – en lítið talað um útlit kvenpersóna. Aðalpersónan Mórún er óforskömmuð, framhleypin og virðist ekki óttast neitt.

Textinn einkennist fyrst og fremst af auðugu málfari og frjóum orðaforða. Þess utan er leiftrandi fyndni gegnumgangandi. Ljóst er að höfundur er vel að sér í bragfræði, því galdraþulur eru ortar undir formlegum háttum og til dæmis má finna fimlega ort dróttkvæði á síðum bókarinnar.

Höfundur veltir vöngum um stjórnmál, ber saman lýðræði og einræði, skoðar kosti þess og galla. Fer jafnvel út í samanburð á kapítalisma og sósíalisma, ef vel er að gáð. Samtöl eru vönduð og lesandinn sveiflast stöðugt á milli þess að vera sammála hinum og þessum – allir virðast hafa eitthvað til síns máls.

Sagan er bæði skemmtileg og spennandi og að lestri loknum má vænta að lesendur bíði í ofvæni eftir að lesa meira um töffaraálfinn Mórúnu. **Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og spennandi fantasía þar sem sérstaklega er vandað til verka á sviði persónusköpunar, kynjahlutfalla og málfars.

**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

HARPA

# Svanavatnið

## *St. Petersburg Festival Ballet ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



*Eldborg*

**14. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

**15. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

**www.harpa.is/svanavatnid**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARçSBêî | SÞhingart'mar |
|---|---|
| SPECTRE | 2, 5, 6, 8, 9, 11(P) |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5 |
| CRIMSON PEAK | 10:30 |
| SICARIO | 8 |
| HOTEL TRANSYLVANIA 2 | 2, 4 |
| PAN 2D | 2 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE VIP | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:30 - 5:40 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 3 - 5:30 |
| LEGEND | KL. 10:30 |
| BLACK MASS | KL. 8 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 1:30 - 3:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| SPECTRE | KL. 1:40 - 4:50 - 6:50 - 8 - 10 - 11:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 3 - 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 1:50 - 4:20 |
| THE INTERN | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. (1:30 (SUN)) - 3 - 4:30 - 6 - 7:30 - 9:15 - 10:35 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. (1 (SUN)) - 3 - 5:30 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. (1 (SUN)) - 3:20 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| SPECTRE | KL. 4:50 - 8 - 11:10 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 3 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 2D | KL. 3 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 - 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 2:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 3 - 5:30 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is



Góða skemmtun í bíó

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar




TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS




SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT




FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
MIÐASALA
smarabio.is
emidi.is
midi.is
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur Sunnudagur


Dönsk sögustund í Norræna húsinu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 7 NÓVEMBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Utandagskrá Iceland Airwaves
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Víðsvegar um borgina
Fjölbreytt off-venue dagskrá í tilefni af tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves er í boði víðsvegar um borgina í dag og á morgun. Dagskrána er hægt að kynna sér á vefsíðunni icelandairwaves.is.

**Hvað?** Sniglabandið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Hljómsveitin heldur upp á þrjátíu ára afmæli á árinu og spilar á tónleikum á Græna hattinum í kvöld. Farið verður yfir tónlistarsögu hljómsveitarinnar og nýtt efni kynnt. Miðaverð er 3.000 krónur.

**Hvað?** Pallaball
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Höllin, Vestmannaeyjum
Páll Óskar efnir til Pallaballs í Vestmannaeyjum í kvöld.

### Markaðir

**Hvað?** Háskólaport 2015
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg
Flóamarkaður á Háskólatorgi þar sem nemendum háskólans gefst færi á að selja gersemar og leyfa öðrum að njóta góðs af.

### Uppákomur

**Hvað?** Rabarbari, karlmennska og dvergar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Menningarhús Gerðubergi
Auður Ava Ólafsdóttir situr fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins er Guðni Tómasson og spyrlar eru Auður Aðalsteinsdóttir og Hallgrímur Helgason. Hljómsveitin Milkywhale flytur tónlist við texta eftir Auði Övu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

## 8. NÓVEMBER 2015

### Fyrir börn

**Hvað?** Dönsk sögustund
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hlustað verður á söguna Pigen der fik rigtig mange søskende eftir Kim Fupz Aakeson og horft á stutta mynd um hvernig það er að flytja. Að sögustund lokinni geta foreldrar og börn heimsótt sýninguna um Línu Langsokk.



### Uppákomur

**Hvað?** Minningarstund
**Hvenær?** 10.45
**Hvar?** Fossvogskirkjugarður
Breska sendiráðið boðar til minningarstundar við hermannagrafreitinn í Fossvogskirkjugarði. Eftir athöfnina verður haldin önnur minningarstund við þýska hermannagrafreitinn. Allir velkomnir.

**Hvað?** Bókmenntaspjall - Davíðsljóð
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt
Valgerður H. Bjarnadóttir leiðir gesti í ferð um líf og ljóð Davíðs Stefánssonar. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Viltu vita meira um geiminn?
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Fjölskyldudagskrá í tengslum við sýninguna Geimþrá. Umsjónarmaður stjörnuversins, Frímann Kjerúlf Björnsson, segir gestum frá hinum ýmsu fyrirbærum geimsins. Aðgangseyrir á sýninguna er kr. 1.400, ókeypis fyrir gesti 18 ára og yngri og Menningarkortshafa.

Páll Óskar verður með Pallaball í Vestmannaeyjum í kvöld.





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum .......... 18:00
Hvað er svona merkilegt við það?(kitchen sink revolution) ..... 18:00
The show of shows .......... 20:00
